

allt

LEÓPOLD KRISTJÁNSSON

*Með nýtilkomna skódellu*

Tíska Heilsa Heimili

Í MIÐJU BLAÐSINS

GUÐMUNDUR INGI ÞORVALDSSON

*Á alltaf sultur í ísskápnum*

Heimsækir ísbúðina á Hagamel til að láta sér líða betur



MATUR 42







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. janúar 2006 — 4. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


# Tveir í varðhaldi vegna fjársvika hjá Og Vodafone

**Tveir menn eru grunaðir um fjársvik hjá Og Vodafone. Mennirnir sitja báðir í gæsluvarðhaldi. Annar braust inn í fyrirtækið eftir að honum var sagt upp störfum. Lögreglan verst fregna af málinu.**

**LÖGREGLA** Tveir ungir menn eru í gæsluvarðhaldi vegna fjársvika hjá fjarskiptafyrirtækinu Og Vodafone. Fyrirtækið óskaði eftir rannsókn lögreglu milli jóla og nýárs þegar upp komst um falsaðar beiðnir sem leystar voru út hjá birgjum í nafni þess.

Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir gæsluvarðhald yfir manni sem handtekinn var í síðustu viku hafa verið framlengt um viku í gær. Hinn hafi verið tekinn í fyrradag og vikulangt gæsluvarðhald úrskurðað í Hæstarétti í gær. Hann geti hvorki upplýst hvernig mennirnir tengjast né um hve háa upphæð sé að ræða þar sem rannsóknin sé á viðkvæmu stigi. Samkvæmt heimildum er talið að mennirnir hafi að minnsta kosti svikið út vörur fyrir allt að þrettán milljónir króna.



**GÍSLI ÞORSTEINSSON** Upplýsingafulltrúi Og Vodafone.



**HÖRÐUR JÓHANNESSON** Yfirlögregluþjónn í Reykjavík.

Gísli Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Og Vodafone, vildi lítið upplýsa um málið annað en að upp hafi komist um falsaðar beiðnir í dreifingu. Hann vildi ekki staðfesta hvort fleiri atriði væru í rannsókn: „Málið kom upp milli jóla og nýárs. Við náðum að komast fljótt fyrir það, því við brugðumst hratt og örugglega við þessu. Að öðru leyti viljum við ekki tjá okkur um málið til að stofna ekki rannsóknarhagsmunum í hættu.“

Heimildir herma að annar mannanna hafi verið starfsmaður í verslun Og Vodafone. Hann hafi brotist inn í fyrirtækið eftir að hafa verið sagt upp störfum. Fyrirtækið hefur því aukið öryggið eftir að málið komst upp. Starfsmenn þess þurftu meðal annars að breyta öllum lykilorðum að þeim kerfum sem þar eru notuð þar sem hann hafði nýtt sér einhver þeirra.

- gag

## Frelsi á matvörumarkaði

Eigi Íslendingar að búa við sams konar neytendaumhverfi og er í öðrum Evrópulöndum þarf miklar breytingar á núverandi fyrirkomulagi, segir Jón Ásgeir Jóhannesson.

UMRÆÐAN 28

## Leikaradóttir á hausaveiðum



Nýjasta spennumynd Tonys Scott byggir á ævi Domino Harvey sem sneri baki við gjálífi og gerðist mannaveiðari. Keira Knightley leikur Domino en töffarinn Mickey Rourke er henni til halds og trausts.

BÍÓ 38

## Áfram í Svíþjóð?



Þjálfari Gunnars Heiðars Þorvaldssonar hjá Halmstad segir best fyrir Eyjapeyjann að vera áfram í herbúðum sænska félagsins. Stjórnarformaðurinn hefur ekki trú á því að Gunnar Heiðar fari frá félaginu.

ÍÞRÓTTIR 48

## VEÐRIÐ Í DAG




**KÓLNANDI HÆG SUÐLÆG** átt vestast en strekkingur austast. Skúrir á sunnan- og vestanverðu landinu en bjart með köflum norðaustan til. Kólnandi veður með éljum vestan til síðdegis..

VEÐUR 4








**BISKUP Í RÉTTARSAL** Karl Sigurbjörnsson biskup var kvaddur fyrir héraðsdóm í gær, til að bera vitni í máli séra Sigríðar Guðmarsdóttur gegn Biskupsstofu. Í stefnu Sigríðar er biskup sagður hafa gerst brotlegur við stjórnsýslulög. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Tvöfeldni í gagnrýni þingmanna á starfslokasamninga:

# Eftirlaunafrumvarp var slæmt fordæmi

**KJARAMÁL** Aðeins tvö ár eru síðan Alþingi samþykkti frumvarp um verulega hækkun á eftirlaunum þingmanna og ráðherra. Kostnaðaraukinn fyrir ríkissjóð vegna þess nam 650 milljónum króna í byrjun árs 2004. Sumir þeirra sem samþykktu frumvarpið gagnrýna nú starfslokasamninga FL Group.

Þegar frumvarpið var samþykkt í lok árs 2004 sagði Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands, að verkalýðsforystunni væri gróflega misboðið. „Frumvarpið hefur auðvitað allt yfirbragð starfslokasamnings við forsætisráðherra og síðan er stungið myndarlegum dúsum upp í stjórnarandstöðuna,“ sagði Grétar.

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sem greiddi atkvæði með frumvarpinu á sínum tíma telur ósanngjarnt að bera saman starfslokasamningana og eftirlaunafrumvarpið. Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar sem greiddi atkvæði gegn frumvarpinu, segir að eftir höfðinu dansi limirnir. Synd væri að segja að Alþingi hafi gengið á undan með góðu fordæmi.



**GRÉTAR ÞORSTEINSSON** Forseti ASÍ gagnrýndi eftirlaunafrumvarið harðlega.

- jh/ghs / Sjá síðu 20

Biskup Íslands fyrir dómi:

# Vissi ekki um tengdasoninn

**DÓMSMÁL** Karl Sigurbjörnsson biskup sagði fyrir héraðsdómi í gær að hann hefði ekki vitað að tengdasonur hans, séra Sigurður Arnarson, hefði sótt um stöðu sendiráðsprests í London, fyrr en að loknum umsóknarfresti.

Séra Sigríður Guðmarsdóttir, sem einnig sótti um stöðu sendiráðsprests í London, höfðaði mál gegn Biskupsstofu eftir að ljóst var að hún yrði ekki skipuð. Hún sakar biskup um að hafa gerst brotlegur við stjórnsýslulög og telur að hann hafi átt að segja sig frá málinu mun fyrr en hann gerði, auk þess sem gagnrýnd er önnur aðkoma biskups að prestsskipaninni.

- óká / Sjá síðu 2






## SPURNING DAGSINS

*Guðmundur, fengu gestirnir upp í kok af ráðherranum?*

Ég lofa því vífilengjulaust að fólkið fékk upp í kok af ráðherranum.

Guðmundur Jónsson er forstöðumaður Byrgisins sem hóf tíunda starfsár sitt í ár og sló af því tilefni upp veislu, þar sem meðal annars var boðið upp á ráðherratertu og vífilengjur.

Morð algengasta orsök atvinnutengdra dauðdaga fréttamanna:

# 63 blaðamenn drepnir í fyrra

**PARÍS/NEW YORK, AP** Árið 2005 hafa að minnsta kosti 63 fréttamenn farist víðs vegar um heim í starfi eða vegna starfs síns. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu samtakanna Fréttamenn án landamæra sem birt var í gær.

Á þriðjudag sögðu önnur alþjóðleg blaðamannasamtök, Samtök um vernd fréttamanna, að 47 fréttamenn hefðu farist á árinu, og að meira en 75 prósent þeirra hefðu verið myrtir til að þagga niður í þeim eða til að hegna þeim fyrir unnin störf. Það gerir morð að algengustu atvinnutengdu dauðaorsök fréttamanna.

Írak er nú orðið hættulegasti vinnustaður stéttarinnar. Fréttamenn án landamæra segja 76 blaðamenn hafa farist í Írak síðan Bandaríkin réðust þar inn árið 2003, eða fleiri en fórust í hinum 20 ára löngu átökum í Víetnam. Hin samtökin segja fórnarlömbin vera 60 og að bandarískir hermenn hafi drepið 13 þeirra.

„Stríðið í Írak gæti leitt mann til þess að halda að fréttamennirnir farist á vígvellinum, en sannleikurinn er sá að þrír af hverjum fjórum fréttamönnum sem deyja voveiflega í heiminum í dag eru eltir uppi og myrtir, og morðingjar þeirra þurfa sjaldnast að svara fyrir gjörðir sínar,“ segir Ann Cooper, formaður Samtaka um vernd fréttamanna.

Frá árinu 1992 hafa innan við 15 prósent morðingja fréttamanna verið handteknir og færðir fyrir rétt, samkvæmt upplýsingum samtakanna. **- smk**



**HERMAÐUR Í ÍRAK** Stríðið í Írak hefur gert það land hættulegast fréttamönnum, en 76 blaðamenn hafa týnt þar lífi síðan árið 2003. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Maður áfram í varðhaldi:

# Enn finnst hass í Eyjum

**LÖGREGLA** Rúmlega 1,4 kíló af hassi hafa fundist í húsakynnum manns í Vestmannaeyjum sem situr í gæsluvarðhaldi. Einnig hafa fundist um 20 grömm af amfetamíni.

Auk mannsins hafa karl og þrjár konur verið handtekin, en sleppt að loknum yfirheyrslum.

Fólkið var handtekið á gamlársdag og maðurinn úrskurðaður í gæsluvarðhald fram á laugardag þá um kvöldið.

Síðasti fíkniefnafundurinn var á þriðjudagskvöldið, um 130 grömm af hassi, en kvöldið áður fannst um kíló af hassi. Á gamlársdag fundust um 300 grömm af hassi og 20 grömm af amfetamíni. **- óká**



**LAGT Á RÁÐIN** Barzani og al-Jaafari hittust í Irbil um helgina og skeggræddu nýja ríkisstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sátt í sjónmáli í Írak:

# Súnníar gætu sest í stjórnina

**BAGDAD, AP** Landskjörstjórn Íraks tilkynnti á þriðjudag að enn væru tvær vikur þangað til endanleg úrslit úr íröksku þingkosningunum liggja fyrir en rúmur hálfur mánuður er síðan þær fóru fram.

Þrátt fyrir að úrslitin séu ekki ljós eru viðræður um myndun ríkisstjórnar í fullum gangi. Masoud Barzani, annar helsti leiðtogi Kúrda, náði í byrjun vikunnar samkomulagi við oddvita stærstu hreyfingar súnnía um að þeir tækju sæti í nýrri ríkisstjórn. Forsætisráðherra hennar gæti orðið Ibrahim al-Jaafari, sjíaleiðtoginn sem hefur setið í því embætti síðan í apríl, en ekki hafði verið búist við að hann héldi sæti sínu. ■

# Biskup ber af sér sakir um spillingu

**Biskup neitar óeðlilegum afskiptum af ráðningu sendiráðsprests. Vitnaleiðslur voru í gær í máli séra Sigríðar Guðmarsdóttur á hendur Biskupsstofu. Hún sótti um starfið sem séra Sigurður Arnarson, tengdasonur biskups, var skipaður í.**

**DÓMSMÁL** Karl Sigurbjörnsson biskup segist ekki hafa vitað fyrr en að loknum umsóknarfresti um stöðu sendiráðsprests í London sumarið 2003 að tengdasonur hans, séra Sigurður Arnarson, hefði sótt um starfið. Aðalmeðferð fór í gær fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli sem séra Sigríður Guðmarsdóttir, hinn umsækjandinn um starfið, höfðaði eftir að ljóst var að séra Sigurður hafði verið skipaður í það.

Málið snýst að mestu um hæfi biskups og aðkomu að málinu. Í stefnu séra Sigríðar er hann sagður brotlegur við stjórnsýslulög og talið að hann hefði átt að segja sig frá málinu mun fyrr en hann gerði, auk þess sem gagnrýnd er ýmis önnur aðkoma hans að prestsskipuninni, svo sem að hann hafi sjálfur skipað formann nefndar sem fjalla skyldi um hæfi umsækjenda, eftir að tengdasonur hans hafði skilað inn umsókn. Karl Sigurbjörnsson bar fyrir héraðsdómi í gær að viðtekin venja væri að opna ekki umsóknir fyrr en að umsóknartíma liðnum og því hefði ekki verið ljóst fyrr en þá að séra Sigurður hefði sótt um. Hann kvaðst þó hafa haft grun um að svo kynni að fara og hafði enda haft á því orð fyrir um sumarið 2003 við Sigurð Sigurðarson vígslubiskup að svo kynni að fara að Karl þyrfti sjálfur að víkja sæti í málinu.

Séra Sigríður rakti málið eins og það sneri að henni fyrir dómi. Hún sagði að sér hefði ekki verið kunnugt um að biskup hefði skipað séra Sigurður Arnarson sendiráðsprest í afleysingum séra Jóns Aðalsteins Baldvinssonar, fyrrverandi sendiráðsprests, í leyfi hans, áður en til þess kom að staðan losnaði. Í stefnu hennar segir að afleysingastaðan hafi ekki verið auglýst með eðlilegum hætti. Biskup sagði ekki hafa legið fyrir að séra Jón Aðalsteinn myndi láta af embætti að leyfi loknu.

Sigríður kvaðst hafa orðið forviða þegar henni var tjáð að hún hefði ekki hlotið starfið. „Enda taldi ég mig hafa yfirburði, bæði hvað varðaði starfsreynslu og starfsmenntun.“

Sverrir Haukur Gunnlaugsson sendiherra átti sæti í nefndinni sem meta átti hæfi umsækjendanna tveggja, auk séra Jóns Bjarman og Unu Bjarkar Ómarsdóttur, deildarstjóra hjá Tryggingastofnun. Hann upplýsti að Una Björk hefði viljað ráða Sigríði sökum menntunar hennar og starfsreynslu, en hann og Jón Bjarman hefðu verið sammála um að séra Sigurður væri hæfari.

Málið dæmir Skúli Magnússon héraðsdómari og er dóms að vænta innan tíðar. **olikr@frettabladid.is**



**BISKUPINN OG SENDIHERRANN** Herra Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, og Sverrir Haukur Gunnlaugsson sendiherra báru báðir vitni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



**SIGRÍÐUR GUÐMARSDÓTTIR OG SIF KONRÁÐSDÓTTIR** Aðalmeðferð fór fram í gær í máli Sigríðar á hendur Biskupsstofu vegna skipunar sendiráðsprests í London.



**ÁR HUNDSINS** Kínversk stúlka skoðar gullhunda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP MYND

Kínversk vinnumenning:

# Bara „hundar“ ráðnir í vinnu

**KÍNA, AP** Forráðamenn fyrirtækis í Norður-Kína segjast eingöngu ráða fólk fætt á ári hundsins í vinnu.

„Við teljum fólk sem fætt er á ári hundsins hafa góð persónuleikaeinkenni, svo sem tryggð og heiðarleika,“ segir talsmaður fyrirtækisins, Jilin Jiangshan, sem sérhæfir sig í starfsmannastjórnun. Talsmaðurinn er sjálfur fæddur á ári hundsins.

Næsta ár, samkvæmt fornu tunglalmanaki Kínverja, er ár hundsins og hefst það 29. janúar næstkomandi samkvæmt okkar tímatali. Kínversku stjörnumerkin eru tólf og varir hvert þeirra í ár. **- smk**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Bílvelta á Austurlandi** Ökumaður missti stjórn á bíl sínum með þeim afleiðingum að hann valt nálægt bænum Krossi í Berufirði um hádegisbilið í gær. Þrennt var í bílnum en ökumaður þurfti einn aðhlynningu. Aksturskilyrði voru góð að sögn lögreglu. Tildrög slyssins

## SKAÐABÓTAMÁL

**Viðræður eru í gangi** Reykjavíkurborg og olíufélögin þrjú, Esso, Skeljungur og Olís, eiga enn í viðræðum um skaðabætur vegna ólöglegs verðsamráðs olíufyrirtækjanna í útboðum borgarinnar. Heimildir blaðsins herma að tekist sé á um bótaupphæð. Borgin hefur krafist rúmlega 150 milljóna króna.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

**-ritstj.**

Þrjátíu og þrír starfsmenn í leikskólum Kópavogs hafa sagt upp störfum:

# Uppsagnir streyma inn

**KJARAMÁL** Þrjátíu og þrjár uppsagnir starfsmanna leikskóla í Kópavogi liggja nú fyrir og þar af hafa um tuttugu sagt starfi sínu lausu í þessari viku. Sesselja Hauksdóttir, leikskólafulltrúi hjá Kópavogsbæ, segir að stór hluti þeirra uppsagna sem hafa borist upp á síðkastið sé vegna óánægju með launakjörin. „Það eru reyndar margir sem taka það fram að þeir muni draga uppsögnina til baka ef kjörin breytast,“ segir hún.

Að sögn Sesselju verður beðið með að ræða launamál leikskólakennara þangað til alaunamálaráðstefna Sambands íslenskra sveitarfélaga er lokið.

Í leikskólanum Rjúpnahæð hefur fjöldi starfsmanna sagt upp. Að sögn Gróu Hafsteinsdóttur leikskólastjóra tengjast allar uppsagnirnar óánægju með launakjör. „Það er mikil óánægja með launakjörin,“ segir Gróa. Sömu sögu er að segja af leikskólanum Núpi, en þar hafa 14 starfsmenn sagt upp síðustu þrjá daga, meðal annars allir deildarstjórarnir. Samkvæmt heimildum blaðsins hélt foreldrafélag barna á Núpi neyðarfund vegna málsins í gærkvöldi. **- sk**




**LEIKSKÓLINN DALUR** Starfsmannaekla hefur verið á leikskólanum Dal í Kópavogi. Svipað ástand hefur verið á öðrum leikskólum í bænum.



Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

4.590



**Lóð**
Koma í tösku
Ýmsir þyngdarmöguleikar
3899533

# Líkamsræktartæki

45.990



17.990



15.990



**Göngubretti**
Rafdrifið og gert úr sterkri grind
Hægt að leggja saman
Mótor 1,5 hp
Hraði 0 - 12 km.
Sterkt, fjaðrandi belti 115 x 38 sm
Segulstýrður öryggisrofi
3 æfingakerfi
3 hæðastillingar
Púlsmælir í handfangi
Hámarks líkamsþyngd 110 kg
Þyngd 58 kg
3899532

**Alhliða þjálfunartæki**
Öflugt tæki sem þjálfar allan líkamann.
Mjúkar hreyfingar
Segulmótstaða
Púlsmælir í handfangi
Sterk og öflug grind
3899531

**Þrekhjól**
Hljóðlátt með segulviðnámi
Mælir og sýnir tíma, vegalengd, heildar vegalengd og hraða.
Púlsmælir í handfangi
10 þyngdarstillingar
Þyngd 26 kg
3899530

## Áramótaheitið
byrjar hjá okkur

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 04.01.2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,05 | 62,35 |
| Sterlingspund | 108,93 | 109,45 |
| Evra | 74,82 | 75,24 |
| Dönsk króna | 10,026 | 10,084 |
| Norsk króna | 9,42 | 9,476 |
| Sænsk króna | 8,015 | 8,061 |
| Japanskt jen | 0,5332 | 0,5364 |
| SDR | 89,68 | 90,22 |

*Gengisvísitala krónunnar*
104,9033

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Blóðugur dagur í Írak á lokaspretti stjórnarmyndunar:

# Fimmtíu manns falla í árásum

Írak, AP Sjálfsmorðssprengjumaður drap í gær 32 menn og særði tugi í jarðarför frænda stjórnmálamanns úr röðum íraskra sjía-múslima norður af Bagdad. Tilræðið var það mannskæðasta af röð árása sem alls dró um 50 manns til bana í Írak í gær. Þar með var dagurinn sá blóðugasti síðan þingkosningar fóru fram í landinu um miðjan desember.

Þessar blóðugu árásir áttu sér stað á sama tíma og fulltrúar þriggja helstu stjórnmálafylkinga landsins voru langt komnir í samningum um myndun þjóðstjórnar - með þátttöku sjía, Kúrda og súnní-araba.

Yfirkjörstjórn þingkosninganna tilkynnti ennfremur í gær að hún áformaði að birta fyrir vikulokin niðurstöður sínar úr rannsókn á þeim um það bil tvö þúsund kvörtunum um meintar misfellur á framkvæmd kosninganna.

Jarðarfararárásin varð í grafreit í Muqdadiyah, um 90 km norður af Bagdad. Þar voru um 100 syrgjendur ungs frænda Ahmeds al-Bakka saman komnir er sjálfsmorðssprengjumaðurinn lét til skarar skríða. Al-Bakka lifði af banatilræði á þriðjudag sem frændinn lést í. -aa



**BLÓÐUG JARÐARFÖR** Einn þeirra 42 sem særðust í sjálfsmorðssprengjutilræði í jarðarför í Muqdadiyah norður af Bagdad í gær.

Gjaldþrot Nanoq:

## Um 200 milljónir vantaði

**VIÐSKIPTI** Gjaldþrotaskiptum á þrotabúi Íslenskrar útivistar, sem rak verslunina Nanoq í Kringlunni og varð gjaldþrota árið 2002, er lokið.

Kröfur í þrotabúið námu alls 563 milljónum króna og þar af voru veðkröfur upp á rúmar 400 milljónir. Fyrir eignir þrotabúsins fengust tæpar 340 milljónir króna .

Ríflega 280 milljónir gengu upp í veðkröfur, tíu milljónir króna fóru til greiðslu á búskröfum og 46 milljónir gengu upp í forgangskröfur. Þrotabú Íslenskrar útivistar var selt Kaupþingi fyrir ríflega 270 milljónir. ■

Fjárfestingar Fl Group:

## Kaupir stærri hlut í Finnair

**VIÐSKIPTI** Fl Group fór í gær upp fyrir fimm prósenta hlut í Finnair með kaupum á hlut í félaginu. FL Group ræður nú ríflega sex prósenta hlut í Finnair.

Fyrir á Straumur Burðarás um 10,7 prósenta hlut í Finnair. Íslenskir fjárfestar eiga því um sautján prósent í flugfélaginu. Virði hlutar FL Group í Finnair er um 4,5 milljarðar króna.

„Þetta er áhugavert félag og við teljum þetta spennandi fjárfestingu,“ segir Hannes Smárason, forstjóri Fl Group. Hann vill ekkert láta uppi um frekari áform með fjárfestingunni. Finnska ríkið er stærsti eigandi Finnair með um 57 prósenta hlut. -hh

Fasteignamarkaður:

## Rólegri desembermánuður

**VIÐSKIPTI** Mun færri kaupsamningum um fasteignir var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu í desember borið saman við sama tíma fyrir ári. 620 kaupsamningum var þinglýst í desember 2005, en 1.078 samningum í desember árið áður. Þetta kemur fram á vef Fasteignamats ríkisins.

Veltan á íbúðamarkaði nam tæpum 18 milljörðum í desember og meðalupphæð á hvern kaupsamning var því um 29 milljónir. Það er hærri upphæð á hvern kaupsamning en dæmi hafa áður verið um. ■

# Reiði vegna rangra frétta

**Aðstandendur námuverkamanna sem lokuðust inni í kolanámu í Vestur-Virginíuríki í Bandaríkjunum voru örvinglaðir þegar þeim var sagt í gærmorgun að eingöngu einn mannanna hefði lifað slysið af. Harmafregnin kom þremur tímum eftir að fólkinu hafði verið tilkynnt að allir nema einn væru á lífi.**

**BANDARÍKIN, AP** Þremur tímum eftir að fjölskyldum námuverkamanna, sem lokuðust inni í kolanámu nærri Tallmansville í Vestur-Virginíuríki í Bandaríkjunum á mánudag, var tilkynnt að allir nema einn þeirra lifðu, kom í ljós að eingöngu einn hafði lifað af innilokunina sem varði í 41 klukkustund.

Fólkið varð örvinglað við fréttirnar og margir eru ákaflega reiðir út í yfirvöld.

„Ég get eingöngu sagt að enginn gerði neitt viljandi annað en að hætta lífi sínu til að bjarga ástvinum þeirra,“ sagði fylkisstjóri Vestur-Virginíu, Joe Manchin, í morgunþætti ABC-sjónvarpsstöðvarinnar, Good Morning America. Manchin hafði fagnað með ástvinum hinna látnu seint á þriðjudagskvöld, og tilkynnt fólki um orðróminn þó hann hefði hvergi fengið hann staðfestan.

Slysið varð við sprengingu í Sago-kolanámunni og voru verkamennirnir rúma þrjá kílómetra inni í námunni og 80 metra undir yfirborði jarðar. Þegar var hafist handa við að ná þeim út, en fljótlega sýndu rannsóknir að magn eitraðs kolmónoxíðs var margfalt meira en óhætt gat talist.

Mennirnir fundust allir á bak við sérhannaðan varnarvegg sem þeir höfðu fest upp til að forðast gasið, nærri loftgati sem námufyrirtækið hafði látið bora á þriðjudag í tilraun til að ná sambandi við mennina. Allir höfðu þeir notað neyðaröndunartæki sem verkamennirnir bera í námunni.

Maðurinn sem lifði, 27 ára gamall karlmaður, er illa á sig kominn en sýnir þó merki um heilastarfsemi, að sögn lækna. Honum er haldið sofandi í öndunarvél.

Eftir að sprengingin varð söfnuðust aðstandendur saman í kirkju í Sago, og seint á þriðjudagskvöld komst sá orðrómur á kreik að mennirnir væru flestir á lífi. Fólk streymdi út úr kirkjunni og faðmaði hvort annað á meðan kirkjuklukkurnar hringdu.

Síðar sagði forstjóri fyrirtækisins sem á og rekur námuna, að kvitturinn hefði byrjað þegar einhver utanaðkomandi heyrði björgunarmenn staðfesta í farsíma að tólf manns hefðu fundist og að verið væri að kanna hvort þeir væru á lífi.

Þegar hið rétta fréttist brutust út áflog og lögreglan kallaði til sérsveitarmenn til að stilla til friðar.
smk@frettabladid.is



**RÍKISSTJÓRINN** Joe Manchin, ríkisstjóri Vestur-Virginíu, huggar einn aðstandenda námuverkamannanna við kirkjuna þar sem beðið var fyrir þeim. Myndin var tekin áður en hinar misvísandi fréttir um afdrif mannanna komu fram. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**EINN LIFÐI** Eigandi kleinuhringjaverslunar í Vestur-Virginíuríki breytir skilti þar sem tilkynnt er að einn maður af þrettán lifði af innilokun í 41 klukkustund í kjölfar námuslyss sem varð á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ók á kyrrstæðan bíl** Ung kona ók á kyrrstæðan bilaðan bíl sem kranabíll var að fjarlægja af þjóðveginum seinnipart þriðjudags. Akstursskilyrði voru slæm að sögn lögreglu. Konan slapp án meiðsla en bílinn sem hún ók er gjörónýtur. Hinn bíllinn skemmdist lítilsháttar.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HVESSIR VESTAN TIL Í KVÖLD**
Það eru sannkallaðar umhleypingar í veðrinu. Í dag er hann að kólna og má búast við éljum á Vestfjörðum og vestan til þegar líður á daginn. Skúrir verða syðra. Í kvöld hvessir vestast og á morgun er útlit fyrir sunnan hvassviðri eða stormi, einkum annað kvöld.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Sunnan gola. Skúrir og síðar slydduél. Hiti 1-4, svalast í kvöld.

*um hádegi »*




*» föstudagur*




Allhvöss eða hvöss suðlæg átt.

*» laugardagur*




Hvassviðri austast til, annars hægari.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C alskýjað | París | 3°C heiðskírt | Alicante | 16°C heiðskírt |
| Osló | -9°C hálfskýjað | Berlín | 1°C alskýjað | Mílano | 1°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | -3°C alskýjað | Frankfurt | 1°C alskýjað | New York | 7°C skúrir |
| Helsinki | -3°C alskýjað | Madríd | 8°C heiðskírt | San Francisco | 16°C heiðskírt |
| London | 4°C alskýjað | Barcelona | 9°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 23°C heiðskírt |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.




# Stærsta útsalan er hafin!

**Misstu ekki af fyrstu dögum útsölunnar**

## Opið til 21 í kvöld!

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| Ævintýraland | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200



## KJÖRKASSINN

*Á hluti hækkana á niðurgreiðslum til dagforeldra að renna til foreldranna sjálfra?*

| | |
|---|---|
| Já | 33% |
| Nei | 67% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Er Eiður Smári Guðjohnsen besti knattspyrnumaður Íslands fyrr og síðar?*

Segðu skoðun þína á vísir

Samkomulag náðist í gasdeilu Rússa og Úkraínumanna:

# Gasstreymi til Evrópu hefur verið tryggt

**ÚKRAÍNA, AP** Fulltrúar ríkisrekinna gasfyrirtækja Rússlands og Úkraínu komust í gær að samkomulagi um að gassala Rússa til Úkraínu hæfist á ný en fyrir hana var skrúfað um áramótin vegna deilu um verð. Deilan olli áhyggjum í Evrópu þar sem megnið af því rússneska gasi sem notað er í álfunni er flutt um Úkraínu.

Samkomulagið gerði báðum deilendum kleift að hrósa sigri; Rússar fá fullt heimsmarkaðsverð fyrir gasið og Úkraínumenn fá að laga sig í áföngum að þeirri margföldun gasverðsins sem í þessu felst.

Vladimír Pútín Rússlandsforseti bar lofsorð á samkomulagið. Sagði það hafa jákvæð áhrif á samskipti grannlandanna tveggja.

Á fundi með Alexei Miller, forstjóra Gazprom, í gær sagði Pútín að samkomulagið væri ekki aðeins „viðurkenning á réttmæti afstöðu Rússa“ í deilunni, heldur sýndi einnig að samskipti Rússa og Úkraínu væru að taka á sig nýja og uppbyggilegri mynd.

Fyrirtæki í eigu Svisslendinga og Rússa gegnir lykilhlutverki í samkomulaginu. Öll gassala Rússa til Úkraínu fer samkvæmt samkomulaginu gegnum þetta fyrirtæki næstu fimm árin. **- aa**



**GASFORSTJÓRAR SÁTTIR** Forstjóri úkraínska gasfyrirtækisins Naftogaz, Oleksiy Ivchenko, og Gazprom-forstjórinn Alexei Miller handsala samkomulagið í Moskvu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SORG Í ALPABÆ** Aldraður íbúi Bad Reichenhall stillir upp kerti á bráðabirðgaminnismerki um fórnarlömb slyssins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skautahallarslys í Þýskalandi:

## Tala látinna komin í fjórtán

**ÞÝSKALAND, AP** Björgunarsveitarmenn grófu lík þriggja barna til viðbótar úr rústum skautahallar í bænum Bad Reichenhall syðst í Þýskalandi í gær, tveimur dögum eftir að þakið á byggingunni hrundi í mikilli snjókomu. Leit hélt áfram að fertugri konu sem enn var saknað.

Alls var í gær búið að staðfesta dauða fjórtán manna í slysinu en þar af eru níu börn. Benedikt XVI páfi, sem ólst upp skammt frá slysstaðnum, lýsti hryggð sinni yfir harmleiknum í skeyti til bæjarbúa í gær. ■

# Viðskipti stofnfjáreigenda í SPH rannsökuð

**Stjórnvöld rannsaka hvort upplýsingum hafi verið haldið leyndum fyrir þeim og hvort einstaklingar hafi setið hluthafafund SPH í sumar á fölskum forsendum.**

Fjármálaeftirlitið hefur beðið lögreglu að rannsaka viðskipti með stofnfjárbréf í Sparisjóði Hafnarfjarðar í fyrra. Jón H. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, segir að erindi frá Fjármálaeftirlitinu hafi borist en vill ekki um hvað það fjallar.

Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, segir rannsókn hafa beinst að því hvort virkur eignarhlutur hafi myndast í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Niðurstöðu sé að vænta á næstu vikum.

Virkur eignarhlutur myndast í fjármálafyrirtæki þegar einn eða tengdir aðilar ráða beint eða óbeint yfir tíu prósentum stofnfjár eða hlutafjár. Samkvæmt lögum þarf sérstakt samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrirfram til að fara með virkan eignarhlut. Slíkt samþykki liggur ekki fyrir í Sparisjóði Hafnarfjarðar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er kannað hvort samkomulagi um sölu og kaup á bréfum í Sparisjóði Hafnarfjarðar hafi verið haldið leyndu fyrir Fjármálaeftirlitinu. Á fundi stofnfjáreigenda í júlí í sumar hafi setið einstaklingar sem voru skráðir eigendur bréfa en höfðu selt þau til annarra og fengið greiðslu fyrir.



**SÆKJA FUND STOFNFJÁREIGENDA** Verið er að rannsaka hverjir voru raunverulegir eigendur bréfa í Sparisjóði Hafnarfjarðar á fundi hluthafa í sumar.

Þeir sem eiga virkan eignarhlut í sparisjóði, tíu prósent eða meira, mega einungis fara með fimm prósent atkvæða á fundum eigenda. Önnur atkvæði detta niður dauð.

Fulltrúar Fjármálaeftirlitsins sátu fund eigenda Sparisjóðs Hafnarfjarðar í sumar þar sem greint var frá því að fimmtán stofnfjárhlutir af 93 hefðu skipt um hendur eða rúm 16 prósent. Meðal nýrra eigenda eru þekktir athafnamenn á borð við Sigurð G. Guðjónsson, Björn Þorra Viktorsson, Magnús Ármann og Sigurð Bollason.

Íslandsbanki keypti einnig stofnfjárhluti og Þór Sigfússon segir að Sjóvá hafi keypt bréf af Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra á 50 milljónir króna. Árni segir að Fjármálaeftirlitinu hafi verið tilkynnt um viðskiptin áður en þau fóru fram. Engu hafi verið haldið leyndu.

Sigurður G. Guðjónsson sagðist ekki hafa heyrt frá starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins frá því í haust og lögregla hafi ekki haft samband við sig. **- bg/eþa**



**HERSKÁIR STORKA ABBAS** Liðsmaður Al-Aqsa-píslarvottanna, herskás arms Fatah-hreyfingarinnar, á vettvangi við landamæraveggin í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnleysi á Gaza:

## Jarðýtu beitt á landamærin

**PALESTÍNA, AP** Herskáir Palestínumenn beittu stolinni jarðýtu til að brjóta gat á vegginn á landamærum Gazasvæðisins og Egyptalands í gær. Þeir hindruðu umferð og hertóku stjórnarbyggingar á staðnum.

Þessar ólöglegu aðgerðir eru alvarlegasta uppreisnin gegn valdi Palestínuleiðtogans Mahmouds Abbas frá því hann tók við því hlutverki. Uppreisnarmennirnir eru úr herskáum armi Fatah-hreyfingar Abbas. Þeir kröfðust þess að foringi þeirra yrði látinn laus, en hann situr í gæsluvarðhaldi í tengslum við mannrán á þremur Bretum á Gaza nýlega. Berserksgangur mannanna þykir bera vott um það vaxandi stjórnleysi sem ríkir á Gaza frá því Ísraelsher hafði sig þaðan á brott í september. ■

**ÍSRAEL**

**Árás á Íran „möguleg“** Dan Halutz, yfirmaður ísraelska heraflans, sagði í viðtali við útvarp Ísraelshers í gær að kjarnorkuáætlun Írana sé „hægt að eyðileggja.“ Hann skýrði þessi orð sín ekki frekar. Ísraelskir stjórnmálamenn hafa opinberlega rætt möguleikann á hnitmiðaðri hernaðarárás á Íran til að gera út af við meintar tilraunir Írana til að koma sér upp kjarnorkuvopnum.





9 daga skíðaferð 12.janúar
Beint flug til Verona

Örfá herbergi laus
í 9 nátta skíðaferð til Ítalíu 12.janúar!

Verð 69.980* kr. á mann í tvíbýli

Flugsæti á „2 fyrir 1“ 26.630 kr. á mann með sköttum

* Innifalið: Flug, gisting með morgunverði í 9 nætur, akstur til og frá flugvelli erlendis og íslenskur fararstjórn.

VISA
Færð þú MasterCard ferðaávísun?

Nánari upplýsingar um ferðir ásamt lýsinum á hótelum er að finna á www.urvalutsyn.is

www.urvalutsyn.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS URV 30852 01/2006


Rauk úr eimingarpotti í húsnæði Efnamóttökunnar í Gufunesi:

# Fylltist af reyk á augabragði

**SLÖKKVILIÐ** Ekki liðu nema nokkrar sekúndur frá því að rjúka fór úr eimingarpotti Efnamóttökunnar í Gufunesi, þar til allt húsið fylltist af reyk, að sögn starfsmanns.

Gunnar Bragason, framkvæmdastjóri Efnamóttökunnar, segir ástæðu þess að rjúka tók úr pottinum enn á huldu en málið verði rannsakað. Hann segir skemmdir vegna atviksins óverulegar, talið sé að eimingarpotturinn sé í lagi og unnið sé að því að koma honum í gagnið á ný.

Allar sveitir Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins voru kallaðar út klukkan 09.09 í gærmorgun vegna málsins og var um mikinn viðbúnað var að ræða af hálfu slökkviliðsins vegna ótal hættulegra efna sem þar eru geymd.

Jón Guðmundsson frá stöð slökkviliðsins á Tunguhálsi, sem var fyrsta stöðin á vettvang, segir húsið, sem eimingarpotturinn var í, hafa verið fullt af reyk þegar slökkviliðsmenn bar að garði. Reykkafarar fóru inn í húsið og gerðu ekki annað en að lækka hitastillinguna á pottinum. Potturinn kældi sig því næst hægt og rólega og hætti að gefa frá sér reyk og þá var öðrum deildum slökkviliðsins snúið við.

Að sögn Jóns voru hættuleg efni allt í kring og því hefði getað farið verr. Eimingarpotturinn er notaður til að eima spíra úr litahylkjum. **- æþe**




**EIMINGARPOTTURINN SEM OFHITNAÐI** Potturinn fyllti húsið af reyk á augabragði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Útsalan

## í fullum gangi

# 30-90%

afsláttur

af upprunalegu verði.



vorum að bæta við
NÝJUM vörum á

**500 og 1000 kr.**

**MARKAÐINN**

barnafatnaður, dömufatnaður,
herrafatnaður og skór.

Fyrstur kemur fyrstur fær

**HAGKAUP**

Skemmtilegast að versla



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hvaða borgarfulltrúi hefur farið frá vinstri grænum í Samfylkinguna?*

2 *Hver var í öðru sæti um kjör á íþróttamanni ársins?*

3 *Í hvaða ríki Bandaríkjanna varð mannskætt slys í kolanámu?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Tölvuóværa sem nær til nálægt því allra sem nota Windows-stýrikerfið:

# Varað við alvarlegri öryggisveilu

**UPPLÝSINGATÆKNI** Microsoft hefur varað við alvarlegri öryggisveilu sem hrjáir allar útgáfur Windows-stýrikerfisins. Síðan veilan uppgötvaðist í desemberlok hafa stóraukist árásir orma og annarrar tölvuóværu á netinu sem nýtir sé veikleikann. Óværan er þá gjarnan dulbúin sem hefðbundin .jpg mynd á vefsíðu eða send í tölvupósti.

Vírusvarnafyrirtæki um heim allan hvetja notendur til að bregðast við með því að taka úr sambandi sjálfgefna myndameðhöndlun stýrikerfisins, Windows Picture and Fax Viewer. Microsoft hefur ekki enn sent frá sér lagfæringu, eða plástur. Fyrirtækið segir hins vegar að lagfæring verði gefin út á vefnum þriðjudaginn 10. janúar.

Í tilkynningu Friðriks Skúlasonar kemur fram að veikleikann sé að finna í öllum útgáfum Windows-stýrikerfisins, allt frá útgáfu 3.0 sem kom út fyrir rúmlega fimmtán árum. „Þetta er því stórt vandamál sem nær til allra Windows-notenda," segir þar. - óká



**VEILA Í STÝRIKERFI** Microsoft-tölvurisinn tilkynnti í gær að lagfæring á alvarlegri veilu sem hrjáir allar útgáfur Windows-stýrikerfisins verði gefin út 10. þessa mánaðar. NORDICPHOTO/GETTY IMAGES

Íslandsbanki braut lög:

## Þarf að endurgreiða þrotabúi

**DÓMSMÁL** Íslandsbanki var í Héraðsdómi Reykjaness í gær dæmdur til að greiða þrotabúi Kaldabergs ehf. 4,5 milljónir, auk dráttarvaxta og málskostnaðar. Íslandsbanki hafði fengið upphæðina greidda upp í skuldir skömmu áður en fyrirtækið varð gjaldþrota og þótti greiðslan brjóta gegn lögum um jafnræði lánardrottna. ■

### LANDBÚNAÐUR

**Samstarf um aðfangasölu**
Sláturfélag Suðurlands og Mjólkurfélag Reykjavíkur ætla í samstarf um aðfangasölu til búvöruframleiðslu. Líta félögin á það sem sameiginlegt hagsmunamál. SS hefur samhliða samstarfinu horfið frá áformum um frekari kaup á MR og selt MR sinn hlut í félaginu.

Sigurði Líndal lagaprófessor hefur verið stefnt:

## Meiðyrðamál höfðað

**DÓMSMÁL** Friðrik Þór Guðmundsson blaðamaður hefur höfðað mál á hendur Sigurði Líndal lagaprófessor vegna meintra meiðyrða Sigurðar í hans garð.

Málsatvik eru þau að Sigurður Líndal var formaður sérstakrar rannsóknarnefndar um flugslysið í Skerjafirði um verslunarmannahelgina árið 2000 og hélt hann því fram að Friðrik, faðir eins piltsins sem lést eftir slysið, hefði brotið trúnað og lekið skýrslu um flugslysið til fjölmiðla áður en hún átti að birtast. Þetta segir Friðrik að sé alrangt. „Ég hafði enga hagsmuni af ótímabærri fréttaumfjöllun, ég vildi einmitt kynna mér skýrsluna rækilega áður en fjölmiðlaumfjöllun hæfist," segir hann. Friðrik telur að rekja megi ályktanir Sigurðar, um að hann hafi komið skýrslunni í hendur fjölmiðla, til andúðar í sinn garð. Friðrik segist ekki skilja hvaðan sú andúð sé sprottin. Að sögn Friðriks hefur hann ítrekað boðið Sigurði að draga ummæli sín til baka svo að ekki þurfi að leita afskipta dómstóla en Sigurður hafi hunsað þá ósk.

Sigurður Líndal vildi ekki tjá sig um málið þegar haft var samband við hann. - sk



**FRIÐRIK ÞÓR GUÐMUNDSSON** Friðrik sakar Sigurð Líndal um meiðyrði í sinn garð.

# Greiðslur skila sér ekki

**Foreldrar segja auknar niðurgreiðslur Reykjavíkurborgar til dagforeldra ekki skila sér í lægri dagvistunargjöldum. Borgin segist ekki koma að málinu.**

**KJARAMÁL** Um áramót hækkuðu niðurgreiðslur Reykjavíkurborgar til dagforeldra. Hækkunin er um þúsund krónur á klukkutíma. Samkvæmt heimildum blaðsins er ríkjandi óánægja á meðal foreldra vegna þess að hækkunin hefur í sumum tilfellum ekki skilað sér í lækkunum á dagvistunargjöldum. Dagforeldrar vinna sem verktakar og eru því með sjálfstæða verðskrá. Samkvæmt reglugerð frá félagsmálaráðuneytinu má dagforeldri mest hafa fimm börn í sinni umsjá og er greiðsla fyrir hvert barn á bilinu 40 til 55 þúsund krónur.

Snjólaug Óskarsdóttir sem situr í stjórn Barnavistunar, félags dagforeldra, segir að félagið hafi beint því til félagsmanna sinna að líta á aukninguna sem launaleiðréttingu. Um leið eru dagforeldrar hvattir til að hækka ekki gjöld til foreldra. „Við höfum miðað hækkanir okkar í gegnum tíðina við það sem gengur og gerist hjá Eflingu og ASÍ. Ef allt ætti að vera rétt miðað við kjarasamningana sem Reykjavíkurborg var að gera nú um daginn, hefði ég þurft að hækka gjald mitt til foreldra um sautján þúsund krónur á barn," segir Snjólaug. Hún segir að dagforeldrar hafi farið fram á hærri niðurgreiðslur í viðræðum sínum við borgina í haust til þess að fá svigrúm til að lækka gjaldið til foreldra.

Stefán Jón Hafstein segir að dagforeldrar hafi ekki viljað gera þjónustusamning við borgina í viðræðum í haust, heldur viljað halda rekstrinum út af fyrir sig. Þess vegna geti borgin ekki haft afskipti af því verði sem dagforeldrar ákveða fyrir sína þjónustu.



**STEFÁN JÓN HAFSTEIN** Vonaði að niðurgreiðslur myndu lækka verð í einhverjum tilfellum.

Hins vegar sé það ávallt tilgangur borgarinnar með niðurgreiðslum að tryggja þjónustu á viðráðanlegu verði.

Hann segir hóp dagforeldra hafa hótað því í haust að leggja niður störf ef niðurgreiðslur hækkuðu ekki. „Við ákváðum því að hækka niðurgreiðslurnar til að tryggja foreldrum borgarinnar þessa þjónustu áfram og vonuðumst um leið að aukið svigrúm hjá dagforeldrum myndi ef til vill leiða til gjaldlækkunar í einhverjum tilfellum," segir Stefán Jón. Hann segir svigrúm dagforeldra hafi gjörbreyst frá því sem var í haust í ljósi aukinna skattaívilnana og hækkunar á niðurgreiðslu borgarinnar. aegir@frettabladid.is


NISSAN
X-TRAIL

NISSAN SKIPT_um væntingar




SKOÐAÐU HINA FYRST!

Hann er strangt til tekið jepplingur, bara stærri og öflugri en sambærilegir bílar. Hann er einstaklega skemmtilegur í akstri og umgengni og áreiðanlegur eins og Nissan er von og vísa. Þetta er einfaldlega frábærlega heppnaður bíll. Við skorum á þig að skoða samkeppnina fyrst og koma svo til okkar!

Ríkulegur staðalbúnaður
– 17" álfelgur
– litað gler
– 6 diska CD spilari
– loftkæling
– sjálfskipting
– útvarpsfjarstýring í stýri

Meðal ótal verðlauna og viðurkenninga:
„Bestur" – Fifth Gear
„Best recreational 4x4" – Auto Express
„Best compact 4x4" – What Car?
„Best in class" – Channel 4
„Best Small Wagon" – Overlander Magazine

| Tegund | Verð |
|---|---|
| X-Trail Sport | 2.690.000,- |
| X-Trail Elegance sjálfskiptur | 2.890.000,- |

Nýárstilboð – 250.000,- kaupauki
Öllum Nissan X-TRAIL sem keyptir eru í janúar fylgja vetrardekk.

Fiton/SÍA

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00


Verðbreytingar hjá Tryggingastofnun ríkisins:

# Gjald fyrir sjúkraþjálfun hækkar

**SJÚKRATRYGGINGAR** Gjald fyrir sjúkraþjálfun hækkaði um fimmtíu krónur á tímann um nýliðin áramót. Er þetta samkvæmt samningi Félags sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara og Tryggingastofnunar frá 1. mars 2005.

Að sögn Friðriks Hjörleifssonar, tryggingafulltrúa hjá Tryggingastofnun, felur samningurinn í sér kaup á þjónustu sjúkraþjálfara og er hvert verk metið á ákveðinn fjölda eininga. Verðgildi hverrar einingar var 26,60 krónur fyrir áramót, en er nú 27,35. Hver klukkustund kostaði 1.788 krónur fyrir hækkun en 1.838 krónur nú. Sem fyrr greiðir Tryggingastofnun 60 prósent kostnaðarins en sjúklingurinn 40 prósent í þeim tilvikum þar sem um er að ræða almenna sjúklinga. -jss



# UNGUR NEMUR GRIFFILL TEMUR!!!

ALLTAF ÓDÝRARI

Fullt verð: 4.699

**3.699**

STÆ 3000
GRUNNBÓK 103

Fullt verð: 5.156

**3.870**

Fullt verð: 2.295

**1.695**

EN TO TRE

SKIPTIBÓKA MARKAÐURINN Á FULLU!!!

**9** KR.STK.

MÚSAMOTTA

verð áður: 13.900

**9.900** KR.

FJÖLNOTATÆKI
BROTHER DCP115C
PRENTARI, SKANNI, LJÓSRITUNARVÉL OG KORTALESARI

**199** KR.STK.

MÚSAMOTTA
MEÐ HANDRITAHALDARA

**49** KR.STK.

ÁHERSLUPENNAR
MARGIR LITIR

verð áður: 1.990

**990** KR.PK.

GEISLADISKAR
MAXELL SILFUR/25 STK.

**78** KR.STK.

5 Í PAKKA

STÍLABÓK LIMIT
A4/80 BLS.
LÍNU OG RÚÐU

**19** KR.PK.

MINNISMIÐAR,
GULIR, LÍNA 10X10

Tilboðin gilda meðan birgðir endast

HJÁ OKKUR ERU NÆG BÍLASTÆÐI OG GOTT AÐGENGI

Skeifunni 11d
Sími 533 1010

Opið virka daga 10-18
Laugardaga 10-14

GRIFFILL

ODDI
SKRIFSTOFUVÖRUR
SKRIFSTOFUVÖRU MARKAÐUR
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR
2.-15. JAN.
Kaffihorn
Boðið er upp á rjúkandi heitt kaffi og piparkökur, gómsætar Sómasamlokur og kalda drykki frá Vífilfelli í kaffihorninu okkar!
Aðeins á Suðurlandsbraut 14
Opið virka daga 8 -18, lau 10 - 16, sun 12 - 16

Söludeild / fyrirtækjaþjónusta
Höfðabakka 3 • 110 Reykjavík
Sími: 515 5100 • Fax 515 5101
Grænt númer: 800 5150
sala@oddi.is
Opið virka daga 8 -17

Verslun Borgartúni 29
Opið virka daga 8 -18 • laugardaga 11-16
Sími 515 5170


Verslun Höfðabakka 3
Opið virka daga 8 - 18 • Sími 515 5105
GERÐU GÓÐ KAUP Í JANÚAR
netverslun • www.oddi.is
Hönnun M9930

Nýlegur dómur Félagsdóms um helgarfrí skipstjórnarmanna og vélstjóra:

# Lögðust gegn málshöfðun

**FÉLAGSDÓMUR** Jónas Sigmarsson skipstjóri segir að málshöfðun Félags skipstjórnarmanna og Vélstjórafélags Íslands á hendur Útgerðarfélagsins Soffaníasi Cecilssyni hf. fyrir að tryggja ekki tveimur skipstjórnarmönnum og fimm vélstjórum helgarfrí í samræmi við kjarasamninga hafi verið gerð gegn vilja þeirra. Þeir hafi beðið um að það yrði ekki gert í nafni þeirra og sú ósk hafi verið hunsuð.

„Samningarnir voru þannig að það var frí aðra hverja helgi, bæði laugardag og sunnudag, en okkur fannst betra að taka frí alla sunnudaga. Það voru jafnmargir dagar, við vorum launahærri fyrir vikið og þetta hentaði bæði okkur og útgerðinni betur. Þetta var gert að ósk okkar,“ segir hann.

Hásetarnir á Grundfirðingi fengu skriflegt leyfi frá sínu verkalýðsfélagi en vélstjórar og skipstjórnarmenn aðeins munnlegt. „Svo héldum við okkar striki og allir voru sáttir. Nokkrum árum síðar var útgerðin kærð fyrir að hafa af okkur frí,“ segir Jónas og er afar ósáttur við framgöngu félaganna í þessu máli.


**JÓNAS SIGMARSSON SKIPSTJÓRI** Jónas telur að annað hvort sé um forsjárhyggju eða peningaplokk að ræða.

Krafa var gerð um að útgerðin yrði dæmd til að greiða yfir sex milljónir samtals í sjóði félaganna, en hún var dæmd til að greiða alls eina milljón króna í félagssjóði og til að greiða málskostnað.

Jónas telur að þarna sé annað hvort um forsjárhyggju eða peningaplokk að ræða, sennilega frekar það síðarnefnda.

- ghs

# Lögregluumdæmum fækkað um tíu

**Borgarnes verður ekki lykilembætti líkt og upphaflegu tillögurnar gerðu ráð fyrir. Eitt lögregluembætti verður á höfuðborgarsvæðinu. Sýslumenn fá fjölda nýrra verkefna og ný störf eiga að færast til landsbyggðarinnar.**

**STJÓRNSÝSLA** Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, kynnti ákvörðun sína um nýskipan lögreglumála á ríkisstjórnarfundi í fyrradag. Samkvæmt henni verður lögregluumdæmum fækkað úr 25 í 15. Þar af verður eitt sameinað lögregluembætti á höfuðborgarsvæðinu og lögregluembættið á Keflavíkurflugvelli sameinast lögregluembættinu í Keflavík.

Af þessum 15 lögregluumdæmum verða sjö þeirra skilgreind sem lykilembætti. Ekki er gert ráð fyrir því að minni lögreglustöðvum verði lokað í kjölfarið.

Skipulagi ákæruvaldsins verður einnig breytt samkvæmt ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðherra. Lögreglustjórar verða aðeins með ákæruvald í venjulegum lögreglumálum. Saksóknari mun starfa sem tengiliður milli lögreglustjóra og ríkissaksóknara og ber hann ábyrgð á meðferð ákæruvalds í öðrum málum samkvæmt ákvörðuninni.

Markmið breytinganna er að efla og bæta almenna löggæslu og rannsókn sakamála. Einnig á að efla lítil sýslumannsembætti, en þar missa sýslumenn lögreglustjóraembættið, en þangað fara fjölmörg ný verkefni ef breytingarnar ná fram að ganga. Meðal þeirra verkefna er að starfrækja miðstöð ættleiðinga og miðstöð fasteignasölueftirlits, umsjón með útgáfu Lögbirtingablaðs og umsjón með innheimtumiðstöð fyrir sektar- og sakarkostnað. Talið er að kostnaður við flutning þessara verkefna og fjölgun starfa á landsbyggðinni samfara þessum tilfærslum verði um 50 milljónir króna.

„Ég tel að margt jákvætt sé í þessum breytingum en þó er mér það til efs að það sé hagkvæmt að þessi verkefni séu úti á landi,“ segir Páll Björnsson, sýslumaður á Höfn í Hornafirði. Hann er einnig efins um að þessi tilfærsla verði til að efla litlu sýslumannsembættin til langframa.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar frá því tillögur um nýskipan lögreglumála voru kynntar í október á síðasta ári. Þá var gert ráð fyrir því að lykilembætti yrði í Borgarnesi en ekki Akranesi líkt og nú er ráð fyrir gert, og á Seyðisfirði en ekki á Eskifirði. Þá var einnig fallið frá því að lögreglan í Hólmavík starfaði undir lykilembætti á Vesturlandi heldur heyrir það nú undir lögregluembættið á Ísafirði.

jse@frettabladid.is

NÝSKIPAN LÖGREGLUMÁLA




Stefán Skarphéðinsson sýslumaður í Borgarnesi:

# Segir Borgarnes enn miðsvæðis

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta er alveg óskiljanlegt því landfræðilega hefur ekkert breyst; Borgarnes er enn miðsvæðis,“ segir Stefán Skarphéðinsson sýslumaður í Borgarnesi. Í tillögum framkvæmdanefndar um lögreglumál sem lagðar voru fram í október á síðasta ári var gert ráð fyrir því að í Borgarnesi yrði lykillögregluembætti. Nú hefur Björn Bjarnason dómsmálaráðherra kynnt ákvörðun sína fyrir ríkistjórninni, en þar er gert ráð fyrir því að lykilembættið verði á Akranesi en ekki í Borgarnesi.

„Hér í Borgarnesi er til staðar sérfræðiþekking í rannsóknum engu síður nú en þegar tillögurnar voru lagðar fram í október svo að þetta er einnig óskiljanlegtað því leyti. Við höfum til dæmis afgreitt fleiri mál, og þar með rannsakað, en á Akranesi undanfarin ár svo ég veit satt að segja ekki á hvaða rökum þessi breyting er reist,“ segir Stefán.


**BORGANES** Sýslumaðurinn í Borgarnesi segir ákvörðun dómsmálaráðherra óskiljanlega miðað við tillögurnar í haust sem gerðu ráð fyrir því að lykilembætti yrði í Borgarnesi.

Einnig átti lögreglan í Hólmavík að starfa undir lögregluembættinu í Borgarnesi en frá því hefur einnig verið fallið og mun Hólmavíkurlögreglan starfa undir embættinu á Ísafirði. „Ég skil Vestfirðingana vel en við höfum átt í samstarfi við lögregluna á Hólmavík og munum glaðir gera það áfram,“ segir Stefán.

- jse




NÚ ER LIÐIÐ HEILT ÁR SÍÐAN COKE LIGHT KOM Á MARKAÐ OG HAFA VIÐTÖKURNAR VERIÐ **FRÁBÆRAR** ENDA BYGGIR COKE LIGHT Á HINU EINA SANNA **COCA-COLA** BRAGÐI.

**KÍKTU EFTIR FRÁBÆRUM AFMÆLISTILBOÐUM DAGANA 5.- 8. JANÚAR***

Coca-Cola light **RÉTTA BRAGÐIÐ** SYKURLAUST

*Á VÖLDUM SÖLUSTÖÐUM



**Á FLÓTTA** Mæðgur af hamfarasvæðinu í pakistanska hluta Kasmír bíða eftir neyðaraðstoð í flóttamannabúðum í Muzaffarabad í gær. Vetrarveður hrekur nú marga sem lifðu af jarðskjálftann mikla í haust niður úr fjöllunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umboðsmaður Alþingis fjallar um nágrannaerjur í Reykjavík:

# Úrskurður kærunefndar rangur

**HÚSNÆÐISMÁL** Umboðsmaður Alþingis hefur beint þeim tilmælum til kærunefndar fjöleignarhúsamála, sem starfar á vegum félagsmálaráðuneytisins, að nefndin taki að nýju upp mál sem hún hafði úrskurðað í.

Málsatvik eru þau að eigandi kjallaraíbúðar í fjölbýlishúsi lagði fram kvörtun vegna álits nefndarinnar um deilumál vegna innkeyrslu við húsið. Nefndin hafði úrskurðað að annar íbúi í húsinu, sem á bílskúr í enda innkeyrslunnar, hefði einn rétt til að leggja í innkeyrsluna þó að hún væri sameign allra eigenda hússins. Sagði nefndin að bílskúrinn væri sérafnotaflötur bílskúrseigandans. Þetta sætti íbúi kjallaraíbúðarinnar sig ekki við og kvartaði til umboðsmanns Alþingis.

Umboðsmaður taldi að hugtakið sérafnotaflötur fyndist ekki í lögum og þá sagði hann að þau rök kærunefndarinnar, að bílskúrseigandinn hefði einn rétt til að leggja í innkeyrsluna, ekki samræmast lögum. Hann beindi því þeim tilmælum til nefndarinnar að hún tæki málið upp aftur. - sk



**NÁGRANNAERJUR** Íbúum fjölbýlishúss í Reykjavík kemur ekki saman um hvernig nýta eigi innkeyrsluna við húsið. Myndin tengist fréttinni ekki með beinum hætti.

Seinheppinn þjófur:

## Hringdi óvart í lögregluna

**SVÍÞJÓÐ** Upp komst um sænskan innbrotsþjóf þegar hann hringdi óvart í lögregluna að sögn Dagens Nyheter.

Maðurinn braust inn á heimili en sonur eigendans var heimavið og hringdi úr farsíma í lögreglu en þjófurinn varð hans var og hirti af honum símann áður en hann hafði sig á brott. Þegar hann ætlaði að nota símann studdi hann óvart á endurval og fékk samband við lögregluna. Honum brá og fleygði símanum frá sér en gleymdi að slökkva á honum þannig að lögreglan heyrði hann kalla á leigubíl og náði honum fljótt. ■



**SUÐUR-SANDWICH-EYJAR** Gervihnattamynd af Montagu-eyju í Suður-Sandwich-eyjaklasanum. Skjálftinn varð undir hafsbotni 345 km frá eyjunum. NORDICPHOTOS/AFP

Jarðhræringar í S-Atlantshafi:

## Skjálfti upp á 7,3 á Richter

**JARÐSKJÁLFTI** Jarðskjálfti af styrkleikanum 7,3 á Richterskvarða, samkvæmt bráðabirgðamælingu bandarísku jarðvísindastofnunarinnar, varð undan Suður-Sandwich-eyjum syðst í Atlantshafi í byrjun vikunnar.

Engar vísbendingar voru um að skjálftinn hefði komið af stað flóðbylgju en fréttir af honum ollu þó því að þúsundir íbúa á strönd Srí Lanka - í þúsunda kílómetra fjarlægð - flýðu inn í land í öryggisskyni, að sögn AP.

Skjálftamiðjan er talin hafa verið á tíu km dýpi undir hafsbotni, 345 km suðaustur af Bristol-eyju, sem er í Suður-Sandwich-eyjaklasanum sem heyrir undir Bretland. ■

# Spilling á Bandaríkjaþingi

**Játningar Jack Abramoffs, sem um árabil var einn áhrifamesti lobbýistinn í Washington, í viðamikilli rannsókn á spillingu innan Bandaríkjaþings valda nú miklum titringi þar á bæ, einkum í herbúðum repúblikana.**



**JÁTAR SEKT** Jack Abramoff yfirgefur dómsal í Washington á þriðjudag. Abramoff hefur játað sig sekan um samsæri, skatt- og póstsvik. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**BANDARÍKIN, AP** Jack Abramoff, sem um árabil var einn áhrifamesti hagsmunapotarinn í Washington, játaði á þriðjudag á sig sakir í viðamikilli rannsókn á spillingu innan bandaríska þingsins. Abramoff hefur samþykkt að gefa saksóknara upplýsingar um aðra sem taldir eru viðriðnir málið, og í staðinn á hann von á að fá vægari dóm en ella, eða níu og hálft til ellefu ár í fangelsi.

Málið hefur vakið mikinn ugg meðal fjölmargra áhrifaríkra þingmanna innan Bandaríkjaþings, en talið er að um tuttugu þingmenn og aðstoðarmenn þeirra séu flæktir í málið. „Spillingarvefurinn sem tengist Abramoff er mjög víðtækur og við munum halda áfram að rekja hann hvert sem hann leiðir okkur,“ sagði Alice Fisher, aðstoðardómsmálaráðherra á blaðamannafundi.

Einn þeirra er öldungardeildarþingmaðurinn Tom DeLay, sem neyddist til að segja af sér sem leiðtogi repúblikana í fulltrúadeild Bandaríkjaþings. Saksóknarar segja DeLay hafa þáð að minnsta kosti andvirði 3,5 milljóna króna í pólitískan stuðning frá Abramoff. Í málskjölum kemur fram að skjólstæðingar Abramoffs hafi greitt eiginkonu eins aðstoðarmanna DeLays 50.000 dali, en þessi skjólstæðingar hans nutu góðs af því að frumvarp að nýjum lögum um heimildir til rekstrar fjárhættuspila á Netinu voru útvatnaðar þannig að yfirvöld fengu ekki eins rúmar heimildir til að stöðva slíkan rekstur eins og upprunalega stóð til. DeLay beitti sér gegn samþykkt upprunalega frumvarpsins.

Ekki hefur fengist staðfest hvort George W. Bush Bandaríkjaforseti hafi átt í persónulegum samskiptum við Abramoff, en áheyrn hjá forsetanum er meðal greiða sem talið er að hafi fengist fyrir þær greiðslur til áhrifamanna í Repúblikanaflokknum sem Abramoff átti milligöngu um.

- smk, aa


# Aðeins í janúar!

Álbox á 25% afslætti

**Vatns- og rykþétt álbox í mörgum stærðum.**

| Stærð mm | Lítrar | Krónur |
| --- | --- | --- |
| 400x300x245 | 29 | ~~8.342.-~~ 6.256.- |
| 550x350x245 | 47 | ~~9.849.-~~ 7.386.- |
| 550x353x380 | 76 | ~~9.700.-~~ 7.275.- |

| Stærð mm | Lítrar | Krónur |
| --- | --- | --- |
| 750x350x350 | 91 | ~~14.433.-~~ 10.824.- |
| 750x550x380 | 157 | ~~17.516.-~~ 13.137.- |
| 750x550x590 | 240 | ~~19.773.-~~ 14.829.- |




ARCTIC TRUCKS

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

06-0002 KC




**TRILLA Á SJÓ** Þeir sem mikið ferðast utan þéttbýlis hafa helst notað NMT-farsímakerfið. PFS vill gera ráðstafanir svo að notendum standi ávallt til boða langdræg farsímaþjónusta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lokun NMT-kerfisins frestað til ársloka 2008:

# Stafræn þjónusta mun taka við

**FJARSKIPTI** Póst- og fjarskiptastofnun hefur ákveðið að fresta lokun NMT-farsímakerfisins til ársloka 2008. Engu að síður er stefnt að því að fyrir árslok 2007 verði búið að taka í gagnið á NMT-tíðnisviðinu nýja stafræna þjónustu. Tveir af þremur sem vilja bjóða nýja þjónustu segjast hafa hug á að keppa við þriðju kynslóð farsímakerfis um fjarskipti í dreifbýli.

Stofnunin hefur tilkynnt Símanum um frestunina, en ákvörðunin er sögð byggjast á viðbrögðum við umræðum um framtíðarnotkun tíðnisviðsins sem stofnað var til í haust. Alls bárust níu umsagnir þar sem þrír sögðust hafa áhuga á að byggja upp nýtt fjarskiptanet. NMT-kerfið hefur helst verið notað af sjómönnum og svo þeim sem mikið ferðast utan dreifbýlis.

Til greina kemur að NMT-kerfinu verði lokað fyrr, ef ljóst verður að nýtt fjarskiptakerfi verði tilbúið, en það verður þá að liggja fyrir í lok þessa árs, að því er fram kemur í bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar til Símans. „Ef NMT-450-þjónustan verður starfrækt eftir 31. desember 2007 hyggst Póst- og fjarskiptastofnun gefa út sérstaka tímabundna tíðniheimild vegna þeirrar starfsemi. Sú tíðniheimild yrði þrengri en núgildandi heimild þar sem nauðsynlegt er að samkeyra NMT- þjónustuna og hina nýju stafrænu þjónustu í einhvern tíma,“ segir talsmaður stofnunarinnar. - óká

# ÚTSALAN

## HEFST Á MORGUN KL. 10.00

PUMA BÚÐIN

Laugavegur 42 - www.pumabudin.is

Sími 551 5599

# ÚTSA

## HEFST Í DAG!

# 60%

# 50%

# 40%

**Gríptu tækifærið og**
**gerðu góð kaup**

**Intersport Húsgagnahöll** SÍMI 585 7220 • Mán. - föstud. 10 -19 • Laugardaga 10 -18 • Sunnudaga 12 -18 • **Intersport Smáralind** SÍMI 585 7240 • Mán.

# ALAN

# 70% AFSLÁTTUR

# 30%

# 20%

INTERSPORT®

- föstud.11 - 19 • Laugardaga 11 - 18 • Sunnudaga 13 - 18 • **Intersport Selfossi** SÍMI 585 7197 • Mán. - föstud. 09 - 21 • Laugardaga 10 - 21 • Sunnudaga 10 - 21



**FORSETAMÁTAR** Hugo Chavez, forseti Venesúela (t.h.) faðmar Evo Morales, sem tekur við forsetaembættinu í Bólivíu síðar í mánuðinum, í Caracas í byrjun vikunnar. Þaðan hélt Morales til Spánar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Niðurstöður rannsóknar á áhrifum nikótíns á föstur:

# Nikótínplástur hættulegastur

**HEILBRIGÐSMÁL** Nikótínplástur er hættulegri heilsu fósturs á meðgöngu en beinar reykingar móðurinnar. Hættan á því að barn fæðist vanskapað á einhvern hátt er mun meiri ef móðirin notar nikótínplástur á meðgöngu en ef hún reykir. Þessar óvæntu niðurstöður koma fram í spænskri samanburðarrannsókn sem náði til rúmlega 75 þúsund kvenna. Niðurstöðurnar birtust í janúarhefti tímaritsins Obstetrics and Gynecology.

Löngu er vitað að konur sem reykja eiga það frekar á hættu að fæða vansköpuð börn en konur sem ekki reykja. Það sem kom vísindamönnunum hins vegar á óvart var að notkun nikótínplástra á meðgöngu jók þessa hættu mun meira en sjálfar reykingarnar. Mest var hættan á að börn þessara mæðra fæddust með vansköpun á beinum. Líkurnar á slíkri vansköpun var tveimur og hálfu sinni meiri en hjá börnum mæðra sem ekki reyktu.

Læknarnir sem unnu að rannsókninni telja skýringarnar á þessu þær að nikotínið úr plástrunum berist inn í líkama kvennanna í mun stærri skömmtum en við reykingar og hafi þar af leiðandi meiri áhrif á fóstrin. - ssal



**MANNSFÓSTUR** Spænsk rannsókn sýnir að notkun nikótínplásturs er hættulegri heilsu fósturs en reykingar móður.

Samantekt Fiskistofu:

# Minnsti fiskafli í tíu ár

**FISKVEIÐAR** Afli íslenskra skipa á árinu 2005 er áætlaður 1.667 þúsund tonn. Það er minnsti afli fiskveiðiflotans síðan 1995 þegar aflinn var 1.605 þúsund tonn. Mestur var aflinn árið 1997 eða 2.199 þúsund tonn.

Þorskaflinn nú í ár var fjórtán þúsund tonnum minni en 2004 en ýsu- og ufsaafli var talsvert meiri en árið áður.

Rækjuaflinn náði níu þúsund tonnum í ár og hefur hann ekki verið minni í 25 ár.

Vegna aukinnar vinnslu um borð í fiskiskipum var aflaverðmæti ársins svipað og 2004. - æþe



**BUGL FÆR ÁGÓÐANN** Ólafur Guðmundsson og Linda Kristmundsdóttir tóku við fénu úr hendi Ólafs Helga Ólafssonar frá Lýsingu.

Styrktartónleikar Lýsingar:

# Ágóðinn afhentur BUGL

**FJÁRSÖFNUN** Ein og hálf milljón króna söfnuðust á styrktartónleikum sem haldnir voru í Grafarvogskirkju fyrir skömmu. Allur ágóðinn rennur til Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans, en fjármögnunarfyrirtækið Lýsing stóð straum af tónleikunum.

Fénu verður varið til kaupa á leiktækjum, iðjuþjálfunartækjum og öðrum búnaði inn í nýja viðbyggingu við húsnæði BUGL, en fyrirhugað er að hefjast handa við hana fljótlega að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá Lýsingu. - ht

## MANNRÉTTINDI

**Hvatt til endurskoðunar á fjárveitingum** Rauði kross Íslands lýsir yfir áhyggjum sínum eftir að fjárveitingum til Mannréttindaskrifstofu Íslands var hætt. Samtökin hvetja stjórnvöld til að endurskoða ákvörðun sína.

# Fórnarlömb þora ekki að kæra

**Það færist í vöxt að fólk verði fyrir áreiti eða árásum fíkniefnaneytenda. Í sumum tilvikum er um blásaklausa borgara ræða en í öðrum ekki. Flestir eiga eitt sameiginlegt. Þeir þora ekki að kæra til lögreglunnar.**

**LÖGREGLUMÁL** Fólk sem verður fyrir barðinu á fíkniefnaneytendum þorir alla jafna ekki að kæra, jafnvel þótt það sé stórslasað eftir ágreiningsmál í fíkniefnaheiminum. Þá er orðið algengt að saklausir borgarar verði fyrir barðinu á fíkniefnaneytendum algerlega að ástæðulausu.

„Við höfum heyrt alls konar dæmi um þetta en oftast eru þetta hótanir um ofbeldi,“ segir Ásgeir Karlsson, yfirlögregluþjónn hjá ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík. „Það er vitað mál að það er talsvert ofbeldi í þessum fíkniefnaheimi,“ segir Ásgeir. „Þá eru menn að lúskra hver á öðrum. Eins verða óbreyttir borgarar fyrir barðinu á þessu fólki, algerlega að tilefnislausu. Við heyrum dæmi um að þeir sem verða fyrir aðkasti þori ekki að kæra eða sjái ekki ástæðu til þess. Svona er þetta að gerast.“

Fréttablaðið veit um staðfest dæmi þess, að þrír ungir menn veittust að vegfaranda í garðinum við Bústaðakirkju að kvöldi dags nú nýverið. Viðkomandi var í gönguferð með hund sinn, þegar einn ungu mannanna réðst að honum, greip í hann og hótaði öllu illu ef hann ekki hypjaði sig á brott. Það varð vegfarandanum til happs, að hann kallaði í hundinn sem kom þjótandi. Við það kom styggð að mönnunum, sem hlupu á brott með hundinn á hælunum. Atvikið hefur ekki verið kært.

„Vandamálið er að þessi ofbeldisbrot og hótanir skila sér ekki inn til lögreglu, þannig að við höfum ekki fullkomnar upplýsingar um það,“ segir Ásgeir. „En við heyrum um svona dæmi margoft. Fólk hringir í okkur og kveðst hafa orðið fyrir aðkasti. En það ákveður að gera ekkert í því, þar sem það þorir það ekki eða sér engan tilgang með því. Hins vegar er nauðsynlegt að lögregla fái vitneskju um svona tilvik, svo hægt sé að skrá þau niður. Án þess er ekki hægt að meta hversu algengt þetta er.“

Ólafur Ingimarsson, sérfræðingur á slysa- og bráðamóttöku Landspítala - háskólasjúkrahúss segir starfsfólk bráðamóttökunnar verða þess vart að fólk sem verði fyrir meiðslum vegna ágreiningsmála í fíkniefnaheiminum, eða af hálfu fíkla, þori ekki að kæra. Hann kveðst ekki hafa tölur yfir hve umfang þessa hóps sé mikið.

„Það er einhver hægur stígandi í þessu að ég tel, bæði varðandi tíðni og alvarleika áverka,“ segir Ólafur, sem unnið hefur á bráðamóttökunni frá 1998. „Svo geta verið býsna alvarlegir áverkar sem fólk leitar alls ekki með til okkar. Ég held að þetta sé harður heimur.“

Spurður um hvers konar meiðsl þessi fórnarlömb hafi þegar þau koma á bráðamóttökuna, segir Ólafur að óneitanlega séu stundum sagðar áverkasögur sem passi engan veginn við áverkann sem komið sé með til meðhöndlunar.

„Ég hef sjálfur séð áverka eftir eggjárn sem greinilega voru veittir af öðrum en sjúklingnum sjálfum,“ segir Ólafur. „En fólk fær sína meðferð hér óháð því hvernig áverkinn er tilkominn.“ jss@frettabladid.is



**LÖGREGLAN** Margir sem verða fyrir ógnunum eða árásum fólks úr fíkniefnaheiminum þora ekki að kæra til lögreglu. Hún vill fá að vita um slík mál.




ÚTSALA ÚTSALA

50 – 80 % AFSLÁTTUR

Einnig tveir fyrir einn tilboð á kr. 990,-

| Dæmi um verð. | Áður. | Núna. |
|---|---|---|
| Rúllukragapeysa | 6.000.- | 1.900.- |
| Marglit peysa | 7.200.- | 1.900.- |
| Jakkapeysa | 6.200.- | 2.900.- |
| Flís-jakkapeysa | 5.300.- | 1.900.- |
| Dömuskyrta | 4.900.- | 1.900.- |
| Ullarblazer | 6.600.- | 1.900.- |
| Gallajakki | 5.300.- | 1.900.- |
| Úlpa m/hettu og skinni | 5.800.- | 2.900.- |
| Mokkajakki | 10.800.- | 3.900.- |
| Pelsjakki | 7.900.- | 3.900.- |
| Kjóll m/perlum | 7.300.- | 1.900.- |
| Gallapils | 4.800.- | 1.900.- |
| Teinóttar buxur | 3.600.- | 1.800.- |
| Kvartbuxur | 4.700.- | 1.900.- |
| Gallabuxur | 5.400.- | 2.700.- |
| Silfur sandalar | 5.400.- | 1.900.- |

Frábær tveir fyrir einn tilboð á kr. 990,-

Og margt margt fleira

Opið frá 10:00 – 18:00

friendtex

Síðumúla 13 • Sími 568-2870


Mælingar mengunarvarna umhverfissviðs á svifryki:

# Mengun af völdum flugelda sló öll met

**FLUGELDAR** Svifryksmengun var hátt yfir heilsuverndarmörkum á nýársnótt, samkvæmt mælingum umhverfissviðs Reykjavíkurborgar.

Mælistöð mengunarvarna umhverfissviðs, sem staðsett er á Langholtsvegi, sýndi 1800 míkrógrömm á rúmmetra þegar nýtt ár gekk í garð. Lúðvík Gústafsson, deildarstjóri mengunarvarna, segir það vera hæsta gildi sem hann hafi séð. Yfirleitt fjarar mesta mengunin út á fyrsta klukkutímanum eftir að nýtt ár gengur í garð en núna var mengunin yfir heilsuverndarmörkum alla nóttina.

Allar mælistöðvar umhverfissviðs á mengun vegna svifryks sýndu niðurstöður hátt yfir heilsuverndarmörkum. Mörkin eru 50 míkrógrömm á rúmmetra samkvæmt sólarhringsmeðaltali. Mælistöðin á Grensási sýndi hæst rúmlega 700 míkrógrömm á rúmmetra og mælistöðin í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum hæst 437. Svifryksmengunin var yfir heilsuverndarmörkum til hálf átta á nýársmorgun.

Talið er að landsmenn hafi keypt flugelda, blys og annað því um líkt fyrir meira en hálfan milljarð króna núna um áramótin, að því er kemur fram hjá mengunarvörnum, og er getum að því leitt að þetta séu um 600 tonn af efni sem kveikt var í. -jss



**FLUGELDAMENGUN** Gígurlegu magni af flugeldum var skotið upp á gamlárskvöld og nýársnótt. Svifryksmengun af þeirra völdum hefur ekki mælst meiri í manna minnum og var hún yfir heilsuverndarmörkum alla nóttina.

HUNDRUÐ VÖRUTEGUNDA MEÐ ROSALEGUM AFSLÆTTI

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 85% AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL AF SJÓNVÖRPUM
MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

JVC GRUNDIG DIBOSS THOMSON Dantax PHILIPS UNITED

**37%**
TÖKUVÉL MEÐ DISK
VERÐ ÁÐUR kr. 94.990
TILBOÐ kr. 59.990
AFSLÁTTUR kr. 35.000
JVC MEÐ HÖRÐUM DISK

**21%**
21" SJÓNVARP
VERÐ ÁÐUR kr. 18.990
TILBOÐ kr. 14.990
AFSLÁTTUR kr. 4.000
UNITED

**15%**
42" PLASMASJÓNV.
VERÐ ÁÐUR kr. 199.990
TILBOÐ kr. 169.990
AFSLÁTTUR kr. 30.000
THOMSON

**30%**
DVD SPILARI - DivX
VERÐ ÁÐUR kr. 9.990
TILBOÐ kr. 6.990
AFSLÁTTUR kr. 3.000
GRUNDIG DivX VIDEO

**20%**
21" SJÓNVARP - DVD
VERÐ ÁÐUR kr. 24.990
TILBOÐ kr. 19.990
AFSLÁTTUR kr. 5.000
UNITED DVD VIDEO

**46%**
HEYRNARTÓL
VERÐ ÁÐUR kr. 1.290
TILBOÐ kr. 690
AFSLÁTTUR kr. 600
JVC

HÁTALARAR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI Dantax JBL Infinity

TAKMARKAÐ MAGN ▶ FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!

MIKIÐ ÚRVAL AF HEIMABÍÓKERFUM FRÁ KR. 9.990 PHILIPS JVC UNITED

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2006

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

HUNDRUÐ GIRNILEGRA TILBOÐA Á HEIMASÍÐUNNI WWW.SM.IS

## „ORÐRÉTT“

### Alltaf gott að vera bjartsýnn

**„Ég er tiltölulega bjartsýnn á gengi landsliðsins og sannfærður um að við getum betur en við syndum í fyrra.“**

EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN KNATTSPYRNUMAÐUR OG ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS Í FRÉTTABLAÐINU.

### Þvílík hneisa

**„Það getur hver sem er leigt Laugardalshöllina til að halda tónleika, það eina sem þarf er leyfi frá lögreglustjóra sem kostar 5.000 krónur.“**

EINAR BÁRÐARSON TÓNLEIKAHALDARI ER GAGNRÝNINN Á AÐ ENGAR REGLUR GILDI UM TÓNLEIKAHALD. MARKAÐURINN

nær og fjær

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HELGA GUÐMUNDSDÓTTIR, FORSETI KVENNFÉLAGASAMBANDS ÍSLANDS

## Söfnuðu 4 milljónum fyrir Unicef

„Ég hafði það bara nokkuð gott um hátíðarnar, þakka þér fyrir“, segir Helga Guðmundsdóttir, forseti Kvenfélagasambands Íslands, þegar blaðamaður forvitnast um hvernig hún eyddi dögunum um hátíðirnar.



Helga hefur unnið sem kirkjuvörður í Langholtskirkju í tvö og hálft ár. „Það var mikið að gera fyrir jólin vegna þess mikla og lifandi starfs í kringum kirkjuna. Maður varð að vinna á aðfangadagskvöld og svo voru jólin svo stutt að ég var mætt til vinnu nánast daginn eftir“, segir Helga og hlær.

Á Þorláksmessu tók Helga á móti miklum fjölda gesta og ættingja eins og venjulega. „Ég er alltaf með opið hús á Þorláksmessu, þá koma vinir og vandamenn í heimsókn eftir að búið er að loka búðum og fá sér hangikjöt og síld. Þetta hefur verið hefð hjá mér í áratugi“, segir hún.

Framundan á nýju ári hjá henni er að efla félagsstarfið í kvenfélögunum, sem nú þegar er mikið og gott. „Við erum að undirbúa landsþing sem verður í sumar á Akureyri. Landsþing okkar er haldið á þriggja ára fresti og þá koma saman hundrað til tvö hundruð konur úr kvenfélögum landsins og það er gríðarlega skemmtilegt“, segir stoltur forseti sambandsins. Samband kvenfélaga hefur verið starfrækt í 76 ár í sumar og eru í því um tíu þúsund konur. Síðast var landsþingið haldið á Egilsstöðum.

Kvenfélögin réðust í dúkkugerð á síðasta ári í samvinnu við Unicef. „Við konurnar í kvenfélögunum saumuðum dúkkur og það fóru um ellefu þúsund vinnustundir í sjálfboðavinnu í gerð þeirra. Þær seldust eins og heitar lummur og söfnuðust í kringum fjórar milljónir fyrir Unicef“.

Spurð hvort hún hafi strengt einhver áramótaheit svaraði hún: „Nei, það geri ég aldrei. Þau eru eiginlega bara til þess gerð til þess að svíkja þau“.

## SJÓNARHÓLL

**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS 2005**



REGÍNA ÓSK

### Á þetta svo sannarlega skilið

„Mér líst ofboðslega vel á þetta og Eiður á þetta svo sannarlega skilið,“ segir Regína Ósk Óskarsdóttir söngkona um val íþróttafréttamanna á Eiði Smára Guðjohnsen sem íþróttamanni ársins 2005.

Hún fylgdist með sjónvarpsútsendingu frá athöfninni í fyrrakvöld og varð snortin. „Ég fékk tár í augun þegar hann afhenti peningana til einstakra barna, mér fannst það einstaklega vel gert hjá honum.“

Eiður Smári hlaut hálfa milljón króna að launum frá Íslandsbanka fyrir að vera útnefndur íþróttamaður ársins en gaf umsvifalaust fjárhæðina til samtakanna Einstök börn.

Regína Ósk segist ekki fylgjast grannt með knattspyrnu en fréttir þó þegar eitthvað markvert gerist. En ætli hún haldi með Chelsea í ensku knattspyrnunni? „Eigum við ekki að segja það bara,“ segir hún og hlær. „Fyrst Eiður er í Chelsea þá held ég með Chelsea.“

# Sólarlandaferðirnar renna út

**Sú tíð er liðin að ferðaskrifstofurnar kynni sumarleyfisferðir sínar um mánaðamótin janúar/febrúar. Sólarlandaferðir sumarsins eru komnar í sölu og margir hafa þegar bókað dvöl.**

„Þetta byrjaði miklu fyrr núna en undanfarin ár og allt var komið í sölu vel fyrir jól,“ segir Helgi Eysteinsson hjá Úrvali Útsýn. Fjölskyldufólk er jafnan fyrst til að ganga frá sumarleyfinu og vill hafa vaðið fyrir neðan sig. „Fjölskyldufólk veit að framboð á íbúðum með tveimur svefnherbergjum er mjög lítið og því þarf að bóka strax. Þegar hefur hellingur af fólki komið og gengið frá sínu sumarleyfi og gerði það um leið og ferðirnar komu í sölu.“ Margir bókuðu sína ferð strax í desember og svo hefur mikið verið að gera í upphafi nýs árs.

Áður fyrr fylgdi því nokkurt umstang þegar ferðaskrifstofurnar kynntu sumarleyfisferðir sínar og var það jafnan gert um mánaðamótin janúar/febrúar. Hélst það í hendur við að nýtt kortatímabil væri í deiglunni en fólk hugaði ekki að sumarleyfinu fyrr en jólaneyslan hafði verið gerð upp við kortafyrirtækin. Sú tíð er liðin, nú voru ferðirnar komnar í sölu í desember og örtröðin talsverð á ferðaskrifstofunum. Helgi veit þó að þrátt fyrir almennt góðan efnahag geta ekki allir pantað sér ferðina sína strax. „Auðvitað bíða margir og sumir hafa af því áhyggjur hvort eitthvað verði enn til þegar nýtt kortatímabil hefst.“

Ferðavenjur Íslendinga hafa um margt breyst á fáum árum og fara margir í nokkrar styttri ferðir frá hausti fram á vor. Ekkert hefur dregið úr lengri sumardvölum á sólarströndum og virðast borgarferðir og heimsóknir á framandi slóðir hrein viðbót. ■



**STRANDLÍF** Sem fyrr munu Íslendingar flykkjast til sólarlanda í sumar og margir hafa þegar pantað sér ferð. Ferðaskrifstofurnar bíða ekki lengur fram í febrúarbyrjun með að kynna sumarleyfisferðirnar. Myndin var tekin í Sydney í Ástralíu á nýársdag en þar er nú sumar.

MYND/AP






**BLÁSIÐ Í MUNNHÖRPUNA** Þorgrímur Kristmundsson lék á munnhörpuna sína við messu eldri borgara á þriðjudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Guðsþjónusta eldri borgara í Háteigskirkju:

## Blásið í munnhörpu í messu eldri borgara

Fjölmenni var við messu eldri borgara í Háteigskirkju í fyrradag. Áætlað er að um 280 manns hafi sótt messuna sem er heldur meira en gengur og gerist við hefðbundnar messur.

Tómas Sveinsson sóknarprestur messaði og Gerðubergskórinn söng. Þorgrímur Kristmundsson kórfélagi lék á heimasmíðaða munnhörpu sína við messuna en heldur fátítt er að leikið sé á munnhörpu við messu.

Messur eldri borgara eru haldnar reglulega og er aðsókn jafnan góð. ■

Gangur himintunglanna:

## Þorrinn óvenju snemma á ferð

Þorri gengur í garð föstudaginn 20. janúar að þessu sinni og hefjast um leið hefðbundin og rótgróin þorrablót um land allt. Þorrinn er snemma á ferðinni þetta árið en samkvæmt upplýsingum frá Þorsteini Sæmundssyni stjörnufræðingi getur þorri fyrst hafist 19. janúar. Verður sú raunin á næsta ári.

Þorri hefst á föstudegi í þrettándu vikur vetrar og gerir gangur himintunglanna það að verkum að dagsetning þess dags getur sveiflast frá 19. janúar til 26. janúar. Er fyrsti dagur þorra nefndur bóndadagur.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er undirbúningur þorrablóta þegar hafinn, bæði hvað varðar aðföng og skemmtiatriði. ■



**SÚRIR HRÚTSPUNGAR** Gjarnan snæddir á þorranum

## Svona erum við

> Vöruskipti við útlönd frá janúar til nóvember 2005 (í milljónum króna)




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** HRINGORMAR Í FÓLKI

## *Suða og frysting fyrirbyggja smit*

Tvö tilfelli af hringormasmiti úr fiski hafa komið upp í fólki hér á tveimur síðustu árum. Um var að ræða lirfur sem vart varð í koki einstaklinga sem borðað höfðu illa hitaða rétti úr ferskum steinbít fimm og sex dögum áður. Í fyrra tilvikinu vaknaði karlmaður við að ormur var að hreyfa sig í koki hans. Í síðara tilvikinu fann ung kona fyrir ertingu í hálsi. Þegar hún hóstaði skaust lirfan upp í kok.



**Hvernig berast hringormarnir?**

Tvær tegundir þráðorma eru þekktar fyrir að geta lifað í fólki. Ormarnir ná þó aldrei fullum þroska í þeim híbýlum, þótt þeir geti jafnvel lifað í þeim svo vikum skiptir. Menn eru ekki náttúrulegir hýslar, en hringormar úr fiski geta hreiðrað um sig í þeim og valdið sjúkdómi. Erlendis eru árlega greind fjölmörg tilfelli þar sem fólk hefur fengið í sig lifandi hringorma úr sjávarfiskum. Flest tilfellin koma frá löndum þar sem hefð er fyrir því að borða hráan eða hálfhráan fisk, en ormarnir drepast við suðu.

**Hver eru sýkingarformin?**

Sýkingarform af völdum hringorma í mönnum eru flokkuð í þrennt. Einfaldasta formið er oftast tiltölulega meinlaus sýking í meltingarvegi, þar sem lirfurnar ná ekki að bora sig inn í slímhimnu meltingarvegar og festa sig þar, heldur flakka um meltingarveginn. Í næstu gerð sýkingar taka hringormalirfur sér bólfestu í vegg magans. Þeim fylgir magabólga og einkenni sem minna á magasár. Ógleði, uppköst, stöðug hungurtilfinning og verkir í kviði geta fylgt. Þriðja sýkingargerðin er smit í kviðarholi sem jafnframt er talið alvarlegast. Þá hafa lirfurnar annað hvort búið um sig í þarmavegg eða farið í gegnum þarmana yfir í kviðarhol eða í líffæri, svo sem lifur, gallblöðru eða eitla.

**Aðferðir gegn smitun og til lækninga?**

Hringormar í fiskholdi drepast við hitun upp fyrir 70 gráður á celsíus í eina mínútu eða í 20 gráðu frosti í vikutíma. Þær aðferðir eiga því að vera nægilega fyrirbyggjandi til að koma í veg fyrir smit. Ef fólk sýkist eru tilteknar tegundir ormalyfs notaðar, en þær vinna gegn þráð- og bandormasýkingum í mönnum. **Heimild: Læknablaðið**

## SPURT & SVARAÐ

GAS

## *Notkun gass hefur aukist*



GEIR ÞÓRARINN ZOËGA
Forstjóri Ísaga

Umræðan um gas hefur verið áberandi að undanförnu í ljósi þess að Rússar hóta að skrúfa fyrir gasið hjá Úkraínumönnum og þar skjálfa menn af tilhugsuninni einni saman, enda er stór hluti húsa þar hitaður með gasi. Geir Þórarinn Zoëga, forstjóri Ísaga, var inntur svara við því hvort gas væri nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga.

**Hversu mikið af gasi berst hingað til lands árlega og hvernig?**

Heildarmarkaður gass er um tvö þúsund tonn árlega en neytendamarkaðurinn er um fjórtán hundruð tonn árlega. Gasfélagið flytur gasið inn á skipum í tönkum sem taka um fjögur hundruð tonn af fljótandi gasi.

**Hvaðan kemur gasið?**

Það kemur mest úr Norðursjó og Norðmenn selja okkur mest af því gasi sem er notað hér á landi.

**Í hvað notum við gasið helst?**

Við notum mest af gasi í gasgrillin og í eldhúsin, gaseldavélum hefur fjölgað gríðarlega í eldhúsum landans undanfarin ár. Notkun gass hefur því dreifst mikið yfir árið.

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá **hringt í það ef Fréttablaðið kemur ekki einhvern tímann ekki.**

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

# Eftir höfðinu dansa limirnir

**FL Group greiddi tveimur stjórnendum 130 milljónir og 161 milljón króna við starfslok. Aðeins eru tvö ár síðan Alþingi samþykkti verulega hækkun á eftirlaunum þingmanna og ráðherra. Sumir þeirra sem samþykktu frumvarpið gagnrýna nú starfslokasamninga FL Group.**

Kostnaðarauki ríkissjóðs, eftir að lög um eftirlaun æðstu embættismanna tóku gildi í ársbyrjun 2004, nemur 650 milljónum króna. Skuldbindingar ríkissjóðs vegna eftirlauna þingmanna og ráðherra námu 7.074 milljónum króna í árslok 2004 og er kostnaðaraukinn inni í þeirri tölu.

Ragnhildur Geirsdóttir, fyrrverandi forstjóri FL Group, fær 130 milljónir frá félaginu næstu fjögur til fimm árin vegna starfsloka sinna í haust. Hún gegndi starfinu í fimm mánuði, en hafði áður unnið ýmis stjórnunarstörf hjá fyrirtækinu. Sigurður Helgason, sem lét af starfi forstjóra vorið 2005, fær 161 milljón króna vegna sinna starfsloka, en hann hafði leitt Flugleiði og síðar Icelandair í áratugi.

Starfslokagreiðslur og eftirlaun eru auðvitað hvor sinn hluturinn en Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, sagði í árslok 2003 að verkalýðsforystunni væri „gróflega misboðið og við erum öskureiðir“. Hann sagði líka „frumvarpið hefur auðvitað allt yfirbragð starfslokasamnings við forsætisráðherra og síðan er stungið myndarlegum dúsum upp í stjórnarandstöðuna“.

**Stór orð og háar upphæðir**

Stór orð hafa fallið meðal stjórnmálamanna upp á síðkastið um starfslokagreiðslurnar hjá FL Group en ekki er svo langt síðan stjórnmálamenn skömmtuðu sjálfum sér og æðstu embættismönnum þjóðarinnar eftirlaunagreiðslur sem höfðu um 650 milljóna króna kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð, en lögin um eftirlaun æðstu embættismanna tóku gildi í ársbyrjun 2004.

Þessar 650 milljónir skiptast þannig að liðlega 400 milljónir króna eru vegna þingmanna og ráðherra, þar af eru 323 milljónir vegna þingmanna og um 83 milljónir vegna ráðherra, og 242 milljónir vegna dómara. Hækkunin vegna eftirlauna ráðherra nam frá ársbyrjun til ársloka 2004 um 178 milljónum króna.

Talnakönnun var fengin til að reikna út kostnaðinn við eftirlaunaskuldbindinguna og samkvæmt þeim átti skuldbinding vegna ráðherra árið 2004 að hækka um 83 milljónir króna. Breytingin hefði í versta falli átt að verða 211 milljónir en í besta falli 66 milljónir króna. Skuldbindingin vegna alþingismanna átti að hækka um 323 milljónir króna. Breytingin hefði verst getað orðið 172 milljónir samkvæmt útreikningunum og best mínus 130 milljónir. Skuldbindingin vegna annarra embættismanna átti að hækka um 242 milljónir.

Eftirlaunafrumvarpið var lagt fram af fulltrúum allra stjórnarflokkanna. Halldór Blöndal, forseti Alþingis, mælti fyrir því en meðflutningsmenn voru Guðmundur Árni Stefánsson, Jónína Bjartmarz, Þuríður Backman og Sigurjón Þórðarson en tvö síðastnefndu drógu stuðning sinn til baka.

Lögin voru samþykkt í árslok 2003 og tóku gildi um áramótin 2004. Samkvæmt þeim gátu fyrrverandi ráðherrar tekið eftirlaun sextugir ef þeir höfðu verið ráðherrar í sex ár. Hefðu þeir verið ráðherrar lengur hefðu þeir komist á eftirlaun fyrr, jafnvel 55 ára.

**Níu áttu rétt**

Í Fréttablaðinu fyrir ári kom fram að níu fyrrverandi ráðherrar ættu rétt á eftirlaunum úr ríkissjóði þó að þeir væru í fullu starfi á vegum hins opinbera. Þetta voru sendiherrarnir Jón Baldvin Hannibalsson, sem átti rétt á 370 þúsund krónum á mánuði, Þorsteinn Pálsson, sem átti rétt á 360 þúsund krónum, og Svavar Gestsson, sem átti rétt á 350 þúsund krónum.

Samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins átti Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, rétt á um 330 þúsund krónum, Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, átti líka rétt á 330 þúsund krónum, og Sighvatur Björgvinsson, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, átti rétt á 290 þúsund krónum.

Eiður Guðnason átti rétt á 250 þúsund krónum, Kjartan Jóhannsson um 210 þúsund krónum og Tómas Ingi Olrich á um 150 þúsund krónum. Þessir þrír eru sendiherrar.

Í blaðinu kom fram að Guðmundur Bjarnason fengi 117 þúsund krónur í eftirlaun vegna ráðherrastarfa. Við bætast eftirlaun fyrir þingmennsku. Friðrik Sophusson lýsti yfir að hann hygðist nýta sér þennan rétt. Sighvatur Björgvinsson kvaðst þiggja eftirlaun vegna þingmannsstarfa sinna.

Eftirlaunafrumvarpið varð umdeilt og þá sérstaklega sú staðreynd að ráðherrar og þingmenn gætu hafið töku eftirlauna þó að þeir væru í fullu starfi hjá hinu opinbera.

### Græðgisvæðing sem gengur fram af venjulegu fólki



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Ekki náðist í Steingrím J. Sigfússon, formann vinstri grænna, í gær en hann greiddi ekki atkvæði um frumvarpið á sínum tíma heldur kallaði inn varamann í sinn stað. Steingrímur sagði í sjónvarpsfréttum nýlega að starfslokagreiðslurnar hjá FL Group gengu fram af venjulegu fólki. Hin hliðin á „ofsagróðanum og græðgisvæðingunni“ ætti að vera kröfur um að þjónusta fyrirtækjanna verði ódýrari og að viðskiptavinir þeirra njóti góðs af þessari afkomu. „Svo virðist ekki vera. Í anda þeirrar græðgisvæðingar sem hefur gengið yfir snýst allt um að hámarka ofsagróðann sem hraðast.“

### Ósanngjarn samanburður



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON

Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður þingflokks sjálfstæðismanna, telur ósanngjarnt að bera saman starfslokasamninga stjórnenda FL Group og eftirlaun ráðherra og þingmanna því að þar séu tveir ólíkir hlutir á ferð. Hann kveðst ekki geta ímyndað sér að atvinnulífið geti í miklum mæli borið starfslokagreiðslur á borð við það sem stjórnendur FL Group fengu en telur ánægjulegt að hægt sé að borga góð laun. „Þeir sem eiga þessi fyrirtæki taka ákvarðanir um hvernig þeir haga sínum málum en þetta er að sönnu snúið þegar um almenningshlutafélag er að ræða,“ segir hann.

### Gerir þjóðinni óleik



EINAR ODDUR KRISTJÁNSSON

Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, telur forystu FL Group gera þjóðinni óleik með starfslokagreiðslum sínum og lítur á það sem kæruleysi af hálfu þeirra manna sem ákvarða starfslokagreiðslur til toppstjórnenda. Einar Oddur varar við öllum launahækkunum eins og ástand efnahagsmála er núna þar sem allt er spennt til hins ítrasta.
„Þessi vinnumarkaður er eins og kvika. Allt sem hreyfist skapar nýjar kröfur og nýtt réttlæti hjá öðrum. Ég tel mig engan handhafa endanlegs sannleika um það hvaða laun eiga að vera í þjóðfélaginu en ég er mjög hræddur við þessa þróun, það eru kjánar sem ekki eru hræddir því að menn eiga að vera á tánum gagnvart þessari þróun,“ segir hann.

### Ekki gefið gott fordæmi



HELGI HJÖRVAR

„Það væri synd að segja að Alþingi hafi gengið á undan með góðu fordæmi í því að ákvarða sérkjör á toppstjórnendur. Það hefur komið fram að Alþingi ákvað að færa þingmönnum, ráðherrum og dómurum aukin réttindi upp á yfir hálfan milljarð króna, meðal annars á grundvelli villandi upplýsinga um kostnaðinn. Eftir höfðinu dansa limirnir. Mönnum þarf ekki að koma það sérstaklega á óvart að á einkamarkaði séu teknar ákvarðanir um óhæfileg starfslokakjör. Þar hafa menn það til málsbóta að þeir eru að höndla með eigið fé, eða að minnsta kosti meirihluta eigenda, meðan þingmenn og ráðherrar ráðstafa skattpeningum.“



FRÉTTASKÝRING
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.
ghs@frettabladid.is



FRÉTTASKÝRING
JÓHANN HAUKSSON
johannh@frettabladid.is

DEBENHAMS

# útsalan af enn meiri krafti

## Allar útsöluvörur

# 50% afsláttur

DEBENHAMS

SMÁRALIND

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 28942 07/2005

## Útgjöldin

> Verð á 100 lítrum af 95 oktana bensíni á þjónustustöðvum miðað við verðlag á öllu landinu í ágúst.




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** BJÖRGÓLFUR THORSTEINSSON FORMAÐUR LANDVERNDAR

## *Grunsamlegur kveikjari*

Björgólfur Thorsteinsson, formaður Landverndar, segir að bestu kaupin sem hann muni eftir hafi verið gamall rauður Willys blæjujeppi.

„Þetta var ´65 módel og ég eignaðist hann þegar ég var 18 ára gamall. Bíllinn veitti mér ómælda ánægju og gerði mér kleift að uppgötva Ísland og hálendi landsins. Það voru ótal stundir sem það kom sér vel að eiga svona fínan jeppa sem brást manni aldrei.“ Spurður hvort hann eigi bílinn ennþá segir Björgólfur að hann hafi selt hann fyrir mörgum árum en að hann sakni þess stundum að bíllinn sé ekki til staðar þegar haldið er út á land. „Þessir bílar voru svo einfaldir í allri gerð, ég gerði við hann sjálfur, þar sem ég hafði ekki efni á neinu öðru, tók hann í sundur og skoðaði gangverkið í honum og setti hann svo saman aftur. Ég var afskaplega hændur að bílnum á þessum árum,“ segir Björgólfur.



Verstu kaup Björgólfs eru hins vegar nýrri af nálinni. Þá var hann að koma frá Lundúnum og ákvað að kaupa kveikjara. „Ég keypti stofukveikjara með svona löngu hlaupi, til að kveikja á kertum. Ég setti hann í handfarangurinn en var stoppaður á flugvellinum og tollverðirnir voru mjög lengi að finna hvar hann var, því kveikjarinn lítur ekki út eins og venjulegur kveikjari. Eftir langan tíma fundu þeir nú kveikjarann og tóku hann í sína vörslu, en þetta tafði mig um rúmar 30 mínútur,“ segir Björgólfur. Að sögn Björgólfs endaði kveikjarasagan ekki á flugvellinum. „Ég fékk hann svo með pósti rétt fyrir jól en ég náði bara að kveikja á þremur kertum áður en kveikjarinn dó, þannig að ég held að þetta séu verstu kaupin sem ég man eftir.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### HVERNIG KLIPPA SKAL STEINSELJU

■ *Dóra Pálsdóttir, kennari og stjórnarmaður Samtaka um betri byggð, lumar á þremur húsráðum sem hún miðlar lesendum.*



Í fyrsta lagi segir hún að þegar klippa skal steinselju í mat sé einfalt og fljótlegt að klippa stilkana frá, stinga steinseljunni í vatnsglas og stinga svo skærum ofan í glasið og klippa steinseljuna þar í jafna búta. Í öðru lagi segir hún gott að bera venjulega bökunarsítrónudropa á bletti undan límmiðum. Límið renni af þegar þurrkað sé yfir blettinn. Í þriðja lagi er gott að blanda saman til helminga rauðspritti og vatni, setja í úðabrúsa og nota blönduna á spegla og sandblásið gler og nota ekki endilega mjúka tusku. Þetta segir hún að sé ódýrara og fljótlegra en Ajax.

■ **Hvað kostar ... í sund?**

## Dýrast í Kópavogi

Misjafnt er, eftir því í hvaða sveitarfélagi skroppið er í sund, hvað heimsóknin kostar. Fyrir fullorðinn einstakling í Garðabæ, Hafnarfirði og á Seltjarnarnesi kostar einstaka ferð 200 krónur en 250 krónur í Reykjavík og 280 í Kópavogi. Fyrir barn kostar ein heimsókn 50 krónur á Seltjarnarnesi, 100 krónur í Garðabæ og í Hafnarfirði, 110 krónur í Reykjavík, en 120 í Kópavogi. Ef kaupa á tíu miða kort fyrir fullorðinn, kostar það 1.500 krónur í Hafnarfirði, Garðabæ og á Seltjarnarnesi, 1.900 krónur í Reykjavík og 2.100 í Kópavogi. Fyrir börn er tíu miða kort ódýrast á Seltjarnarnesi og kostar 400 krónur en 500 í Hafnarfirði, 600 í Garðabæ, 750 í Reykjavík og 900 í Kópavogi.



■ **Verslun og þjónusta**

## Nýtt bókunarkerfi Herjólfs

Eimskip tók við rekstri Herjólfs frá og með áramótum. Með þeirri breytingu var tekið upp nýtt bókunar- og greiðslukerfi, ásamt nýju afsláttarfyrirkomulagi. Farþegar Herjólfs geta nú bókað og greitt fyrir farmiða í gegnum nýja heimasíðu Herjólfs, herjolfur.is. Þar verður hægt að bóka og borga fyrir farmiða, svefnpláss og pláss fyrir einkabíla. Síðar verður hægt að kaupa afsláttarmiða í gegnum sama kerfi, en fyrst um sinn mun slík sala einungis fara fram í afgreiðslum Herjólfs í Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn. Herjólfur siglir nú tvær ferðir, fram og til baka, á hverjum degi, utan vissa hátíðisdaga.



■ **Verslun og þjónusta**

## Saga Boutique með verslun í flugstöðinni

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. og Saga Boutique hafa gert með sér samning um rekstur verslunar í flugstöðinni. Í versluninni verður lögð áhersla á þekkt vörumerki í dömu- og herrafatnaði, skóm og fylgihlutum. Þar verður meðal annars að finna Boss, Burberry, Sand, Wolford og Lacoste, auk fatnaðar eftir íslenska hönnuði. Saga Boutique er eitt af þeim fyrirtækjum sem munu reka verslun á nýju verslunarsvæði flugstöðvarinnar og tekur samningurinn gildi 1. júní 2006.



95.000 HEIMILI

NOTAÐU ÖFLUGASTA FJÖLMIÐIL LANDSINS TIL AÐ DREIFA SKILABOÐUM TIL ÞINNA VIÐSKIPTAVINA

Með því að dreifa innskotsblöðum og efni með Fréttablaðinu nærðu til 95.000 heimila um allt land og tryggir hámarksnýtingu á markaðsfé þínu.

Hafðu samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins í síma 550 5010 eða augl@frettabladid.is og kynntu þér verð og dreifimöguleika.

FRÉTTABLAÐIÐ

# Aðsóknin mest fyrstu þrjá mánuðina

**Áramótin eru liðin með tilheyrandi áti og afslöppun og í kjölfarið ákveða margir að hefja heilsuátak. Fréttablaðið kannaði hvað kostar að púla í tækjasölum nokkurra líkamsræktarstöðva.**

Mismunandi hvatir knúa menn áfram í baráttu fyrir betri heilsu, hjá sumum er það samviskubit en aðrir sækjast einfaldlega eftir þeirri vellíðan sem fylgir líkamsþjálfun. Líkamsræktarstöðvarnar bjóða allar upp á árskort og svo eru einhvers konar tilboð í gangi allt árið um kring. Einnig er aðstaða og þjónusta líkamsræktarstöðvanna mismunandi og tilboðin miðast að einhverju leyti við það.

Að sögn starfsmanna líkamsræktarstöðvanna eru stöðvarnar alltaf vel sóttar fyrsta mánuð ársins. Kraftajötuninn Georg Ögmundsson er framkvæmdastjóri líkamsræktarstöðvarinnar Orkuversins, en árskortið hjá þeim kostar rétt undir 30.000 krónum. „Það er eins og gengur og gerist, að landinn er nú ennþá hálf rauðvínsleginn út þessa viku. Fólk er svona að gíra sig upp fyrir átökin,“ segir Georg.

Það vill oft gerast að fólk byrjar af krafti í líkamsrækt en svo fer að halla undan fæti og á endanum er kortið farið að rykfalla ofan í skúffu. Georg segir að í janúarmánuði fyrir ári síðan hafi orðið mikil aukning í aðsókn hjá Orkuverinu og að flestir hafi haldið út í um þrjá mánuði, en svo hafi aðsóknin hægt og rólega minnkað. „Það var hins vegar ekki fyrr en um sumarið sem maður fór virkilega að sjá fækkun hjá iðkendum. Það gerðist eitthvað fyrsta júní, líklega hefur fólk verið farið að hugsa um aðra hluti, tekið fram golfsettið eða farið út að skokka, ég vona alla vega að það hafi verið ástæðan,“ segir hann.



**LÍKAMSRÆKT** Margir vilja losna við nokkur aukakíló eftir mikil veisluhöld um jól og áramót og flykkjast þar af leiðandi á líkamsræktarstöðvar landsins. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Heilsuræktarstöðin Hreyfing býður sínum viðskiptavinum upp á fjölbreytt úrval af námskeiðum. Árskortið hjá þeim er nokkru dýrara en hjá Orkuverinu og kostar tæpar 48.000 krónur. Ingibjörg Reynisdóttir, deildarstjóri ráðgjafa hjá Hreyfingu, segir að þar sé ekki verið að stíla inn á að vera með verðsamkeppni heldur séu margir aðrir þættir sem ráði verðinu. „Við teljum okkur bjóða upp á mjög góð verð miðað við þá góðu þjónustu sem við veitum. Til dæmis eru allir þjálfararnir okkar vel menntaðir, þeir eru allir með ACE-einkaþjálfaragráðu og sumir eru einnig háskólamenntaðir. Við leggjum mikla áherslu á gæði, góða þjónustu og heimilislegt andrúmsloft og það er líka ástæðan fyrir því að fólk er hér ár eftir ár,“ segir Ingibjörg.

**steinar@frettabladid.is**

**VERÐ Á REGLULEGRI LÍKAMSRÆKT**

| Líkamsræktarstöð | 3 mán | 12 mán |
|---|---|---|
| Hress | 17.990 kr. | 41.990 kr. |
| Hreyfigreining | 19.900 kr. | 48.600 kr. |
| Hreyfing | 20.930 kr. | 47.880 kr. |
| Iceland Spa and Fit. | 17.900 kr. | 35.880 kr. |
| Orkuverið | 14.900 kr. | 29.900 kr. |
| Pumping Iron | 12.900 kr. | 33.900 kr. |
| Technosport | 17.900 kr. | 43.900 kr. |
| Veggsport | 16.900 kr. | 41.900 kr. |
| World Class | 20.100 kr. | 52.800 kr. |

**MATUR & NÆRING** HÓLMFRÍÐUR ÞORGEIRSDÓTTIR, MATVÆLA- OG NÆRINGARFRÆÐINGUR

## Grænmeti og ávextir lífga upp á tilveruna



Ávextir og grænmeti eru fallegir á litinn, bragðgóðir og fjölbreyttir og lífga þannig upp á hversdaglega tilveruna. Þeir gera fleira sem ekki er eins augljóst því að rannsóknir sýna að rífleg neysla á grænmeti og ávöxtum virðist minnka líkur á mörgum alvarlegum sjúkdómum, þar á meðal hjarta- og æðasjúkdómum, ýmsum tegundum krabbameina og offitu.

Hvernig ávextir og grænmeti fara að þessu er ekki alveg ljóst. Það er hins vegar vitað að þeir innihalda fáar hitaeiningar en aftur á móti mikið af vítamínum, steinefnum, trefjum og mörgum öðrum minna þekktum hollustuefnum. Það er ekki ólíklegt að þessi góðu áhrif stafi af samsetningu og samspili þessara efna frekar en af einstökum efnum. Þess vegna hefur það ekki sömu áhrif að taka inn stök vítamín, steinefni eða önnur hollustuefni í töfluformi. Verndandi áhrif af neyslu ávaxta og grænmetis á heilsuna, virðast meiri eftir því sem meira er borðað af mismunandi tegundum. Þess vegna er fólki ráðlagt að borða fjölbreytt úrval af grænmeti og ávöxtum í nægjanlegu magni.

Ávaxta- og grænmetisneysla Íslendinga hefur aukist talsvert á undanförnum árum en hún þarf samt að vera mun meiri til að uppfylla ráðleggingar um hollt mataræði. Íslendingar borða að meðaltali aðeins tæplega helminginn af því sem ráðlagt er, sem er að minnsta kosti 500 grömm á dag eða fimm skammtar eins og oft er talað um. Skammturinn getur verið meðalstór ávöxtur eða um 100 grömm af grænmeti. Ávaxtasafi er einnig talinn með en hann reiknast aldrei nema sem einn skammtur, sama hvað mikið er drukkið. Mörgum finnst þetta mikið og vex í augum að innbyrða allt þetta magn af ávöxtum og grænmeti en það er auðveldara en menn halda. Það getur til dæmis verið einn ávöxtur, eða glas af ávaxtasafa að morgni og grænmetissalat með hádegismatnum, annar ávöxtur síðdegis, tvær tegundir af grænmeti með kvöldmatnum. Skammtarnir eru orðnir fimm og þar sem engin ástæða er til að hætta er hægt að fá sér ferska ávexti í eftirrétt.



Það má ekki heldur gleyma því að grænmeti, sem er notað í matseldina, til dæmis í pottrétti, pastarétti og á pítsuna, reiknast með. Það eykur svo á fjölbreytnina að borða bæði hrátt og soðið grænmeti með matnum. Einnig er góð leið að fá sér ávexti og grænmeti ofan á brauðið, til dæmis banana, epli, tómata og gúrku og skera ávexti út í súrmjólkina. Þetta eru aðeins nokkur dæmi um hvað hægt er að gera til að auka hlut ávaxta og grænmetis í mataræðinu og hafa þannig jákvæð áhrif á heilsuna á einfaldan hátt.

Munið fimm á dag!

**www.mni.is**


Leikandi létt
í Nettó
Þú sparar 580 kr/per kg
GOÐI
GOURMET Lamb
999 kr.kg.
Dönsk ofnsteik
verð áður 1.579 kr.kg.
Þrettándasteikin
1.198 kr.kg.
Kryddaður lambahryggur
Hlægileg verð!
Coca-Cola light
2 fyrir 1
59 kr.kg.
Appelsínur
39 kr.kg.
Epli Jónagold
So well
40% afsl. v. kassa
Natuni Sojavörur
Þú sparar 500 kr/per kg
798 kr.kg.
Ungnautahakk
Buitoni pastavörur
Buitoni
Lasagne
Gnocchi
Eliche
Spaghettini
29 kr.stk.
Buitoni pastavörur
50% afsl. v. kassa
Coop tómatvörur
Brink
50% afsl. v. kassa
Brink hrískökur
Ódýrt í Nettó
Auglýsingastofa Víkurfrétta • www.vf.is
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 5. til 8. janúar (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
netto

VELKOMIN Á FÆTUR
ÚTSALAN HÓFST KL.07.00

**40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM**

NEXT

KRINGLUNNI

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Seðlabankinn hefur ekki breytt um stefnu í vaxtamálum:

## Sjálfstæður Seðlabanki mikilvægur

Þegar Seðlabankinn hækkaði stýrivexti um 0,25 prósent, 25 punkta, í byrjun desember lét Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra þau orð falla að bankinn hefði breytt um stefnu í vaxtamálum. Hækkunin var nokkru minni en greiningardeildir viðskiptabankanna höfðu spáð og bersýnilega nær væntingum ríkisstjórnarinnar en vaxtaákvarðanir bankans undanfarna mánuði. Ummælum ráðherrans var fagnað í forystugrein Morgunblaðsins enda virðist blaðið kætast í hvert sinn sem það telur sig verða vart við árekstur eða ólík sjónarmið viðskiptalífs og stjórnmála. Það væri áhyggjuefni ef mat forsætisráðherra væri rétt og raunveruleg stefnubreyting hefði átt sér stað, því það mundi grafa undan trúverðugleika Seðlabankans í flókinni og afar erfiðri viðureign hans við að halda verðbólgu í skefjum. Stefnubreyting hefði líka verið óheppileg á þessum tímapunkti, þegar Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra, var í fyrsta sinn í stöðu aðalbankastjóra á vaxtaákvörðunardegi. Honum var bjarnargreiði gerður með ummælum forsætisráðherra.

Þetta er rifjað upp í tilefni af því að nú um áramótin birti greiningardeild Landsbankans athyglisverða samantekt um þróun efnahagsmála og spá um líklega framvindu þeirra á þessu ári. Þar er sérstaklega vikið að hinum nýja Seðlabankastjóra með þeim orðum að almennt séð geti það ekki verið farsælt fyrir sjálfstæði seðlabanka, hvort sem er hér á landi eða annars staðar, að stjórnmálamenn gangi beint inn í æðstu áhrifastöður slíkra banka og taki þar við stjórninni eftir að hafa gegnt lykilhlutverki í stjórnmálum. „Þetta á auðvitað sérstaklega við þegar stefnan í ríkisfjármálum og efnahagsmálum almennt er að einhverju leyti úr takti við stefnu Seðlabankans í peningamálum. Þetta er einmitt sú staða sem uppi er hér á landi þar sem Seðlabankinn hefur gagnrýnt skattalækkanir ríkisstjórnarinnar sem og stefnuna í húsnæðismálum og kallað eftir auknu aðhaldi í opinberum fjármálum,“ segir orðrétt í skýrslu greiningardeildar Landsbankans.

Niðurstaða sérfræðinga Landsbankans er að í fyrstu lotu sé ekki hægt að tala um að Seðlabankinn hafi orðið fyrir skaða vegna skipunar hins nýja aðalbankastjóra. Þeir segja að vaxtahækkun bankans í desember og sú efnahagsgreining sem henni fylgdi hafi að mestu leyti verið í samræmi við væntingar. Bankinn leggi hér eftir sem hingað til áherslu á mikilvægi áframhaldandi aðhalds í peningamálum. Það er mat greiningardeildarinnar að bankinn muni hækka stýrivexti sína enn frekar á næstu mánuðum en ekki verða við óskum ráðherra um stefnubreytingu. Er í því sambandi spáð vaxtahækkunum á þessu ári í þremur skrefum um 0,75 prósent, 75 punkta, þannig að vextir í árslok verði 11,25 prósent. Segir greiningardeild Landsbankans að þessar tiltölulega hóflegu vaxtahækkanir taki mið af þeirri flóknu stöðu sem komin sé upp við stjórn peningamála nú þegar erlend útgáfa skuldabréfa í íslenskum krónum sé komin yfir 150 milljarða. Á sama tíma blasi við að gengi krónunnar hljóti fyrr eða síðar að gefa eftir vegna hratt vaxandi ójafnvægis í þjóðarbúskapnum.

„Með því að halda vaxtamun gagnvart útlöndum háum í um það bil eitt ár til viðbótar reynir Seðlabankinn að koma í veg fyrir að of hröð gengislækkun skapi hættu á verðbólguskoti,“ segir í skýrslu greiningardeildarinnar. Er því spáð að gengi krónunnar muni smám saman lækka eftir því sem á árið líður og verði gengisvísitalan orðin 120 stig í lok ársins, sem merkir um 15 prósenta gengislækkun. Hvort þetta gengur eftir leiðir reynslan ein í ljós, en hitt er mikilvægt að á þeirri vegferð sem er fram undan sýni ráðherrar og aðrir stjórnmálaforingjar í orðum og verki að þeir virði og meti sjálfstæði Seðlabankans.

allt matur
Alla föstudaga

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Vetur íslams**

„Múslimar hafa hátt víða í Evrópu á þessum vetri,“ skrifar Jónas Kristjánsson ritstjóri í *DV* í gær. „Eftir dráp þeirra á hollenska kvikmyndaleikstjóranum Theo van Gogh, virðast þeir hafa fært sig upp á skaftið. Þeir mótmæltu birtingu skrípamynda af Múhameð spámanni í Jyllandsposten, þótt vestrænar hefðir heimili, að gert sé grín að trú manna, til dæmis að Jesú Kristi. Menningarritstjóri Jyllandsposten fer nú huldu höfði í Flórída til að forðast tilræði múslima. Þetta ferli gengur ekki lengur. Ef múslimar vilja búa á Vesturlöndum, verða þeir að sætta sig við siði og venjur vestrænna ríkja. Þeir verða annars að vera heima hjá sér.“



**Heima hvar?**

Það er rétt athugað hjá Jónasi að múslimar eins og aðrir hljóta að laga sig að hefðum og menningu þess ríkis sem þeir búa í. Að minnsta kosti er ekki hægt að una við að þeir taki lögin í sínar hendur eins og æ fleiri dæmi eru um í okkar heimshluta á síðustu árum. En málið er ekki eins einfalt og ætla mætti af orðum Jónasar. Það er ekki bara hægt að senda þá „heim“ sem ekki sætta sig við hefðir, lög og leikreglur. Hvers vegna? Vegna þess að margir þessara múslima eru fæddir og uppaldir á Vesturlöndum. Sömu sögu er stundum einnig að segja um foreldra þeirra. Þeir eiga með öðrum orðum ekkert heimili utan Vesturlanda.



**Tengdasynir**

Ef rétt er, sem lesa má á vef tímaritsins *Mannlífs*, að til standi að ráða Illuga Gunnarsson, fyrrum aðstoðarmann Davíðs Oddssonar, framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins í stað Ara Edwald, er það í annað sinn sem tengdasonur fyrrverandi formanns samtaka atvinnurekenda er ráðinn í það starf. Ari, sem hættir 1. febrúar og kemur þá til starfa hjá 365-miðlum, er tengdasonur Páls Sigurjónssonar, sem gat sér gott orð sem formaður Vinnuveitendasambandsins (VSÍ) á árunum 1978-1985. Tengdafaðir Illuga er Einar Oddur Kristjánsson, sem var formaður VSÍ frá 1989 til 1992.

gm@frettabladid.is

## Hin gömlu kynni

ÍDAG
SKOTLAND



ÞORVALDUR GYLFASON

*Rekstur sjálfstæðs ríkis kostar sitt, og sífellt þyngri framfærslubyrði vinnandi fólks vegna mannfækkunar og öldrunar truflar og tefur sjálfstæðisbaráttuna. Niall Ferguson skefur ekki utan af því: hann segir fullum fetum, að Skotland sé á sömu leið og Prússland og General Motors: í gröfina.*

Ef heimurinn allur á sér einn þjóðsöng, einn heimssöng, eitt lag, sem allir kunna, þá er það líklega lagið góða *Auld Lang Syne* - lagið, sem Íslendingar þreytast aldrei á að syngja við texta Árna Pálssonar prófessors, *Hin gömlu kynni gleymast ei*. Frumtextinn er kominn frá skozka þjóðskáldinu Robert Burns (1759-1796), en textinn er þó mun eldri eins og lagið, sem Skotar höfðu sungið mann fram af manni.

*Auld Lang Syne* var sungið eina ferðina enn um allan heim nú um áramótin, fyrst á Nýja-Sjálandi, þar sem nýja árið hélt innreið sína, og síðast í Alaska sólarhring síðar, þegar árið 2005 lokaði á eftir sér. Enskumælandi þjóðir halda áfram að syngja *Auld Lang Syne*, þótt þær muni ekki lengur, hvað orðin þýða, ekki frekar en íslenzk börn að syngja „Signuð mær son Guðs ól“ og „meinvill í myrkrunum lá“. *Auld Lang Syne* er gömul skozka og þýðir Old Long Since, fyrir langa löngu; þýðing Árna Pálssonar er auðskiljanlegri en enski textinn. Íslendingar syngja þetta lag allt árið og ekki bara við áramót.

Það er að sönnu ekki ónýtt að hafa skaffað heiminum sameiginlegan þjóðsöng. Skotar geta státað af ýmsu öðru: þeir hafa einnig skaffað heiminum viskí, golf, markaðsbúskap, sýklalyf, sjónvarp - og viskí, og þeim er sumum tamt að telja þetta upp við ýmis tækifæri, ekki sízt þegar þeir tala við Englendinga. Upptalningin er rétt að öðru leyti en því, að sjónvarpinu er ofaukið. Skotum er einnig tamt að hreykja sér af hálöndunum (fallegasta landslag í heimi), vatninu (bezta vatn í heimi; kannast nokkur við það?), veðrinu (uppstyttingur oft á dag) og mörgu öðru. Skozki sagnfræðiprófessorinn Niall Ferguson lýsti þessu vel í vikulegum dálki sínum í Los Angeles Times fyrir skömmu: hann segist hafa talað svona sjálfur fram á miðjan aldur. Þetta er ekki minnimáttarkennd, segir hann, það væri sök sér, nei, þetta er meirimáttarkennd. Hann ákvað fyrir nokkru að flytja búferlum vestur um haf eins og margir aðrir landar hans hafa gert. Um sjötíu þúsund Skotar flytjast burt á hverju ári, og svipaður fjöldi flyzt til Skotlands annars staðar að.

En þótt fjöldi aðfluttra og brottfluttra standist jafnan nokkurn veginn á, standa Skotar frammi fyrir þrálátri fólksfækkun, því að færri Skotar fæðast en deyja, og fólkinu fækkar af þeim sökum ár frá ári. Kannski finnast þeim börn of dýr. Mannfjöldi Skotlands verður kominn niður fyrir fimm milljónir innan ellefu ára, segja mannfjöldafræðingar, og niður fyrir fjóra og hálfa milljón fyrir 2050. Svo fáir hafa Skotar ekki verið síðan um aldamótin 1900. Íbúum Glasgow hefur fækkað úr einni milljón í 600 þúsund síðustu 40 ár. Við þetta bætist það, að meðalaldur Skota hækkar ár frá ári. Eftir 35 ár mun hver vinnandi Skoti hafa helmingi fleira fólk á framfæri sínu en nú, einkum gamalt fólk. Það er að sönnu ekki einsdæmi í Evrópu, að meðalaldur mannfjöldans hækki hratt, en ör fólksfækkun ofan á öra öldrun mannfjöldans: það er frekar sjaldgæft. Skotar hafa sumir þungar áhyggjur af þessari þróun, því að hún vinnur gegn eftirsókn þeirra eftir endurheimt sjálfstæðisins, sem þeir glötuðu fyrir 300 árum og hafa þráð æ síðan. Rekstur sjálfstæðs ríkis kostar sitt, og sífellt þyngri framfærslubyrði vinnandi fólks vegna mannfækkunar og öldrunar truflar og tefur sjálfstæðisbaráttuna. Niall Ferguson skefur ekki utan af því: hann segir fullum fetum, að Skotland sé á sömu leið og Prússland og General Motors: í gröfina.

En Skotum kemur það varla á óvart, að Ferguson, sem er prófessor í Harvardháskóla í Bandaríkjunum, skuli senda þeim svo kaldar áramótakveðjur austur um haf. Bók hans um brezka heimsveldið (Empire, 2003) og samnefndir sjónvarpsþættir hans í BBC drógu enga dul á velþóknun hans á heimsveldinu, þótt hann drægi ekki heldur fjöður yfir ýmis illvirki og önnur spjöll, sem framin voru í nafni þess. Hvað eiga Skotar þá að gera til að halda sjálfstæðisdraumi sínum á lífi? Svarið blasir við: Fjölga sér hraðar og flytja inn fólk.

Hvernig miðar mannfjölgun hér heima til samanburðar? Mannfjöldinn er í þann veginn að komast upp fyrir 300 þúsund. Íslendingum fjölgaði um rösk sex þúsund 2005, sumpart vegna þess að fleiri fæddust en dóu, eða 4.200 á móti 1.800. Hitt vó þó mun þyngra, að aðfluttum fjölgaði örar en brottfluttum. Sjöttungur allra íbúa Austurlands er nú með erlent ríkisfang borið saman við tæp fimm prósent fyrir landið allt.

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið
Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871


ÚTSALA 20-75%
AFSLÁTTUR
22% afsláttur
H&B DX3255
DiVX DVD spilari sem spilar allt
6.995
Verð áður 8.995
70.000 afsláttur
42" PLASMA
HD ready
179.995
Verð áður 249.995
H&B PL-4286 HD
42" HIGH DEFINITION PLASMA sjónvarp. Mynd í mynd. Split Screen hægt er að horfa á tvær myndir í einu. Birta 1000 Cd/m2. Skerpa 3.000:1. 2 Scart tengi S-Video tengi. RCA A/V inn og útgangur. DVI tengi. Mini DIN tengi. PC tengi Textavarp. Allar aðgerðir á skjá. Fullkomin fjarstýring
41% afsláttur
H&B CA4545
MP-3 Bíltæki með geislaspilara
4X45 wött
9.995
Verð áður 16.995
18% afsláttur
28"
22.995
GOODMANS TVG282
28" sjónvarp. Nicam stereo og textavarp
Verð áður 27.995
24% afsláttur
21"
12.995
ROADSTAR CTV2134
21" sjónvarp með textavarpi
Verð áður 15.995
20% afsláttur
ELTAX DV-153
DiVX DVD spilari - spilar allt
4.995
Verð áður 5.995
40% afsláttur
ROADSTAR
CD942DVD
Bíltæki með
DVD spilara
Spilar öll svæði
14.995
Verð áður 24.995
50% afsláttur
1.995
Verð áður 3.995
SCOTT XP-9B
Ferðageislaspilari með 45 SEK
hristivörn og fjarstýringu
25% afsláttur
SCOTT DVX100HC
Frábært heimabíókerfi
með DVD, útvarpi og 6 hátölurum
14.995
Verð áður 19.995
25% afsláttur
ROADSTAR
MWO2389G
23 lítra örbylgjuofn með grilli
5.995
Verð áður 7.995
50.000 afsláttur
42" PLASMA
Verð áður 179.995
129.995
H&B PT4265
Mynd í mynd. Split Screen hægt er að horfa á tvær myndir í einu Birta 1000 Cd/m2. Skerpa 3.000:1. 2 Scart tengi. S-Video tengi RCA A/V inn og útgangur. Mini DIN tengi. PC tengi. Tónjafnari Timer. Nicam stereo. Textavarp. Allar aðgerðir á skjá. Fullkomin fjarstýring
75% afsláttur
3.995
AIWA XPER-800R
Ferðageislaspilari með útvarpi, 45 SEK
hristivörn og fjarstýringu
Verð áður 15.995
www.radio.is
RADÍÓBÆR
ÁRMÚLA 38 • SÍMI 553 1133

# Samfylkingin vill koma lagi á leikskólamálin

**UMRÆÐAN**
LEIKSKÓLAR Í KÓPAVOGI



**HAFSTEINN KARLSSON**

Á árinu 2006 greiða foreldrar 1 til 4 ára barna í Kópavogi greiða 75 þúsund krónum meira á ári fyrir leikskóladvöl barna sinna en foreldrar í Reykjavík. Ef barnið er 5 ára er munurinn orðinn 146 þúsund krónur á ári. Þetta eru verulegar upphæðir og ekki má heldur gleyma því að til þessa að hafa þennan pening í vasanum þarf að vinna sér inn mun hærri upphæð þar sem hluti af vinnutekjum fer í skattinn.

Í fyrra voru leikskólagjöld hæst í Kópavogi ef borin voru saman sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Bæjaryfirvöld ákváðu nú í lok ársins að þau verði óbreytt árið 2006. Samt sem áður er þessi mikli munur á milli Reykjavíkur og Kópavogs. Ástæðan er sú að borgaryfirvöld í Reykjavík er að hrinda í framkvæmd áætlun um gjaldfrjálsan leikskóla. Síðastliðin ár fengu 5 ára börn 3 stundir gjaldfrjálsar og frá og með áramótum fá öll önnur börn 2 stundir fríar til viðbótar. Með þessu er verið að vinna að því að fyrsta skólastigið, leikskólinn, verði foreldum gjaldfrjáls eins og önnur skólastig.

Það eru 8 ár síðan jafnaðarmenn í Kópavogi sett fyrst hugmyndina um gjaldfrjálsan leikskóla, fyrstir allra hér á landi. Á hverju ári hafa þeir lagt fram tillögu þessa efnis í bæjarstjórn Kópavogs en mætt andstöðu fulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Nú síðast í desember felldu Sjálfstæðis- og Framsóknarmenn í bæjarstjórn tillögu Samfylkingarinnar um tvær gjaldfrjálsar stundir fyrir öll börn í leikskólum Kópavogs. Brýnasta framkvæmdin sem bæjaryfirvöld í Kópavogi standa frammi fyrir nú, er að koma leikskólamálunum í lag, þ.e. að tryggja örugga vist fyrir öll börn og að leikskólagjöld verði ekki hærri en í höfuðborginni. Samfylkingin í bæjarstjórn hefur í allt haust

*Það eru 8 ár síðan jafnaðarmenn í Kópavogi sett fyrst hugmyndina um gjaldfrjálsan leikskóla, fyrstir allra hér á landi. Á hverju ári hafa þeir lagt fram tillögu þessa efnis í bæjarstjórn Kópavogs en mætt andstöðu fulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.*

tekið málið upp, lagt fram tillögur og gert það sem henni er mögulegt til að þoka málum áfram. Allar tillögur hefur meirihlutinn fellt en ekki lagt neitt til í staðinn.

Nú líður að lokum þessa kjörtímabils og það verður að segjast eins og er að meirihlutaflokkarnir tveir hafa hvorki getu né vilja til að ganga af röggsemi í þessi mál og leysa með viðunandi hætti. Þrátt fyrir að foreldrar hafa allt síðasta ár greitt hæstu gjöldin, þrátt fyrir að foreldrar í Kópavogi greiði á þessu ári miklu hærri gjöld en foreldrar í Reykjavík og þrátt fyrir góða fjárhagslega stöðu bæjarins standa foreldrar frammi fyrir því að þurfa að taka sér frí frá vinnu vegna þess að leikskólinn getur ekki sinnt þeirri þjónustu sem honum er ætlað og fólk treystir á. Er ekki kominn tími til að skipta um stjórnendur í Kópavogi?

*Höfundur er bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Kópavogi.*

# Tesco og frelsi á íslenskum matvörumarkaði

**UMRÆÐAN**
MATVÆLAMARKAÐUR Á ÍSLANDI



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON**

*Samkeppnisumhverfi á íslenskum matvörumarkaði er mjög frábrugðið því sem þekkist annars staðar í Evrópu. Hér á landi hefur ekki náðst sátt um að opna landamæri Íslands fyrir innflutningi á nauðsynjavörum frá öðrum löndum.*

Forsætisráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd til að skoða og skilgreina ástæður þess hvers vegna matvöruverð hér á Íslandi er svo hátt sem raun ber vitni. Það er fagnaðarefni að forsætisráðherra skuli taka af skarið enda ljóst að ekki verður við það unað mikið lengur að hér á landi skuli matvöruverð vera hæst allra landa í Evrópu.

Til þess að Íslendingar geti búið við sams konar neytendaumhverfi og í öðrum Evrópulöndum þarf að gera miklar breytingar á núverandi fyrirkomulagi. Um slíkt verður að nást sátt og samkomulag milli allra hagsmunaaðila. Fyrsta skrefið í þessa átt hefur verið tekið og það er ástæða til líta björtum augum til þess að sú nefnd muni skila tillögum í átt til lausnar. Ekkert er því til fyrirstöðu að hér á landi geti matvöruverð verið það sama og hjá öðrum Evrópuþjóðum en til þess að svo verði, þurfa allir að leggjast á eitt.

## Íslenskur matvörumarkaður

Samkeppnisumhverfi á íslenskum matvörumarkaði er mjög frábrugðið því sem þekkist annars staðar í Evrópu. Hér á landi hefur ekki náðst sátt um að opna landamæri Íslands fyrir innflutningi á nauðsynjavörum frá öðrum löndum. Ekki nema gegn því að innfluttar vörur séu skattlagðar svo hátt að innflutningurinn verði ekki söluhæfur vegna þess að opinber gjöld þrýsta verðinu upp.

Þetta er kjarni þeirrar umræðu sem nú á sér stað um leiðir til þess að lækka matvöruverð. Það er ekki hagkvæmt að flytja inn landbúnaðarvörur miðað við núverandi fyrirkomulag auk þess sem önnur innflutt matvara er óhóflega skattlögð. Þessi staðreynd hefur lengi verið ljós og kom m.a. fram í máli Tryggva Þórs Herbertssonar, forstöðumanns Hagfræðistofnunar HÍ, í fréttum Ríkisútvarpsins á mánudaginn en þar sagði Tryggvi að það væri „alveg augljóst“ að stór sökudólgur á hinu háa matvöruverði væri verð á landbúnaðarvörum. Það var einnig niðurstaða í skýrslu samkeppniseftirlitanna á Norðurlöndunum á dögunum að innflutningshömlur á búvörum væru helsta ástæða þess að hér á landi væri matvöruverð svo hátt í samanburði við önnur lönd.

Það sjá það allir að framlegð í matvöru sem er að meðaltali 17 prósent í verslunum Haga hf., sem reka Bónus, Hagkaup og 10-11, er ekki ástæða fyrir háu matvöruverði. Sú framlegð er nokkuð lægri en framlegð matvöruverslana í samanburðarlöndum okkar. Hagkvæmni í rekstri verslana Haga stenst því allan alþjóðlegan samanburð.

Ef Hagar hefðu enga álagningu væri mismunurinn enn 23 prósent en þá ætti verslunin eftir að greiða laun, húsaleigu og annan rekstrartengdan kostnað.

## Álagning í framkvæmd

Þetta er hverjum manni ljóst þegar skoðað er hvernig tollar, vörugjöld og skattar hins opinbera hafa áhrif á innkaupsverð á nauðsynjavörum erlendis frá. Í dæminu hér að neðan má sjá hvernig fjórar mismunandi vörutegundir taka á sig tolla og skatta ofan á innkaupsverð. Um er að ræða dæmi þar sem opinber gjöld leggjast ofan á hvert kíló af vörunni frá því hún berst til landsins á hafnarbakkann og þar til hún er afhent íslenskum neytendum. Í neðangreindum dæmum er álagning matvöruverslunarinnar engin, heldur fyrst og fremst innkaupsverð og síðan þau opinberu gjöld sem leggjast á vöruna á leið sinni til heimila landsins.

Eins og gefur að skilja er erfitt að flytja inn ódýrar ungnautalundir til að bjóða á lágu verði þar sem ríkið tekur 388 prósenta tolla og skatta frá því við fáum þær afhentar í höfninni hér á Íslandi. Dæmið með nautalundirnar er öfugsnúið, þar sem skortur er á íslenskum nautalundum. Og hinar tölurnar tala sínu máli. Meira að segja appelsínusafi tekur á sig tæplega 67 prósenta álögur en framleiðsla hans hér á landi telst varla vera hluti af hinu íslenska landbúnaðarkerfi.

Einnig má benda á það að fjórir til fimm eggjabændur og einn sveppabóndi verða til þess að ofurtollar eru lagðar á þessa vöruflokka. Það væri hægt að greiða þessum aðilum háar starfslokagreiðslur fyrir að hætta framleiðslunni svo að neytendur gætu keypt þessar vörur á eðlilegu verði um leið og miklir fjármunir myndu sparast.

Sem dæmi úr verslunarrekstri okkar erlendis seljum við 12 stór egg út úr verslunum Iceland í Bretlandi á 110 krónur. Þar tekur verslunin 30 prósenta framlegð. Bónus selur 12 egg á 299 krónur með 12 prósenta framlegð. Þannig að báðar verslunarkeðjur hafa það sama fyrir að selja 12 egg en vegna þess kerfis sem við búum við þurfa íslenskir neytendur að greiða 190 krónum meira en viðskiptavinir Iceland, eða tæplega þrefalt verð.

Þetta eru hlutirnir sem skipta mestu máli þegar við skoðum það umhverfi sem matvöruverslun hér á landi býr við.



Innkaupsverð og hlutdeild ríkisins við innflutning á ungnautalundum




Innkaupsverð og hlutdeild ríkisins við innflutning á brauðosti




Innkaupsverð og hlutdeild ríkisins við innflutning á eggjum




Innkaupsverð og hlutdeild ríkisins við innflutning á appelsínusafa




**INNKAUPSVERÐ OG HLUTDEILD RÍKISINS**

| Vörutegund | Ungnautalundir | Egg | Brauðostur | Appelsínusafi |
|---|---|---|---|---|
| Innkaupsverð | 490 kr. | 150 kr. | 350 kr. | 60 kr. |
| Vörugjald | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 8 kr. |
| Magntollur | 1.462 kr. | 243 kr. | 430 kr. | 0 kr. |
| Almennur tollur | 147 kr. | 45 kr. | 105 kr. | 12 kr. |
| Virðisaukaskattur | 294 kr. | 61 kr. | 124 kr. | 20 kr. |
| **Samt. á innkaupsverð** | **1.903 kr.** | **349 kr.** | **659 kr.** | **40 kr.** |
| Álögur ríkisins | 388% | 233% | 188% | 67% |

## Samkeppnisumhverfi í Evrópu

Baugur Group hefur á undanförnum árum komið að verslunarrekstri bæði í Bretlandi og Danmörku. Í þeim löndum býr félagið við allt önnur skilyrði en hér á landi. Rekstrarumhverfið er frábrugðið því þar er hægt að flytja inn vörur án hindrana og þannig keppa á jafnréttisgrundvelli við aðra aðila. Það hefur gert fyrirtækjum svo sem verslunarkeðjunni Iceland möguleika á að keppa við stórfyrirtæki eins og Tesco. Hér á Íslandi getum við rekið verslanir með sambærilegum hætti og gert er í Bretlandi en til þess þurfum við frelsi svo að neytendur fái frelsi til að velja. Fáum við það frelsi mun ekki standa á Högum að skila sama verði og nágrannaþjóðir okkar.

## Áfengi í matvöruverslanir

Eitt af því sem getur augljóslega orðið til þess að hér á landi muni neyslutengd útgjöld heimilanna dragast saman, er ef frjálsræði í sölu á bjór og léttvíni yrði að veruleika. Íslenskt þjóðfélag hefur tekið stórkostlegum breytingum á mörgum sviðum undanfarin ár. Frjálsræði í viðskiptum og þjónustu hefur verið stóraukið, öllum til góða. Ekki hefur þó enn verið tekið það stóra skref að afnema einokun ríkisins í sölu á áfengi. Það eru löngu úrelt rök að Íslendingar gætu ekki höndlað það frelsi. Áfengisvandamál Breta er til dæmis ekki meira vandamál heldur en Íslendinga eftir því sem næst verður komist.

Það er ekki í takt við það frjálsræði sem verið er að skapa í þjóðfélaginu að ríkið sitji eitt að því að selja léttvín og bjór. Með því að afnema einokun ríkisins mætti ætla að það sparaðist einn milljarður íslenskra króna á ári hverju við rekstur ÁTVR. Þá mætti ætla að ríkið gæti selt eignir sem tengist núverandi rekstri ÁTVR fyrir um þrjá milljarða íslenska króna. Að auki færist velta inn í matvöruverslanir sem leiðir af

*Eitt af því sem getur augljóslega orðið til þess að hér á landi muni neyslutengd útgjöld heimilanna dragast saman, er ef frjálsræði í sölu á bjór og léttvíni yrði að veruleika.*

sér betri nýtingu á fjárfestingum í verslun og hlutfall fasts kostnaðar mundi lækka sem eykur tækifæri á lækka álagningu heilt yfir.

Í Bretlandi og Danmörku er okkur treyst til þess að selja neytendum léttvín og bjór hvers vegna ætti það ekki að ganga upp hér á landi? Með þessu mundi úrval af léttvíni og bjór stór aukast. Þannig fær neytandinn að velja vörur út frá verði og gæðum en þarf ekki að búa við það fyrirkomulag að kaupa á uppsettu verði ríkisins og sætta sig við ríkisúrval með tilheyrandi kostnaði fyrir samfélagið.

## Breytingar í rétta átt

Íslenskur matvörumarkaður er á tímamótum. Við sjáum fram á bjartari tíma með auknu frelsi ef sátt næst um að bregðast við vandanum eins og hann blasir við. Neytendur munu bera mestan hag af því þegar sú niðurstaða verður ljós. Ekki verður annað séð en að Ísland muni ná að verða jafnfætis öðrum Evrópuþjóðum ef og þegar við afnemum opinberar álögur og aukum frelsi á Íslandi handa neytendum. Það er ljóst að hér á Íslandi verður hægt að selja vörur á sambærilegu verði og Tesco gerir í Bretlandi ef stjórnvöld skapa matvöruverslunum heilbrigðan og eðlilegan samkeppnisgrundvöll, það er frjálsan markað sem leiðir til lægra matvöruverðs.

Kjarni málsins er samt sá að því ber mjög að fagna að forsætisráðherra hafi ákveðið að skipa nefnd til að koma með tillögur svo hægt verði að lækka álögur á matvöru. Það er eitt stærsta skref sem stjórnvöld hafa sýnt til að bæta hag neytenda.

*Höfundur er forstjóri Baugs Group hf. og stofnandi Bónuss.*

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| **Reykjavík** | **11.14** | **13.33** | **15.53** |
| *Akureyri* | *11.25* | *13.18* | *15.11* |

*Heimild: Almanak Háskólans*


FRÉTTABLAÐIÐ

# allt



heimili o.fl. — **JÓLATRÉ** Hvað á að gera við þau? BLS. 3

heilsa o.fl. — **LÍKAMSRÆKT** Allir í ræktina BLS. 4

tíska o.fl. — **ALDO** Ný skóverslun BLS. 6




*Góðan dag!*

**Í dag er fimmtudagurinn 5. janúar, 5. dagur ársins 2006.**




## SMÁAUGLÝSINGAR


**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar



**SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000**

**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**

vísir




Leópold, eða dj Lelli eins og margir þekkja hann, í rúskinnsskónum sínum sem hann fékk á eBay.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Endalausir möguleikar

***Vans-strigaskórnir hafa notið gífurlegra vinsælda hér á landi á undanförnum misserum. Sumir vilja eiga nokkur pör af slíkum skóm upp á fjölbreytileikann og er Leópold Kristjánsson einn þeirra.***

Leópold, eða dj Lelli úr breakbeat.is hópnum og verslunarstjóri Skífunnar á Laugavegi, segir að fyrstu Vans-skóna hafi hann eignast þegar hann var tólf ára. Þeir voru hins vegar allt öðruvísi tegund en þeir sem eru vinsælastir í dag. Slíka skó fékk Leópold í London fyrir um tveimur árum. „Ég var búinn að sjá þetta svolítið á Íslandi nema að þá voru bara til einhverjar þrjár tegundir og ég hélt að þetta myndi lognast út af. Svo fór ég út og sá að það er eiginlega allt til.“

Leópold á enn sitt fyrsta par, sem er svart með hauskúpum á, en þeir skór eru orðnir mjög sjúskaðir. Í dag á hann hins vegar þrjú pör af þessari gerð Vans-skóa en nýjasta parið pantaði hann í gegnum eBay-vefverslunina. „Þeir eru mínir uppáhalds enda í takmörkuðu upplagi og úr rauðu flaueli, mjög töff. Það var líka merkilega auðvelt að panta í gegnum eBay,“ segir Leópold og bætir við að parið hafi kostað rúmlega tíu þúsund krónur með tolli og öllu en honum hafi fundist það allt í lagi þar sem skórnir væru svo sérstakir.

Leópold stefnir á að kaupa sér enn fleiri Vans-skó. Hann hefur þegar séð fullt af skóm á netinu og fleiri stöðum sem hann langar í. „Það er svo auðvelt að finna upp á einhverju nýju í kringum þessa skó og þeir eru rosalega fjölbreyttir.“

Skódella Leópolds er tiltölulega nýtilkomin. Áður fyrr keypti hann sér bara eitt par af skóm og gekk í þeim þangað til þeir voru ónýtir. „Síðan fóru lappirnar að hætta að stækka og þá fór ég að fatta hvað það er gaman að eiga mikið af skóm. Svo er það líka metró og maður hugsar alltaf voða mikið um það,“ segir Leópold í gamni að lokum.


steinthor@frettabladid.is


## LIGGUR Í LOFTINU

**[HEILSA HEIMILI TÍSKA]**

**Inflúensutilfelli** hafa greinst í Rússlandi, Frakklandi og í Svíþjóð. Sóttvarnalæknir segir að reynsla sýni að verði inflúensu vart á öðrum stöðum í Evrópu líði ekki langur tími þar til hún berist hingað til lands. Einnig er mikið um að veirusýkingar séu á ferðinni á svipuðum tíma og inflúensa.



**Scarlett Johansson** hefur lokið samningi sínum sem andlit Calvin Klein og hefur nú gert samning við L'Oréal Paris þar sem hún mun kynna nýja hárlitunarlínu fyrirtækisins. Heimildir herma að stúlkan fái þrjár milljónir dala fyrir vikið.



**Ófullnægjandi** þjónusta við aldraða er áfram í umræðunni. Helga Hansdóttir, yfirlæknir í almennum öldrunarlækningum, segir brýnt að aðgangur aldraðra að bráðaöldrunarlækningadeildum Landspítalans verði bættur. Hún segist upplifa það í hverri viku að veikt aldrað fólk fái ófullnægjandi þjónustu.

**Útsölur** standa nú yfir í flestum þeim verslunum sem selja vörur fyrir heimilið. Hægt er að gera kjarakaup á ýmsum raftækjum og öðru sem fegrar heimilið og bætir.






**Mokkabollar** eru margir mjög fallegir og skemmtilegir og það getur verið gaman að safna einum og einum. Þá geta allir fengið mismunandi bolla þegar margir gestir koma í kaffi.














Pétur er með verkstæði sitt vestur á Ísafirði og hefur nóg að gera. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Meðal bestu silfursmiða Evrópu á síðustu öld

***Kanna eftir silfursmiðinn Pétur Tryggva var valin í hóp bestu verka silfursmiða 20. aldar.***

Nýlega kom út bók hjá Kolding-hus-safninu á Jótlandi með myndum af 24 verkum safnsins eftir átján silfursmiði og hönnuði, ásamt umfjöllun um smiðina. Þar á meðal er mynd af silfurkönnu eftir Pétur Tryggva. Listamaðurinn segir þetta mikla viðurkenningu fyrir sig þar sem Koldinghus-safnið eigi stærsta safn silfurmuna frá 20. öldinni í Evrópu og úr miklu hafi verið að velja. „Ellefu af þessum átján smiðum eru látnir, þar á meðal sjálfur Georg Jensen, en sjö eru enn á kreiki og ég er einn af þeim,“ segir Pétur glaðlega. Þess má geta að hann stundaði nám í Institut for Ædelmetal í Kaupmannahöfn 1981-83 og setti upp eigið verkstæði í borginni við sundin 1985 þar sem hann starfaði fram til ársins 2001 þegar hann fluttist heim og þá til Ísafjarðar. Silfursmíði hans byggist meðal annars á dönskum silfursmíðahefðum. Í verkum sínum blandar hann saman ýmsum efnum, allt frá silfri, gulli og platínu yfir í steinsteypu, ryðgað járn og sitthvað fleira.



Silfurkanna Péturs Tryggva sem birtist í bókinni góðu.

## til umhugsunar }

### Málning og raki

Málning og raki fara ekki vel saman. Fari málning að brotna á veggjum, blása út eða flagna af getur það verið vegna rakavandamála. Raki sem getur legið í veggjum vegna leiðslna brýst út og finnur sér leið gegnum málninguna. Málningin missir þá festingu sína og flagnar af. Nauðsynlegt er að fá ráðleggingar hjá fagmönnum um hvernig best sé að huga að raka áður en veggir eru málaðir. Flagnandi málning gæti einnig verið vísbending um að leiðslur leki og því nauðsynlegt að komast að því hver ástæðan sé fyrir því að málningin er að brotna upp.








## STELLIÐ: DENBY WHITE




Þessi bolli rúmar bæði kaffi og mjólk. Svo fást líka mokkabollar.

***Denby White er úr hvítu fínlegu postulíni og fæst í Debenhams.***

Denby White er einkar einfalt í sniðum og stílhreint. Það er bæði matar- og kaffiborðbúnaður og svo ýmsir aukahlutir og mokkabollar. Nýlega eru komnir á markaðinn ílát og diskar sem passa við matarstellið. Þeir munir eru sérstakir í laginu og svolítið framúrstefnulegir svo sem tígullaga og ílangir. Stellið er framleitt hjá breska fyrirtækinu Denby sem var stofnað árið 1806 og fagnar því 200 ára afmæli á þessu ári. Denby White má fara í allar vélar, frysti, uppþvottavél, ofn og örbylgjuofn.



Aukahlutir sem blanda má við hefðbundna stellið.



Diskarnir eru stílhreinir.



# Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM POTTAPLÖNTUR

## Hollt innanhússumhverfi - pottaplöntur leysa málið

Á morgun er þrettándinn. Mörgum finnst tómlegt um að lítast þegar jólatrén og jólaskreytingarnar rjúka út úr stofunum og hinn grái hversdagsleiki tekur við á ný. En nú er einmitt tíminn til að sporna við grámanum. Grænar og glaðlegar pottaplöntur standa okkur til boða í miklu úrvali og geta gert mikið til að lífga upp á heimili okkar og vinnustaði um leið og þær bæta vellíðan okkar til mikilla muna, leynt og ljóst.

**NASA og geimferðirnar**

Undanfarna áratugi hafa verið gerðar ítarlegar rannsóknir á þýðingu grænna innanhússplantna, þ.e. þeirra plantna sem við köllum í daglegu tali pottaplöntur. Áherslur hafa verið lagðar á að meta hvert gildi þær hafa fyrir fólk í heimahúsum, skrifstofum, sjúkrastofnunum og, en ekki síst, í geimferðum. Bandaríska geimferðastofnunin, NASA, var lengi í fararbroddi þessara rannsókna og gekk úr skugga um það, að pottaplöntur skiptu miklu máli í vistkerfi geimferja og geimstöðva. Fyrst og fremst með því að draga úr rafmengun (þ.e. þær binda skaðlega plúsjóna og sleppa hollari mínus-jónum) í vistarverum geimfaranna og stuðla að hreinsun og endurnýjun andrúmsloftsins í geimskipunum auk þess að halda loftrakanum í jafnvægi. Nokkrir einfaldir gróðurkassar með dagsljósingu og loftskiptibúnaði hafa sparað NASA tugmilljónir bandaríkjadala, sem annars hefði þurft að fjárfesta í dýrum, fyrirferðarmeiri, orkufrekari og þyngri tækjakosti.

**Tove Fjeld – norsk, heimsfræg og hávísindaleg**

Þótt margir háskólar um víða veröld hafi sinnt rannsóknum af þessu tagi og dregið ærið margt forvitnilegt og jákvætt fyrir pottaplönturnar fram í dagsljósið, þá ber hæst rannsóknir dr. Tove Fjeld, prófessors við Umhverfis- og líftækniháskólann í Ási í Noregi. Undanfarna áratugi hefur hún skoðað og metið starfsumhverfi í ýmsum stórfyrirtækjum, bæði í Noregi og annars staðar. Dr. Fjeld fylgdist með starfsfólki fyrirtækjanna í nokkra mánuði á hverjum stað. Setti á það mælitæki sem skráðu ýmis ósjálfráð atriði, svo sem blóðþrýsting, húðhita og húðraka, hjartslátt og öndun. Jafnframt lagði hún fram próf til að meta einbeitingu, næmni, afköst og úthald. Fjarvistir vegna vanlíðunar, höfuðverkja og sjónvandræða voru einnig samviskusamlega tíundaðar. Að auki voru allir umhverfisþættir, svo sem loftraki, rafjónun, hiti og hlutfall lofttegunda í andrúmsloftinu mældir með síritum.



Á miðju tímabilinu var regla að setja pottaplöntur inn í starfsstöðvarnar og var magn þeirra og fyrirkomulag reiknað út eftir ákveðinni formúlu.

**Betri tíð**

Þegar pottaplönturnar voru komnar til sögunnar breyttist margt: Fjarvistum fækkaði. Einbeiting batnaði. Afköst jukust. Húðþurrkur og augnsviði voru úr sögunni. Starfsánægja, hugarró og almennt jafnvægi glæddist. Bein áhrif á umhverfið voru þau að loftraki hækkaði, mikið dró úr rykmengun og, merkilegt nokk, var oftast beðið um að húshitinn væri lækkaður um tvær eða þrjár gráður. Þar sýndi sig strax, í lækkuðum kyndingarkostnaði, beinn fjárhagsábati fyrir fyrirtækin. En almennt voru niðurstöðurnar af plöntuvæðingunni þessar: Blóðþrýstingur starfsfólks lækkaði, skv. blóðmælingum dró úr stresshormónum, námsgeta og úthald magnaðist. Neistaflug frá statísku rafmagni var ekki lengur að ergja fólk. Þreyta og vinnuleiði voru á bak og burt og flestir hlökkuðu til að takast á við ný verkefni á nýjum vinnudegi.




Klassa gæsadúnsængur
(1200 gr)
fyrir unglinga og fullorðna.
Verð 8.600 kr.
DÚN & FIÐUR
LAUGAVEGI 87 - SÍMI 511 2004




Jólatré geta valdið tjóni ef þau eru skilin eftir laus í miklu vindaveðri.

# Út með jólatrén

*Árlega safnar Reykjavíkurborg þúsundum jólatrjáa af götum borgarinnar. Mikilvægt er að koma jólatrénu fljótlega út því hreinsunarstarf stendur aðallega í vikunni eftir þrettándann.*

Jólin enda formlega á morgun og er hugað að því á mörgum heimilum að henda jólatrénu. Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög hafa undanfarin ár séð um að farga þessum trjám. Theodór Guðfinnsson, deildarstjóri framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, segir að söfnunarstarfið hefjist venjulega strax vikuna eftir þrettándann. „Við höfum aðallega lagt áherslu á þá viku en síðan hafa menn verið að rekast á tré alveg fram undir páska og taka þau þá upp. Auðvitað mundum við gjarnan vilja ná að safna þessu saman á einni viku en fólk ætlast til þess að við tökum þessi tré upp jafnvel þó auglýstur tími sé löngu liðinn. Það er mjög mikilvægt að fólk sem vill nýta sér þessa þjónustu sé vakandi,“ segir Theodór.

Theodór segir að ýmis vandkvæði hafi hlotist af lausum trjám í miklum vindi. Fjúkandi jólatré hafi til dæmis fokið á bíla og fleira og jafnvel valdið töluverðum skaða. Theodór segir að oft sé borginni eða viðkomandi bæjarfélagi þá kennt um skaðann. „Ef við vitum um einhver tré fjúkandi í hverfum en látum það afskiptalaust fellur ábyrgðin að sjálfsögðu á okkur en ef við vitum ekki af fjúkandi tré og enginn lætur okkur vita getum við ekki tekið ábyrgðina. Það þarf að tryggja það að trén valdi ekki einhverju tjóni og þess vegna er mikilvægt að þau séu tiltæk til hreinsunar í þeirri viku sem hreinsunin hjá okkur fer fram.“

Theodór segir að Gámaþjónustan taki við trjánum og búi til úr þeim moltu, sem er jarðvegsbætandi mold, en Gámaþjónustan kaupir trén af Reykjavíkurborg. Theodór segir afar erfitt að áætla nákvæmlega hversu mörg tré þetta séu sem borgin taki upp af götunni eða hversu margir gámar af jólatrjám fari. Líklegast eru trén milli 10-20 þúsund sem fara í nokkra tugi gáma en það liggur þó ekki fyrir að sögn Theodórs.

*steinthor@frettabladid.is*


OFURÚTSALA
ALLT AÐ
65% AFSLÁTTUR
Leður sófasett 3ja sæta + 2 stólar frá kr. 99.000
Borðstofuhúsgögn og skenkar úr gegnheilu tekki á frábæru verði
Opnunartími:
Virka daga frá kl. 11-18
Laugardaga frá kl. 11-16
Sunnudaga frá kl. 13-16
Verið velkomin að Dalvegi 18.
Gallerí Húsgögn
Sími 554 5333

**Líkamsrækt** af einhverju tagi er algjörlega málið núna. Jólin eru búin og komið nýtt ár svo það er ekki eftir neinu að bíða heldur um að gera að drífa sig í ræktina.






JÓGA
GLEÐILEGT NÝTT ÁR
byrjum aftur 9. janúar

MORGUN þrið. og fimmt. 7.15 – 8.15
HÁDEGI þrið. og fimmt. 11.50 – 13.00
SÍÐDEGI mán. og mið. 17.20 – 18.35
mán. og mið. 18.45 – 20.00
föst. 17.30 – 18.45

BYRJENDANÁMSKEIÐ hefst 16. jan.
LIFANDI FÆÐI-NÁMSKEIÐ 21. jan.

Ásta Arnardóttir 862 6098 astaarn@mi.is
www.lotusjogasetur.is Borgartúni 20



GIGTARFÉLAG ÍSLANDS

Viltu betri líðan?

Þarftu að fara rólega af stað?

Ný námskeið hefjast 9. janúar

- Góð alhliða leikfimi
- Bakleikfimi fyrir karlmenn
- Jóga
- Orka og slökun
- NÝTT ! Langtímaþyngdarstjórnun með persónulegu aðhaldi

Fagfólk með sérmenntun og reynslu sér um alla þjálfun. Þægilegt og rólegt umhverfi.

Upplýsingar og skráning á skrifstofu G.Í., Ármúla 5, sími 5303600 • www.gigt.is




Hlaupabrettin bíða.

# Allir fara í ræktina

*Margir nýta janúarmánuð til þess að hefja heilsusamlegra líf. Til að hjálpa ykkur við að koma ykkur af stað og spara nokkur símtöl koma hér upplýsingar um verðtilboð og atburði hjá nokkrum líkamsræktarstöðvum í janúar.*

**World Class** er með sína hefðbundnu verðskrá sem finna má á heimasíðu stöðvarinnar www.worldclass.is. Þeir sem hafa hug á að prófa stakan tíma greiða fyrir það 1.300 krónur og er verð á mánuði 4.400 krónur miðað við áskrift í eitt ár. Stakur mánuður kostar 9.200. Með öllum kortum World Class fylgir afsláttarkort sem veitir afslátt hjá fjölda fyrirtækja.

World Class er einnig búið að rýma til fyrir 22 nýjum æfingatækjum. Tækin raðast í hring þar sem hver og einn æfir á hverju tæki í hálfa mínútu í senn og eru tveir hringir farnir. Samtals tekur æfingin þá 22 mínútur og er þetta stórsniðugt til að auka þrek og brjóta upp æfingaformið, ekki síst fyrir þá sem eru að byrja að æfa.

**Hreyfing** líkamsræktarstöð er með tilboð fyrir þá sem eru að byrja að æfa og gildir það til og með 10. janúar. Þeir sem ganga í bónusklúbb Hreyfingar fá kaupauka sem jafngildir 18.500 krónum.

Bónusklúbburinn virkar á þá leið að viðkomandi bindur sig í minnst sex mánuði en einnig er hægt að skuldbinda sig við heilsuátakið í 12, 24 eða 36 mánuði. Að auki fylgir klukkustund með einkaþjálfara sem hjálpar til við að setja saman æfingakerfi, fer í gegnum notkun tækjanna og ræðir um mataræði sem ætti að henta vel fyrir nýliða. Í kaupaukanum er einn frír mánuður, íþróttataska, frítt í Bláa lónið fyrir einn, rakakrem, húðmjólk og sturtugel frá Bláa lóninu, bolur og vatnsbrúsi. Heimasíða Hreyfingar er www.hreyfing.is.

**Iceland Spa and Fitness** sem er Betrunarhúsið, Baðhúsið, Þrekhúsið, Sporthúsið og Aflhúsið á Reyðarfirði.

Aðstandendur Iceland Spa and Fitness ákváðu að halda verðinu í lágmarki og minnka það sem fylgir kortunum. Við fyrstu komu er þó alltaf tekið vel á móti fólki þar sem einkaþjálfari kynnir tæki og aðstöðu.

Fjögurra mánaða kort kostar nú 12.500 krónur. Einnig er í boði að ganga í Isf97 klúbbinn og borga 2.990 á mánuði. Fyrir klúbbfélaga fylgja afslættir á ýmiss konar þjónustu og frí barnagæsla. Einnig er í boði að fá Fjölskyldukort sem felur í sér að séu hjón með kort er frítt í barnagæsluna og börn á aldrinum 12 til 16 ára fá að fljóta frítt með í ræktina. Heimasíða Iceland Spa and fitness er www.isf.is

Nú hefur enginn afsökun fyrir því að koma sér ekki af stað. Nóg er um að velja og best að byrja strax í dag.



Nú er góður tími til að breyta um lífsstíl, taka lóðin taki og styrkja líkama og sál.




Ballettskóli Guðbjargar Björgvins
hefur nú opnað á ný í glæsilegu húsnæði á **Eiðistorgi** ásamt **sérverslun** með ballettfatnað og skó fyrir samkvæmisdansa.
FREED OF LONDON
Kennsla hefst á ný **9. janúar.** Byrjenda- og framhaldshópar frá 3ja ára aldri.
Hin vinsælu **pilates** gólfæfinganámskeið **Jóhanns Björgvinssonar** hefjast einnig **9 janúar.**
Tíu tíma byrjenda- og framhaldsnámskeið fyrir alla aldurshópa.
**Skráið ykkur tímanlega!**



BALLETTSKÓLI GUÐBJARGAR BJÖRGVINS & ARENA

BGB EIÐISTORGI · NÁMSKEÐ Í SÍMA **5611459 & 5620091**
VERSLUNIN ARENA Í SÍMA **8938184** · PILATES Í SÍMA **8658723**



ROPE YOGA

*Gleðilegt nýtt ár !*

Námskeið í Mosfellsbæ
Kennari: Gunnlaugur B. Ólafsson

Upplýsingar og skráning
í síma **699-6684** og **566-8587**

MANNRÆKTIN
ATORKA
www.man.is



ROPE YOGA
Bæjarhraun 22, 220 Hafnarfjörður 3. hæð

NÝ BYRJENDANÁMSKEIÐ HEFJAST
9. OG 10. JAN. OPNUM FYRIR ÁSTUNDUN 4. JAN.



Tímatafla og nánari upplýsingar
www.ropeyoga.net

Skráning er hafin í síma
555-3536 GSM 695-0089
ropeyoga@internet.is •
www.ropeyoga.net

## fyrirlestur }



### mataræði og blóðþrýstingur

Í kvöld verður haldinn fyrirlestur um tengsl mataræðis og blóðþrýstings í World Class í Laugum. Fyrirlesturinn hefst klukkan sex og verður á annarri hæð á Laugar Café.

Meðal þess sem verður rætt er hvernig er hægt að ná árangri í blóðþrýstingsmeðferð með breytingum á mataræði. Lagðar verða fram tillögur um matseðla og þeir sem fyrirlesturinn sitja geta nýtt sér aðstoð fyrirlesara við að endurskipuleggja mataræðið.

Næringarfræðingarnir og ráðgjafarnir Helga Sigurðardóttir og Ólafur Sæmundsson munu sjá um fræðsluna. Fyrirlesturinn er opinn öllum og aðgangur ókeypis.

# Heilsuhringurinn kominn út

***Haustblað Heilsuhringsins, tímarits um hollefni og heilsurækt, er komið út.***

Heilsuhringurinn hefur verið gefinn út í 27 ár en í honum er fjallað um mataræði, heilsu og hollustu. Meðal efnis í blaðinu að þessu sinni er grein Sigríðar Ævarsdóttur um gigt, Jóna Ágústa Ragnarsdóttir fjallar um hómópatíu og Sandra B. Jónsdóttir tekur út erfðabreytt matvæli.

Einnig er sagt frá rannsókn ástralska jurtalæknisins Kerry Bone sem bendir til þess að safi unninn út víðiberki sé jafn ganlegur til að lina þjáningar og hið áður vinsæla en nú bannaða lyf Vioxx, sem er svokallað COX-2 lyf. Þau eru öll bönnuð en ekkert lyf á markaðnum hefur komið í stað þeirra enn sem komið er.

# Tvö tilfelli hringormasmits

***Á síðasta ári komu upp tvö tilfelli hringormasmits. Bæði tilfellin mátti rekja til neyslu lítið eldaðs steinbíts.***



Hringormalirfur geta komist í mannslíkama með neyslu fiskar. Þar breytist lirfan í orm.

Vísindamenn á Keldum fengu til sín tvö tilfelli af hringormasmiti í mönnum á árinu 2005. Bæði tilfellin voru rakin til þess að fólkið neytti steinbíts sem hafði verið lítið eldaður.

Frá því er greint í Læknablaðinu sem kom út fyrr í vikunni að karlmaður hafi vaknað með orm í kokinu síðastliðið vor og í haust fann kona fyrir ertingu í hálsi og hóstaði upp ormi í kjölfarið. Bæði höfðu þau borðað lítið eldaðan steinbít nokkrum dögum áður.

Hringormalirfur sem finnast í fisktegundum geta auðveldlega komist ofan í maga fólks sé fiskurinn lítið eldaður. Um leið og lirfan kemst í maga fólks breytist hún auðveldlega í orm. Einkum eru það tvær tegundir hringorma sem komast í menn. Þær tegundir leita hins vegar eftir því að komast út úr líkamanum enda er hann ekki náttúrulegur bústaður ormsins.


## Viltu læra táknmál?

Námskeið í táknmáli hefjast 10. janúar.
Skráning og nánari upplýsingar í síma 562-7702 eða anney@shh.is

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra
www.shh.is

allt atvinna
Alla sunnudaga

HREYFI GREINING

- Fagleg heilsurækt
- Frábær aðstaða
- Frábær lífsstílsnámskeið
- Frábær staðsetning

# Árangur og ánægja
## – er það sem skiptir máli

### Viltu laga línurnar?

**Hreyfigreining Höfðabakka** býður frábæra aðstöðu til líkamsræktar og sjúkraþjálfunar. Öll þjálfun er unnin af fagfólki. Í átaksnámskeiðum er innifallinn aðgangur að opnum tímum og tækjasal, tími með þjálfara í tækjasal, fitumælingar og þrekpróf, regluleg vigtun, matardagbók og hreyfingardagbók.

### Líkamsrækt

Frábær aðstaða fyrir þá sem vilja æfa á eigin vegum á þægilegum stað. Fjöldi opinna tíma. Skoðið stundaskrá fyrir vorið 2006 á www.hreyfigreining.is

### Hvað segir fólkið sem notar þjónustuna:



***Skynsamlegasta ákvörðun sem ég tók á árinu var að byrja á átaksnámskeiði hjá Hreyfigreiningu.*** *Mæli heilshugar með þessu frábæra námskeiði fyrir þá sem hafa átt erfitt með að koma sér af stað í líkamsrækt og temja sér nýjan lífsstíl. Leiðbeinendur eru frábært fagfólk.*

Áslaug Guðmundardóttir



***Frábært námskeið, hjá frábæru fólki, á frábærum stað.*** *Í formi til framtíðar er námskeið sem ég get hiklaust mælt með. Þetta námskeið er hnitmiðað þar sem eingöngu fagfólk sér um þjálfun og fræðslu þannig að árangurinn skilar sér.*
*Sú þekking og sá árangur sem fékkst á námskeiðinu á örugglega eftir að nýtast mér í framtíðinni.*

Steinunn Ósk Konráðsdóttir



*Þegar ég ákvað að fara í átak og hreyfa mig reglulega varð Hreyfigreining fyrir valinu. Nokkur atriði skiptu máli þegar ég var að velja. Ég vildi ekki æfa í stórri stöð þar sem er mjög margt fólk og mikill hávaði.* ***Ég vildi líka fara á lokað námskeið þar sem sami hópurinn æfir alltaf saman undir leiðsögn menntaðra kennara.*** *Ég er mjög ánægð með árangurinn og mun örugglega halda áfram að æfa í Hreyfigreiningu.*

Anna Berglind Þorsteinsdóttir

### Ný námskeið hefjast 9. janúar

### Í formi til framtíðar

Bókanir eru hafnar í þessi vinsælu aðhalds- og lífsstílsnámskeið fyrir konur.
Bæði fyrir byrjendur og framhaldsnámskeið.

### Bumban burt

Lokuð námskeið fyrir karla sem vilja ná árangri. Ný námskeið hefjast í janúar.

### Móðir og barn
### Golffimi
### Fusion Pilates
### Jóga flæði

**Skoðið stundaskrá á www.hreyfigreining.is**




HREYFI GREINING
HÖFÐABAKKA
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

# Ballett

Byrjendur (yngst 3ja ára) og framhaldsnemendur.

567 8965



Ballettskóli Sigríðar Ármann
Reykjavík, Kópavogi.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



**Skartgripir** geta lífgað upp á hversdagsútlitið. Það er ágætt að skreyta sig aðeins með skartgripum á meðan það venst að klæðast hversdagsfötum aftur eftir jólin.


**Klippingar fyrir alla, konur og karla. Verð 1.900kr.**

*Nýjar gjafavörur í búðinni.*

Verið velkomin Lára og Eva

**Evíta**

**Hárgreiðsla og gjafavörur**

Starmýri 2, 108 Rvík • s. 553-1900 • www.evita.is




**falleg föt** ...hafðu þinn eigin stíl

**ÚTSALA**

í fullum gangi

30-50% verðlækkun

Fataprýði GLÆSIBÆ ☎ 553-2347

**belladonna**

REGNBOGADAGAR

NÚNA ER HÆGT AÐ GERA FRÁBÆR KAUP Á NÝLEGUM VÖRUM!

**20%-40%**

**afsláttur af völdum vörum**

Vertu þú sjálf – vertu Bella Donna

**RÉTTU STÆRÐIRNAR**

Hlíðarsmára 11 • Kóp • S: 517 6460 • Laugavegur 66, 2. hæð • S: 578 6460

Opið mán. - fös. 11-18, lau. 11-15 • www.belladonna.is

**birta**

**Alltaf á Föstudögum**




Herraökklaskór kr. 24.990



Herraökklaskór kr. 24.990



Röndóttar töskur kr. 3.990 stk.



Herrataska kr. 3.490



Klossar kr. 7.990



Armbönd kr. 790 og 1.250

# Í fremstu víglínu

***Í skóverslunninni Aldo fást ekki bara skór heldur líka föt og fylgihlutir.***

Fyrir skömmu var opnuð ný skóverslun í Kringlunni undir vörumerkinu Aldo. Aldo er verslanakeðja sem hefur vaxið gífurlega hratt undanfarin ár en upprunalega var fyrirtækið sett á stofn árið 1972 í Kanada.

Hjá Aldo er áhersla lögð á skó á karla og konur á góðu verði en svo hafa bæst í vöruúrvalið undanfarin ár ýmsir fylgihlutir eins og töskur, skartgripir og jafnvel einstaka flík. Mikið er lagt upp úr smáatriðunum í hönnun og framleiðslu og hjá Aldo er einnig leitast við að vera í fremstu víglínu þegar kemur að því að kynna nýja skótísku.

Það er gaman að sjá að verðið á Aldo-skónum er vel viðráðanlegt og í herraskónum eru margar skemmtilegar nýjungar.

Vefsíða fyrirtækisins (www.aldoshoes.com) er mjög aðgengileg og sýnir glöggt hvað er á döfinni hverju sinni hjá þessu sívaxandi fyrirtæki.

Verslunarstjóri í nýju Aldo-versluninni er Lína Andrésdóttir.



Hælaháir hámóðins skór Ljósgulllitaðir kr. 7.990. Bronsslönguskinns kr. 7.990. Blómamunstri kr. 8.990. Ljósir m. brúnu munstri kr. 6.990. Gullbronslitaðir kr. 8.990



Stígvél, brún og gyllt kr. 13.990, dökkbrún kr. 19.990



Gulltaska kr. 3.490




*Útsalan er hafin 30%-50% afsláttur af haust- og vetrarvörum.*

*10% afsláttur af klassískum vörum um helgina.*

*40% afsláttur af noppies baby!*

tvö líf

Holtasmári 1 • Sími 517 8500 www.tvolif.is

*Opið 11-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum*





## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Frá sólkonungi til okkar daga

Er ekki stundum sagt að til að skilja framtíðina þurfi að skilja sögu fortíðarinnar? Það sama má segja um tískuna. Ekki veit ég hvort hægt er að tala mikið um tískusögu í klæðnaði Íslendinga á sautjándu öld líkt og gert er hér í Frakklandi en kannski um klæðavenjur. Enn erfiðara er líklega að skrifa tískusögu íslenskra karla. Hún yrði í það minnsta stutt. En á tískusafninu í París, Le Musée de la mode et du textile, stendur nú yfir sýning á karlmannatísku frá XIIV öld fram á okkar daga. Þarna er farið í gegnum þrjúhundruð ára sögu og sýndir þrjúhundruð karlmannabúningar og fylgihlutir ásamt teikningum og efnasýnishornum, fengnum frá söfnum, tískuhúsum eða einkasöfnun, allt frá dögum Lúðvíks fjórtánda. Sýninguna má skoða í tímaröð, það er að segja frá dögum Sólkonungsins, þar sem þegar má sjá forvera þess sem í dag eru jakkaföt, vesti, síður jakki og eins konar pokabuxur sem komust í tísku á þessum tíma. Karlmannatískan varð svo fáguð á átjándu öld að útsaumur og blúndur voru fyrst og frest ætluð fyrir fína herra og hestana þeirra og á þessum tíma voru karlmenn miklu frekar með hárkollur en konur.

Á árunum fyrir og eftir byltinguna frönsku verða karlmannaföt látlausari og alþýðlegri í takt við breytta tíma og þjóðfélagsþróun. Frá þessum tíma má sjá hin eiginlegu jakkaföt fullsköpuð sem eru kannski ekki svo ólík því sem gerist í dag. Smókingurinn er líklega það nýjasta í þessu ferli. Skrautklæðnaðurinn er notaður innandyra svo sem í náttfötum og fleiru eða í einkennisbúninga við hátíðleg tækifæri. Þetta tímabil nær allt til um 1960 þegar nútímahönnuðir umbylta karltískunni sem við þekkjum í dag hjá hönnuðum eins og Thierry Mugler, Jean-Paul Gaultier eða John Galliano.

Tískan í dag hefur hins vegar sameinað skrautmennsku Sólkonungsins og látleysi eftirbyltingaráranna og fyrri hluta tuttugustu aldar. Nú er allt mögulegt til, jafnvel karlar í pilsum!

Í Frakklandi var auðvitað til, eins og á Íslandi, fátækur almenningur sem var ekki beint í tísku Sólkonungsins og þeirra sem á eftir komu en konungar hafa löngum verið uppteknir af því fallega, það varð þeim líka að falli. Mágkona mín sagði við mömmu í fyrstu ferð sinni til Parísar: „Mikið eru byggingarnar hér flottar.“ Mamma svaraði um hæl: „Það var líka gerð bylting.“ Konungurinn missti á endanum höfuðið og Marie Antoinette var vissulega klædd í Haute couture þegar hún var hálshöggvin á Concorde-torgi. (Musée de la mode et du textile, 107 rue de Rivoli, 75001 Paris, stendur yfir til 30. apríl 2006.)



Ívar Freyr með ísaxir í höndunum á förum norður í land í flíspeysunni góðu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Rauð flíspeysa sem er flott á mynd

***Nýjasta flíkin hans Ívars Freys Finnbogasonar fjallaleiðsögumanns og klifrara er rauð frönsk flíspeysa.***

„Ég er nú búinn að vera ansi rólegur í fatakaupunum. Held að nýjasta flíkin sé flíspeysa sem ég keypti í Frakklandi á síðasta ári,“ segir Ívar Freyr hálf mæðulegur eins og það sé langt síðan síðasta ár rann sitt skeið. „En hún er hrikalega flott með rennilásinn til hliðar við hökuna,“ bætir hann svo við hressilegri í bragði. Spurður hvort það sé þægilegra fyrir klifrara að hafa rennilásinn á þessum stað en fyrir miðju hlær hann og svarar: „Nei, það er bara flottara.“ Hann kveðst hafa keypt þessa ágætu peysu í stórri klifrarabúð í Frakklandi og að sjálfsögu sérstaklega valið litinn með tilliti til þess að hann tæki sig vel út á myndum hangandi utan í ísstáli eða einhverju berginu. Ívar Freyr var á förum norður á Tröllaskaga sem leiðsögumaður þegar í hann náðist. Þar ætlaði hann að reyna að leita að einhverjum ís til að klifra í á þessu „ótrúlega íslausa Íslandi“, eins og hann orðaði það. Eftir þann túr ætlar hann beint til Frakklands og hver veit nema hann skelli sér þar í búð og fjárfesti í fleiri flottum flíspeysum.







Útsala
útsala

Gudrún
tískuverslun
Rauðarárstig 1, sími 561-5077

Nýtt símanúmer
hjá dreifingu:




550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT



Diesel Lowky 15.990. kr. Sautján. Ruby 7.990. kr. Oasis. Scarlet 7.990. kr. Oasis. Queen of Jeans 6.900. kr. Gallabuxnabúðin

# Eðalfínar gallabuxur

***Nú eru hátíðirnar búnar og hversdagsleikinn tekinn við. Það er því tímabært að setja sparifötin aftur inn í skáp og draga fram gömlu gallabuxurnar eða kaupa sér nýjar.***

Gallabuxur fara aldrei úr tísku og henta við nánast öll tækifæri. Verslanir eru þessa dagana að fyllast af nýjum sendingum af gallabuxum eftir jólin. Svartar og gráar gallabuxur eru áberandi en blái liturinn er samt ennþá mjög vinsæll. Sniðin eru margvísleg og buxurnar eru ýmist niðurþröngar eða örlítið útvíðar.



Jam 7.900. kr. Gallabuxnabúðin.

Diesel Bebel 14.990. Sautján.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jees 5.900. kr. Gallabuxnabúðin. London skinny 5.593. kr. Warehouse. London slim 5.593. kr. Warehouse.




brúðarkjólar · brúðarermar
kjólar · toppar · sjöl · ermar
húfur · hattar · pils · töskur

jbj design
Skólagerði 5 · 200 Kópavogur · sími 554 2718
www.jbj.is · opið virka daga 12–18

# Geek Chic í orðabók

***Nýtt tískuslangur hefur nú formlega verið viðurkennt ef enskri orðabók.***

Geek Chic eða lúðatíska eins og það gæti kallast á íslensku var fyrst notað um fatalínu sem kynnt var af Miuccia Prada árið 2002 sem var sérstaklega hönnuð fyrir lúðana í hátæknimiðstöð heimsins í Sílikondalnum í Kaliforníu. Síðan þá hafa ýmsir tískublaðamenn notað þetta slangur til þess að lýsa einstaklingum og öðru.

Formleg þýðing Geek Chic á heimasíðunni dictionary.com er að það sé slangur notað um tísku sem sé hönnuð fyrir ákafa tölvuáhugamenn. Þetta tískufyrirbrigði hefur þó orðið örlítið meira áberandi í tískuheimnum að undanförnu eins og til dæmis lúðaleg gleraugu og svokölluð afatíska.



Tölvulúðar hafa líka sína tískustrauma.



Það skiptir máli hvaða litir eru hafðir næst andlitinu.

# Vetur, sumar, vor & haust

***Fyrir nokkrum árum síðan var mikið talað um litgreiningu og allir vissu hvaða árstíð þeir voru og völdu sér föt eftir því. Nú virðist enginn láta litgreina sig lengur og flestir kaupa sér bara föt í þeim litum sem þeim finnst flottir.***

Litgreiningin er samt ennþá til en árstíðakerfið sem allir þekktu er ekki lengur notað. Þess í stað er stuðst við svokallað tonal-kerfi þar sem litarhaft fólks er flokkað í heitt og kalt, milt og dökkt, skært og ljóst og svo framvegis. Þeir sem hafa áhuga því á að læra að litgreina sjálfa sig eftir nýja kerfinu geta til dæmis farið á námskeið hjá Önnu F. Gunnarsdóttur í Önnu og útlitinu en hún kennir fólki að klæða sig og mála eftir litarhafti. Það er alveg tilvalið svona í skammdeginu að drífa sig á námskeið í litgreiningu og komast að því hvaða litir klæða mann best.










Útsalan er hafin
allt að
70% afsláttur
FJÖRÐUR
www.fjordur.is
EURO SKO
Fjarðargötu 13-15 • Sími 555-4420

Útsalan er hafin


Laugavegur 58 • 101 Reykjavík • S: 551-4884

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VISIR VEF TV

HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!
Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir
í stafrænum gæðum á visir.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




Sigurður Gilbertsson, Gilbert Ó Guðjónsson, Júlíus Steinar Heiðarsson og Grímkell P Sigurþórsson með eitt úranna. FRÉTTABLAÐIÐ/ GVA

# Íslensk úr frá grunni

***Ný úr er nefnast JS Watch hafa vakið mikla athygli. Þrír félagar úr ólíkum áttum standa að hönnuninni og framleiðslu.***

Þrír Íslendingar hafa unnið í ár að hönnun og framleiðslu eigin úra. Afraksturinn sem kallast JS Watch kom í úrabúð Gilberts í nóvember síðastliðinn en að framleiðslunni standa þeir Sigurður Gilbertsson úraframleiðandi, Júlíus Steinar Heiðarsson flugmaður og Grímkell Sigurþórsson margmiðlunarfræðingur. „Ég er úrasafnari og feðgarnir Gilbert úrsmiður og Sigurður Gilbertsson hafa verið að gera upp úr fyrir mig í gegnum árin,“ segir Júlíus Steinar. „Ég reifaði hugmyndina við þá að smíða eigið úr en þeir sögðu að það hefði aldrei verið gert áður og voru nokkuð skeftískir. Við ákváðum samt að láta reyna á það og töluðum við framleiðendur gangverka og úrahluta.

Eftir smá þref fengum við parta til að smíða úr og þetta tókst svo vel að við ákváðum að hanna okkar eigið úr,“ segir Júlíus og heldur áfram: „Svo sátum fyrir framan tölvuna hjá Kela og spunnum hugmyndir okkar saman þar til fyrsta úrið var komið. Við ákváðum að gera 100 eintök til að athuga áhuga fólks og það gekk framar björtustu vonum.“

Úrin hafa flest klárast og eru félagarnir farnir af stað með fleiri. „Kvenmannsúr eru næst á dagskrá ásamt sportlegri úrum. Svo er verið að biðja okkur um stærri gerðir svo ég myndi segja að það væru fjórar tegundir í vinnslu,“ segir Júlíus.

Framleiðslan er fyrsta sinnar tegundar hér á landi. „Ég held að allir úrsmiðir hafi sett saman allavega eitt úr en við hönnum partana sjálfir og stjórnum ferlinu. Ekkert kemur frá sama stað, einn partur er til að mynda framleiddur í Þýskalandi og málaður í Bretlandi.“

Úraáhugann fékk Júlíus fyrir um sex árum síðan. „Ég vann í 13 ár hjá Atlanta og ferðaðist um allan heim. Fyrsta úrið, gamalt Omega-úr, keypti ég í London í Englandi. Síðan fór ég að lesa mér til svo að þetta vatt upp á sig og nú er áhugamálið að verða að vinnu og vinnan að áhugamáli.“

Það vakti athygli á dögunum að Quentin Tarantino og Eli Roth komu og keyptu sér báðir JS úr. „Við fengum tvo pósta frá Bandaríkjamönnum í nótt sem vildu nálgast úrin eftir að hafa séð Tarantino með það. Ennfremur höfum við fengið um 5000 heimsóknir á sólarhring á vefsíðuna okkar, www.jswatch.com, síðan við seldum honum úrið. Það er greinilegt að fólk fylgist með honum,“ segir Júlíus að lokum.

mariathora@frettabladid.is



Gilbert að eiga við gangverk úrsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ GVA



Nýjasta gerðin af úrum sem nefnist A2 og stendur fyrir Automatic 200 en það er vatnshelt niður á 200 metra. FRÉTTABLAÐIÐ/ GVA

**www.tarot.is**
Tarotnámskeið - Talnaspekinámskeið. Uppl. og skrán., á vef og s. 868 0322.

Barnadansar. Dansskóli Jóns-Péturs og Köru.

Salsa. Dansskóli Jóns-Péturs og Köru.

Samkvæmisdansar. Dansskóli Jóns Péturs og Köru.

Freestyle. Dansskóli Jóns-Péturs og Köru.

## Kennsla

**Skipstjórnarnám 30 brl**
Bóklegt skipstjórnarnám kennt með fjarkennslusniði. Fyrir þá sem vilja öðlast atvinnuréttindi og (eða) áhugafólk um siglingar. Námið hefst 09. janúar 2006 og lýkur með prófi 02. maí 2006. Skráning og nánari upplýsingar á vef skólans www. fas.is.
**Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, sími 470 8070, netfang fas@fas.is.**

## Flug

Flugfélagið Geirfugl heldur bóklegt einkaflugmannsnámskeið sem hefst 9. jan. nk. Skráning á www.geirfugl.is eða í s: 511-5511

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



**Sófalist-Útsala.**
Fallegar yfirbreiðslur fyrir sófa, stóla og borðstofustóla. Sófalist, Síðumúla 20 (2 hæð), www.sofalist.is Sími 553 0444.

Til sölu flottur sjónvarpsskápur úr Miru, tvær hillur úr Tekk og stór hornsófi. Uppl. í s. 564 5577 e.kl. 17.

## Heimilistæki

Til sölu Elektrolux ísskápur m. frysti, 3ja ára. Eldavél og ofn frá AEG, nýleg. Uppl. í s. 897 4028.

## Gefins

Sófasett og skápar fást gefins, gegn því að vera sótt. Uppl. í s. 820 9074.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Barnagæsla

Ég er 13 mán. strákur sem þarf pössun 3 kvöld í viku. Mánud., miðvikud. og föstud. 2-3 tíma í senn. Mamma mín býr í vesturbænum og erum við í brýnni þörf fyrir barnapíu. Ég er oftast sofnaður eða að fara að sofa. Hafið samband á milli 17 og 22:30 í s. 824 4568.

## Dýrahald

Kettlingar fást gefins, siamsblandaðir, algjörar kelirófur. Uppl. í s. 863 0656.

Poodle tík til sölu og Border Collie / Poodle blendingur 5 mánaða hundur. Uppl. í s. 893 0698.

10 mán. Boxer hund vantar nýtt heimili. Ættbók & 2 búr fylgja. Verð 50 þ. Uppl. í s. 822 5240.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Íbúð til leigu!**
2ja herb. íbúð í Garðabæ til leigu. Laus strax. uppl. í s. 840 0141 eftir kl. 17.

Til leigu herbergi í miðbænum. Verð 20 þ. Uppl. í s. 690 3429 e. kl. 17.

Herbergi til leigu fyrir nemendur, internet ásamt sameiginlegri bað, þvotta og eldunaraðstöðu. Uppl. í síma 511 5600.

Herbergi til leigu á svæði 108. Verð 30 þús. Uppl. í s. 691 1073 & 659 1788.

**Íbúð í Vesturbæ.**
Til leigu 55 fm sérlega skemmtileg 2ja herb íbúð á Reynimel. Íbúðin er í góðu standi, nýmáluð og laus nú þegar. Leiguverð 79 þ. á mán. innif hússjóður. Aðeins reglusamt og gott fólk kemur til greina. Uppl. í s. 867 1828.

Til leigu 3ja herb. íbúðir, í nýju húsn. v/Hraunbæ. Leiguverð m/hússj. 97 þ. Jafnframt þarf að greiða 291 þ. í tryggingu. Uppl. í s. 898 3420.

**Skammtímaleiga**
3ja herbergja íbúð í Jöklafold í Grafarvogi til leigu í 3 mánuði og jafnvel lengur. Uppl. í s. 691 5308.

2ja herb. íbúð í Hfj. til leigu. Aðeins reglusamir og reyklausir koma til greina. Uppl. í s. 845 3662.

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð á 2-3 herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Greiðslugeta er 80 þús. á mán. sími 843 9890.

**Fjölskylda í neyð!**
Ungt par með 2 börn óskar eftir að taka á leigu 3ja herb. íbúð, helst á svæði 105 eða nálægt (þó ekki skilyrði). Erum róleg og reglusöm. Greiðslugeta 60-80 þús., skilvísum greiðslum heitið. Vinsamlegast sendið svör á smaar@frett.is eða skilið í afgreiðslu 365 Skaftahlíð 24 merkt "leiga 105".

**Í neyð**
Ung kona óskar eftir íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í síma 822 0284.

Húsnæði óskast á stór Reykjarvíkursvæðinu. Hjón með tvö börn utan af landi óska eftir 3-4 herb. húsnæði. frá 1. mars. Öruggum greiðslum heitið og góðri umgengni. Leigutími lágmark 1 ár. S. 863 0990.

Traustur og ábyrgur maður utan af landi óskar eftir íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Skilvísar greiðsur. Vinsamlegast hafið samband í s. 690 9857, Magnús.

Fjölskyldumaður á miðjum aldri óskar eftir herb. m. aðgangi að baði og eldunaraðstöðu. Uppl. í s. 863 0375.

Óskum eftir íbúð á höfuðborgarsv. til leigu í 2-4 mánuði. Barnlaus og reglusöm. S. 562 9698 & 868 1757.

Einstaklings eða 2ja herb. Er reyklaus, pottþéttar greiðslur, með eða án húsgagna. Uppl. í s. 843 9936.

Herbergi óskast á svæði 104 með salernis og sturtuaðstöðu. Uppl. í s. 893 5444.

## Sumarbústaðir

Bjóðum vönduð sænsk sumarhús. Fljótuppsett einingarhús eða bjálkaklæddir veggir. Hagstætt verð. Elgur bjálkabústaðir Ármúla 36. Sími 581 4070. www.bjalkabustadir.is.

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir að leigja 50-100 fm húsnæði undir sérverslun í litlum verslunarkjarna. Uppl. í s. 695 9685.

**Húsnæði fyrir snyrtistofu**
Til leigu á jarðhæð Miðleiti 7 (Gimli). Nánari uppl. hjá Birni Ragnarssyni húsverði, sími 898 7132.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Til leigu tæplega 30 fm bílskúrar við Móhellu í Hfj. Innifalið í leigu er rafmagn og hiti, heitt og kalt vatn. Lagt fyrir 3ja fasa tengli. Hentar vel sem geymslupláss eða vinnuaðstaða. Leiga 30 þús. á mán. S. 863 6144.

## Hestamennska

Óska eftir plássi fyrir 3 hesta á stór-Reykjavíkursvæðinu. Þráinn V. Ragnarsson, S. 897 7689 og wiking@simnet.is.

**Bújörð**
Til leigu jörð í Borgarfirði 143 fm einbýli, hesthús og útihús. Tilvalið fyrir hestamenn og fl. Sími 694 2171.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. **Uppl. á fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Traust starfsfólk óskast**
Leikskólakennari eða leiðbeinandi. Glaður og gefandi með trausta reynslu af ungum börnum óskast til starfa sem fyrst. Regnboginn er deilda skóli staðsettur á Ártúnsholti. Áhersla er á gæði í samskiptum og skapandi starf í anda Reggió-stefnunnar. Einkunnarorð skólans eru Börn eru merkilegt fólk. Síðdegisstaða Einnig laust starf eftir hádegi eða síðdegis, um er að ræða 25-50 % starf sem getur vel hentað námsmanni.
**Allar nánari upplýsingar veitir undirrituð í s. 899-2056 og regnbogi@regnbogi.is Lovísa Hallgrímsdóttir leikskólastjóri**

**Starfsfólk óskast.**
Kjúklingastaðurinn Suðurveri óskar eftir starfsfólki í vaktavinnu og hlutastörf. Ekki yngri en 18 ára.
**Uppl. í s. 897 4796 & 553 8890.**

**Pítan Skipholti**
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf í vaktavinnu í sal. Einnig hlutastörf í boði. Góð laun í boð fyrir rétt fólk. Framtíðarstarf.
**Umsóknareyðublöð á staðnum og einnig á www.pitan.is**

**Loftorka Reykjavík**
Loftorka óskar eftir að ráða bifvélavirkja á verkstæði sitt. Leitað er eftir vönum manni með reynslu í viðgerðum vörubíla og vinnuvéla. Fyrirtaks vinnuaðstaða. Fæði á staðnum og heimkeyrsla. Einungis er leitað að manni með réttindi.
**Upplýsingar hjá Brynjólfi Brynjólfssyni verkstæðisformanni í síma 565 0876.**

**Loftorka Reykjavík.**
Óskar eftir verkamönnum til jarðvinnuframkvæmda. Heimkeyrsla og matur í hádeginu.
**Upplýsingar í síma 565 0877.**

**Þrif og þvottahús.**
Bakarameistarinn Suðurveri óskar eftir starfsmanni í ræstingar, þrif og þvottahús. Vinnutími 10-18 virka daga. Góð laun í boði.
**Uppl. í s. 897 5470 einnig umsókareyðublöð www.bakarameistarinn.is**

**Kaffihús, Bakarí**
Bakarameistarinn, Húsgagnahöllinni, Smáratorgi, Suðurveri, Glæsibæ og Mjódd óskar eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19, 13-19, 08-16 og 07-13. Góð laun í boði.
**Uppl. í s. 897 5470 einnig umsókareyðublöð www.bakarameistarinn.is**

**Viltu koma að vinna á**
Pizza Hut leitar að starfsfólki í fullt starf í veitingasal. Hæfniskröfur eru reynsla af þjónustu, þjónustulund, samviskusemi og hæfni í mannlegum samskiptum. Æskilegur aldur 20 og eldri. Áhugasamir sendi inn umsóknir á www.pizzahut.is / loa@pizzahut.is. Frekari upplýsingar hjá veitingastjórum á Sprengisandi og í Smáralind.

**Skalli Vesturlandsvegi**
Skalli Vesturlandsvegi óskar eftir starfsfólki á vaktir og í hlutastarf. Uppl. á staðnum í dag milli 16-20.

**Veitingahúsið Hornið**
Óskar eftir starfsfólki í sal í kvöld og helgarvinnu, reynsla æskileg.
**Upplýsingar gefur Kristín í síma 898 6481 eða á staðnum milli kl. 14 & 16.30.**

**Veitingahús**
Starfsfólk óskast á lítinn veitingastað í Kópavogi. Lágmarksaldur 25 ára.
**Uppl. í s. 894 0292.**

**Ræstingar**
Óskum eftir að ráða fólk til starfa við ræstingar, vinnutími frá 08-17.
**Upplýsingar í síma 699 8403, Bónbræður ehf.**

**Nonnabiti**
Starfskraft vantar í fullt starf, helgarstarf og hlutastarf. Reyklaus.
**Uppl. í s. 899 1670 & 586 1840 eða á staðnum Nonnabita Hafnarstræti 11.**

**Góð laun - Dagvinna.**
Starfskraft vantar sem fyrst í þjónustu á Kaffi Mílanó Faxafeni 11.
**Upplýsingar á staðnum. Ekki í síma.**

**Hrafnista Reykjavík. Hrafnista Hafnarfirði.**
Starfsfólk óskast í aðhlynningu, vaktavinna eða bara virka daga. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag. Einnig eru í boði stuttar vaktir, t.d. frá kl 8-13 eða 18-22.
**Uppl. veitir starfsmannaþjónustan í síma 585 9529. Sjá heimasíðu www.hrafnista.is.**

**Hrafnista Reykjavík.**
Starfsfólk óskast í býtibúr. Starfshlutfall og vinnutími sveiganlegt.
**Uppl.veitir starfsmannaþjónustan í síma 585 9529. Sjá heimasíðu www.hrafnista.is.**

**Hrafnista Reykjavík.**
Ræsting. Starfsfólk óskast í ræstingu.
**Uppl.veitir starfsmannaþjónustan í síma 585 9529. Sjá heimasíðu www.hrafnista.is.**

**Frábær-aukavinna**
Okkur vantar hressa, jákvæða og þjónustulunda starfsmenn til þjónustustarfa í sal á veitingastaði okkar í Skipholti og Höfðabakka . Kvöld og helgarvinna, eða dagvinna, sveigjanlegur vinnutími við allra hæfi. Góð laun í boði fyrir gott fólk. Uppl. gefur Skipholt Haukur í s. 552 2211 eða 660 1143. og Gunnar Höfðabakka s. 517 3990 eða 660 1144

**Rauðará Steikhús**
Vegna mikilla anna framundan vantar okkur: fagþjóna, aðstoðarfólk í sal og uppvaskara.
**Upplýsingar í síma 699 2363 & 562 6766.**

**Hársnyrtisveinar/meistarar**
Góð stofa í góðum rekstri í Keflavík vantar ábyrga manneskju í stólaleigu.
**Upplýsingar gefa Helga eða Steinunn í síma 421 7117**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Fjarðarbakarí Hafnarfirði óskar eftir fólki til afgreiðslustarfa sem fyrst; tvískiptar vaktir. Upplýsingar í s. 895 8192 kl. 8-18.

Starfskraftur óskast í mötuneyti til afgreiðslustarfa 4 kvöld í viku milli kl. 16-20. Uppl. í s. 892 9814.

Verkland ehf. óskar eftir kranamanni á libheer 112 HC, sem fyrst. Góður aðbúnaður. Laun eftir samkomulagi. Uppl. í s. 897 7445.

Verkland ehf. óskar eftir smiðum í uppmælingu, góður aðbúnaður, næg vinna. Uppl. í s. 897 7445.

Verkland ehf. óskar eftir verkamönnum, laun eftir samkomulagi, góður aðbúnaður næg vinna. Uppl. í s. 897 7445.

**Kassastarfsmaður**
Bónus vantar starfsmenn til afgreiðslu á kassa í verslunum fyrirtækisins í Spönginni, Faxafeni, Tindarseli og Smáratorgi. Áhugasamir geta sótt um í verslunum eða á www.bonus.is.

**McDonald's laus störf**
Vantar nú þegar nokkra hressa starfsmenn í fullt starf og hlutastarf á veitingastöðum okkar við Suðurlandsbraut, Kringlunni og Smáratorg. Líflegur og fjörugur vinnustaður, alltaf nóg að gera og góðir möguleikar fyrir duglegt fólk að vinna sig upp. Mjög samkeppnishæf laun í boði. Umsóknareyðublöð liggja frammi á veitingastöðunum eða á heimasíðu http://www.mcdonalds.is

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir að ráða starfmann til þrifa í framleiðslu. Upplýsingar gefur Sigurður í síma: 561 1433 / 699 8076 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa í bakaríum okkar. Vinnutími er frá kl. 7.00-13.00 / 13-18.30 virka daga. Vinsamlegast hafið samband við Sigríði í síma: 561 1433 / 699 5423 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is.

### Byggingafélag

Getur bætt við sig smiðum og verkamönnum í vinnu. Uppl. í s. 893 9722.

Stýrimann, vélavörð og háseta vana netaveiðum vantar á 270 tonna netabát sem fer til grálúðveiða. Uppl. hjá skipstjóra í s. 898 4499.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

### Lager/útkeyrsla

Ræstingaþjónustan sf. óskar eftir hraustum starfskrafti í tiltekt og útkeyrslu virka daga, ásamt öðrum störfum innanhúss. Viðkomandi þarf að vera með bílpróf, við góða heilsu og geta unnið sjálfstætt. Æskilegur aldur 40+. Um framtíðarstarf er að ræða. Nánari upplýsingar má nálgast á skrifstofutíma í síma 587 3111.

Starfsmaður óskast til afgreiðslustarfa. Góð laun í boði. Uppl. í s. 664 7408.

Starfsmaður óskast til verksmiðjustarfa, vaktavinna, góður vinnutími, framtíðarstarf. Upplýsingar í síma 697 3426.

### Bakarí

Bakari óskast í bakarí Breiðholti. Uppl. í s. 893 7370 eða 820 7370.

### Bakarí

Starskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí/kaffihús, Skipholti, hálfan daginn og annan hvern laugardag. Uppl. í s. 820 7370.

### Kaffihús

Óskar eftir starfsfólki við afgreiðslu í kaffihús og bakarí. Uppl. gefur Stefán í síma 551 3524.

Óskum eftir starfsfólki til heilsdags og hlutastarfa. Einnig til hutastarfa kvöld og helgar. Uppl. gefur verslunarstjóri í s. 551 0224 og í versluninni. Melabúðin Hagamel 39.

Óskum eftir véla- og verkamönnum til jarðvinnuframkvæmda. Upplýsingar á milli kl. 10-14 í síma 554 7410.

Verkamenn óskast í byggingavinnu í Grafarholti. Góður aðbúnaður. S. 892 3207.

### Jolli Hafnarfirði

Starfsfólk óskast í vinnu frá 8-16 eða eftir nánara samkomulagi. Góð laun fyrir rétt fólk. Upplýsingar í Jolla, Helluhrauni 1, Hafnarfirði eða í s. 565 4990 & 898 6670.

Verktakafyrirtæki óskar eftir bílstjóra. Reynsla af gröfu æskileg en ekki skilyrði. S. 899 0012.

Söluturninn Allt í einu, Jafnaseli 6, 109 Reykjavík, óskar eftir brosmildu starfsfólki í vaktavinnu annars vegar og kvöld- og helgarvinnu hinsvegar. Upplýsingar fást á staðnum og í síma 587 7010.

Flutningafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða bifvélavirkja eða vanan mann með reynslu í viðgerðum vörubíla til vinnu á verkstæði. Umsóknir sendist á addi@ift.is.

Verkamenn/konur óskast í ýmis verkefni, 30+. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. S. 565 7744.

### Rizzo Pizzeria

Auglýsir eftir starfsfólki. Nánari uppl. í staðnum, Hraunbæ 121.

Hressar stúlkur á öllum aldri óskast til að selja skartgripi í heimakynningum. Svör sendist á smaar@visir.is merkt "skart".

Byggingaverkamenn. Óskum eftir að ráða vana verkamenn, mikil vinna. S. 860 0866.

Óskum eftir að ráða trésmiði, mikil vinna framundan. Uppl. í s. 860 0866.

Starfsfólk óskast í matvöruverslun í vesturbænum. Um er að ræða kvöld og helgarvinnu, aðeins framtíðarvinna í boði. 18 ára og eldri. Uppl. í s. 692 5349.

### Atvinna vesturbær

Starfskraftur óskast til ýmissa starfa í fatahreinsun. Unnið mánudaga til föstudaga. Ekki unnið á laugardögum. Uppl. á staðnum. Fatahreinsunin Hraði, Ægisíðu 115. S. 552 4900.

### Starfskraftur óskast

Til ýmissa starfa í matvöruverslun. Hlutastarf kemur til greina. Upplýsingar gefur Kjöthöllin Háaleitisbraut 58-60, s. 553 8844.

Vantar járnamenn í gott verkefni. Góð laun í boði fyrir dugnaðarforka. Frekari uppl. í s. 660 6155.

### Sumakona

Vegna aukinna verkefna vantar okkur vandvirka og góða saumakonu strax. Verður að hafa eigin aðstöðu. Uppl. í s. 692 8022 & 553 0444.

## Atvinna óskast

Smiðir frá Lettlandi óska eftir verkefnum á Íslandi. S. 845 7158.

22ja ára kk. óskar eftir að komast á gröfu. Vanur. Uppl. í s. 662 6268.

20 ára karlmaður í Rvk. óskar eftir vinnu, allt kemur til greina. Sími 867 9647.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

Ungur maður um þrítugt, vel útlítandi, 185 cm á hæð, 75 kg. óskar eftir kynnum við góða stúlku á aldrinum 20-35. Útlit ekki aðalatriði. S. 699 0975.

## TILKYNNINGAR

### Þjórsárver eru þjóðargersemi

**Fundur í Norræna húsinu í Reykjavík**
**laugardag 7. janúar 2006, kl. 13.30-15.00**

Dagskrá
**Þjórsárver í orðum og myndum Mat á umhverfisáhrifum**
**Norðlingaölduveitu Þjórsárver og skipulag Miðhálendisins**
**Yfirlýsing til varnar Þjórsárverum**

**Allir velkomnir**

Áhugahópur um verndun Þjórsárvera, Fuglavernd, Landvernd, Náttúruvaktin, Náttúruverndarsamtök Íslands, Náttúruverndarsamtök Norðurlands, Náttúruverndarsamtök Suðurlands og Náttúruverndarsamtök Austurlands.

*... þeim má ekki spilla.*

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

## ATVINNA

## Ástund sérverslun

**Óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa í verslun okkar.**

Leggjum áherslu á eftirfarandi atriði:

- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Ríka þjónustulund
- Öguð og skipulögð vinnubrögð
- Þarf að geta unnið sjálfstætt og í hóp
- Góð enskukunnátta
- Stundvísi og samviskusemi

Við leitum að heiðarlegum og áhugasömum einstaklingi sem hefur gaman að takast á við ný og spennandi verkefni.

Umsóknir ásamt ferilskrá og mynd sendist á netfangið ***arnar@astund.is*** fyrir 10. janúar n.k. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

## LEIKSKÓLARNIR FOSSAKOT OG KORPUKOT

**Óskum eftir leikskólakennurum og leiðbeinendum sem fyrst til starfa.**

**Einnig óskum við eftir aðstoðarmanneskju í eldhús, um er að ræða 100% starf.**

**Æskilegir eiginleikar:**

- **Færni í mannlegum samskiptum**
- **áreiðanleiki, sveigjanleiki og nákvæmni í starfi**

**Skemmtileg vinnuaðstaða í vel búnum leikskólum þar sem unnið er með mikilvægasta fólki í heimi.**

**Áhugasamir hafi samband við skrifstofu í síma 577-1900 eða sendi tölvupóst á skrifstofa@alla.is.**

**Fossakot**
**Fossaleyni 4**

**Korpukot**
**Fossaleyni 12**

## BM Vallá ehf

óskar eftir að ráða starfsmenn í húseiningadeild, pípugerð og fl.
Góðir tekjumöguleikar fyrir góða menn.

Upplýsingar gefur Kjartan í síma 860-5020 eða kjartan@bmvalla.is

BM·VALLÁ

## GARÐABÆR

www.gardabaer.is

## Leikskólinn Kirkjuból

**Auglýsir eftir leikskólakennara eða starfsmanni með aðra uppeldismenntun og/eða reynslu.**

**Einnig vantar starfsmann til aðstoðar í eldhúsi**

Upplýsingar gefur Kamma Níelsdóttir leikskólastjóri, í síma **565-6322** og netfang **kirkjubol@gardabaer.is**

Upplýsingar um Kirkjuból eru á vef skólans, www.gardabaer.is/kirkjubol

Laun eru skv. samningum Launanefndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Hægt er að sækja um starfið með því að fylla út almenna atvinnuumsókn á vef Garðabæjar **www.gardabaer.is** og taka fram hvaða starf er verið að sækja um.

Fræðslu- og menningarsvið

Veðurstofa NFS býr yfir aðgengi að fullkomnustu tölvuspám sem völ er á auk fullkomins tölvubúnaðar til flutnings veðurfrétta. Um er að ræða fullt starf á vöktum.

Umsækjendur skulu:
-hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum
-búa yfir léttleika og hæfni í mannlegum samskiptum
-vera hnitmiðaðir og skilmerkilegir í máli
-hafa brennandi áhuga á veðurfræði og skyldum greinum
-búa yfir frumkvæði.

Nánari upplýsingar veitir Ólafía B. Rafnsdóttir starfsmannastjóri 365 miðla. Ráðið verður í stöðuna sem fyrst. Umsóknum með upplýsingum um menntun og reynslu skal skila á: olafia.b.rafnsdottir@365.is.

## VEÐURFRÉTTAMAÐUR

VIÐ LEITUM AÐ VEÐURFRÉTTAMANNI Á VEÐURSTOFU NFS. STARFIÐ FELST Í GERÐ VEÐURSPÁA OG FLUTNINGI ÞEIRRA, SAMNINGU OG GERÐ FRÆÐSLU- OG FRÉTTAEFNIS Á SVIÐI RAUNVÍSINDA OG SKYLDRA GREINA AUK HUGMYNDAVINNU.

NFS ALLTAF, ALLS STAÐAR

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**iICEX-15 5.720 +1,17%** **Fjöldi viðskipta:** 821
**Velta:** 9.888 milljónir

MESTA HÆKKUN
**FL Group +3,09%**
**Íslandsbanki +2,78%**
**Marel +2,77%**

MESTA LÆKKUN
**Mosaic -1,57%**
**Icelandic Group -1,05%**
**Dagsbrún -1,00%**x,xx%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 51,70 +2,80% ... Atorka 6,50 +1,60% ... Bakkavör 51,40 +0,00% ... Dagsbrún 6,06 +0,50% ... FL Group 20,00 +3,10% ... Flaga 4,61 +0,00% ... Íslandsbanki 18,50 +2,80% ... KB banki 772,00 +1,20% ... Kögun 60,90 -0,80% ... Landsbankinn 26,10 +0,00% ... Marel 66,80 +2,80% ... Mosaic Fashions 19,00 -0,50% ... SÍF 4,05 -1,00% ... Straumur-Burðarás 16,50 +2,50% ... Össur 115,50 -0,40%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Dollarinn veikist

Gengi dollarans gagnvart evru og yeni lækkaði tvo fyrstu viðskiptadaga ársins. Helsta ástæða lækkunarinnar er talin sú að þegar Seðlabanki Bandaríkjanna hækkaði vexti í desember síðastliðnum var gefið til kynna að vaxtahækkunartímbili bankans væri lokið. Síðustu upplýsingar um framleiðslu ollu einnig vonbrigðum og var það til að veikja dollarann frekar, segir í Financial Times. Seðlabankinn hefur hækkað vexti þrettán sinnum í röð og er það talið mikilvægasti þátturinn í því að dollarinn hefur hækkað um 15,2 prósent gagnvart evru og yeni á árinu 2005. Sérfræðingar segja dollarann nú veikan því búist er við að evrópski seðlabankinn muni hækka vexti nú í janúar.



Búist er við að gengi dollarans muni lækka á árinu.

# Next hækkar í verði

Hlutabréf í bresku tískuverslanakeðjunni Next hækkuðu mikið í Kauphöllinni í London eftir að félagið sendi frá sér jákvæða afkomuviðvörun.

Félagið segir að hagnaður fyrir árið 2005 verði á bilinu 435-450 milljónir punda, eða um fimmtíu milljarðar króna, sem er ofar væntingum markaðsaðila.

Einnig kemur fram að sala félagsins jókst um tíu prósent frá ágústbyrjun til aðfangadags miðað við sama tíma í fyrra. Vöxturinn kemur að miklu leyti til vegna nýrra verslana. Án tilkomu þeirra dregst velta Next saman um fáein prósent. **- eþa**

# Styrkingarferli krónunnar lokið

„Líklegasta framvindan í gengismálum er sú að því styrkingarferli krónunnar sem hófst við upphaf núverandi stóriðjuframkvæmda í ársbyrjun 2002 sé lokið. Þegar litið er á árið í heild mun krónan líklega leita smátt og smátt til baka," segir Björn R. Guðmundsson, sérfræðingur í greiningardeild Landsbankans.

Í nýútgefnu riti greiningardeildar bankans; Efnahagsmál og skuldabréfamarkaður, kemur fram að gengisvísitalan verði komin nálægt 120 stigum í lok árs og að fram undan sé nýtt gengistímabil þar sem vísitalan verði á bilinu 105 til 120 stig. Vísitalan stendur nú í tæpum hundrað og fimm stigum.

Telur greiningardeildin að áhrifin af útgáfu erlendra skuldabréfa sem koma á gjalddaga seinni hluta árs 2006, auk mikils viðskiptahalla við útlönd, muni breyta andanum á markaðnum og grafa undan styrkleika krónunnar.

Sá fyrirvari er þó settur að stýrivaxtahækkanir Seðlabankans og auknar erlendar skuldir kunni að tefja veikingarferlið. **- jsk**



**FRÁ KÁRAHNJÚKUM** Því styrkingarferli krónunnar sem hófst við upphaf yfirstandandi stóriðjuframkvæmda árið 2002 kann að ljúka á árinu.

# Hagkerfi Íslands það fimmta frjálsasta í heimi

## Ísland hækkar um þrjú sæti á lista yfir frjálsustu hagkerfi heims.

Á lista yfir frjálsustu hagkerfi heims er Ísland í fimmta sæti. Sé einungis horft til Evrópu og Bandaríkjanna er Ísland í þriðja sæti fyrir neðan Írland og Lúxemborg. Hækkar landið um þrjú sæti á milli ára. Hong Kong er eins og í fyrra í fyrsta sæti.

Heritage Foundation og viðskiptablaðið The Wall Street Journal standa árlega að útgáfu frelsisvísitölu þar sem gefin er einkunn fyrir ákveðna þætti efnahagslífsins í 161 landi. Er þetta í tólfta sinn sem það er gert.

Minni skattbyrði á einstaklinga og fyrirtæki, lítil þátttaka ríkisins í atvinnulífinu og góð stjórn peningamála eru liðir sem hækka Ísland á listanum. Vegur það upp á móti því að landið fær lægri einkunn en áður fyrir takmarkanir á fjárfestingum útlendinga hér á landi, sérstaklega á fasteignum og í sjávarútvegi.

**Frjálsustu hagkerfi heims**
1. Hong Kong
2. Singapúr
3. Írland
4. Lúxemborg
5. Ísland
5. Bretland
7. Eistland
8. Danmörk
9. Ástralía
9. Nýja-Sjáland
9. Bandaríkin

Með því að innleiða reglur Evrópusambandsins um milliríkjaviðskipti og auka útgjöld ríkissjóðs datt Eistland niður listann. Danmörk og Svíþjóð fengu líka verri útkomu í ár.

Þýskaland var nú flokkað með frjálsum hagkerfum í fyrsta skipti og Bandaríkin með tíu frjálsustu hagkerfunum, en landið var í tólfta sæti í fyrra.

Af 45 löndum í Evrópu og Norður-Ameríku fengu 33 betri einkunn í ár en tíu verri. Sé horft á öll löndin 161 eru hagkerfi 99 þeirra frjálsari í ár miðað við í fyrra. Fimm standa í stað. Unnið er með tölur frá árinu 2004 og þær samræmdar milli landa. **- bg**



**MAX BORN (1882-1970) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Sú trú að aðeins sé til einn sannleikur og að maður sjálfur búi yfir honum er rót alls ills í heiminum.“*

*Max Born var þýskur stærðfræði- og eðlisfræðingur sem hlaut nóbelsverðlaunin í eðlisfræði árið 1954.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 5. JANÚAR 1825

# Fyrsta einvígi Dumas

Á þessum degi árið 1825 háði hinn 23 ára gamli Alexandre Dumas sitt fyrsta einvígi. Hann særðist ekki alvarlega en missti buxurnar á hælana í átökunum. Alexander Dumas varð síðar frægur fyrir rómantísk ritverk sín um Skytturnar þrjár, þar sem einvígi, bardagar og fífldjörf strákapör spiluðu stórt hlutverk.

Dumas var sonur hershöfðingja í her Napóleons en fjölskylda hans átti í fjárhagsörðugleikum eftir fráfall föðurins. Dumas hélt þá til Parísar í atvinnuleit og var ráðinn á heimili D'Orleans hertoga sem síðar varð Louis-Philippe konungur. Dumas hóf að skrifa leikrit sem urðu geysivinsæl meðal almennings og síðar fór hann að skrifa sögulegar skáldsögur. Hann gaf út Skytturnar þrjár árið 1844 og síðar Greifann af Monte Cristo árið 1845.

Dumas lifði stormasömu lífi þar sem hvert dauðadæmt ástarævintýrið rak annað. Óskilgetinn sonur hans varð einnig rithöfundur og voru þeir tveir kallaðir Dumas pere (faðir) og Dumas fils (sonur). Dumas eldri lést árið 1870.



ALEXANDRE DUMAS

## MERKISATBURÐIR

**1589** Katrín af Medici, drottning Frakka, andast.

**1848** Franskir skipbrotsmenn koma að landi í Breiðdal.

**1874** Stjórnarskrá „um hin sérstöku málefni Íslands“ er staðfest af konungi.

**1895** Franski liðsforinginn Alfred Dreyfus, sem fordæmdur var fyrir að leka hernaðarleyndarmálum til Þjóðverja, er sviptur titli sínum í niðurlægjandi opinberri athöfn í París.

**1931** Fyrsta barnið fæðist á Landspítalanum, sem var tekinn í notkun tveimur vikum áður.

**1983** Ein dýpsta lægð sem sögur fara af (932 millibör) gengur yfir landið og veldur truflunum á samgöngum.



†

*Elskulegur sonur okkar og bróðir,*

**Rúnar Vincent Jensson**

lést af slysförum 31. desember 2005.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Ásdís Óskarsdóttir** **Jens Alexandersson**
**Jón B. Hermannsson** **Riitta Liisa Alexandersson**
**Einar Hjalti Jensson** **Hannah Hames**
**Egill Fjalar Jensson**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi okkar,*

**Jóhann Eyjólfsson**
Dalsbyggð 21, Garðabæ,

lést á Landspítalanum í Fossvogi að morgni þriðjudagsins 3. janúar 2006.

**Fríða Valdimarsdóttir**
**Eyjólfur Jóhannsson**
**Markús Jóhannsson** **Guðný B. Kristjánsdóttir**
**Hanna Fríða Jóhannsdóttir** **Hlöðver Þorsteinsson**
**Helga Jóhannsdóttir** **Aðalsteinn Svavarsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur, bróðir og mágur,*

**Guðbjartur Ingi Bjarnason**
Feigsdal, Ketildölum, Arnarfirði,

verður jarðsunginn frá Bíldudalskirkju laugardaginn 7. janúar kl. 14.00.

**Víðir Hólm Guðbjartsson** **María Friðgerður Bjarnadóttir**
**Bjarnveig Guðbjartsdóttir** **Ólafur Felix Haraldsson**
**Bjarki Guðbjartsson**
**Sunna Guðbjartsdóttir**
**Tinna Guðbjartsdóttir**
**Alexsandra Hólm Felixdóttir**
**Melkorka Marsibil Felixdóttir**
**Guðbjartur Ingi Felixson**
**Ragnhildur G. Finnbogadóttir**
**Sigríður Bjarnadóttir** **Kristján Bersi Ólafsson**
**Jónína Gunnarsdóttir**
**Margrét Bjarnadóttir** **Guðni Sigurjónsson**
**Guðbjörg Bjarnadóttir** **Ægir Jóhannsson**
**Kristófer Bjarnason** **Valdís Bjarnadóttir**
**Marinó Bjarnason** **Freyja Magnúsdóttir**
**Jón Bjarnason** **Halla Hjartardóttir**
**Ingibjörg H. Bjarnadóttir** **Albert S. Albertsson**
**Elín Bjarnadóttir** **Smári Adolfsson**
**Gestný Bjarnadóttir**
**Katrín Bjarnadóttir** **Einar Aðalsteinsson**
**Dagur Bjarnason** **Valborg Mikaelsdóttir**
**Ragnar Bjarnason**
**og aðrir aðstandendur.**



**ÚTVARPSMAÐUR Í 55 ÁR** Jónas Jónasson segist þakklátur og snortinn, enda hrósið ekki of mikið notað á Íslandi.

## JÓNAS JÓNASSON: HLAUT FÁLKAORÐUNA Á NÝÁRSDAG

# Eins og stroka á vanga

Útvarpsmaðurinn kunni Jónas Jónasson var einn þeirra tólf sem sæmdir voru heiðursmerki hinnar íslenku fálkaorðu við hátíðlega athöfn á Bessastöðum á nýársdag. Jónas hóf störf hjá Ríkisútvarpinu þegar hann var sautján ára og hefur starfað þar síðan utan tvö ár. Hann hefur starfað á öllum deildum RÚV og hefur í 25 ár haldið úti viðtalsþætti á föstudagskvöldum sem heitir Kvöldgestir. Það geta vart margir fjölmiðlamenn í hinum stóra heimi státað af því að halda úti vinsælum þætti í þetta langan tíma.

„Kannski er þetta eins og stroka á vanga fyrir að hafa í hálfa öld gert sæmilega,“ segir útvarpsmaðurinn hæversklega og áréttar að þetta hafi komið honum mjög á óvart. „En auðvitað er maður þakklátur og snortinn,“ bætir hann við enda sýnist Jónasi sem hrósið sé ekki allt of mikið notað á Íslandi.

Jónas hefur engan hug á að hætta störfum á næstunni, þrátt fyrir að hann verði 75 ára á árinu, enda segist hann ekki vita hvað helgur steinn sé. „Svo lengi sem einhver vill hlusta og mér förlast ekki held ég áfram,“ segir Jónas keikur og finnst hann sjálfur alltaf betri í dag en í gær.



†

*Okkar ástkæri*

**Snorri Skaptason**
arkitekt,

lést 3. desember á heimili sínu í Kaupmannahöfn.
Hann verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju næstkomandi föstudag, 6. janúar, kl. 15.00.

**Lone Ries**
**Skapti Ólafsson** **Kolbrún Gunnarsdóttir**
**Stella Skaptadóttir** **Ólafur Elísson**
**Sævar Skaptason** **Bryndís Óladóttir**
**Steinn Skaptason**
**og aðrir aðstandendur.**

Þeim sem vilja minnast hans með blómum eða krönsum er bent á hjálparstofnanir.



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Helgi Ingvar Valdimarsson**
Frá Fosshóli, Miðfirði, Brekkubyggð 93, Garðabæ,

lést á heimili sínu 3. janúar. Jarðsungið verður frá Garðakirkju þriðjudaginn 10. janúar kl. 13.00.

**Bryndís Stefánsdóttir**
**Jónína Helga Helgadóttir** **Kristinn Gunnarsson**
**Þorsteinn Baldur Helgason** **Ásta Sveinsdóttir**
**Valdimar Helgason** **María Sif Númadóttir**
**og barnabörn.**



†

*Bróðir okkar,*

**Þórður Sveinsson**
frá Barðsnesi,

verður jarðsunginn frá Norðfjarðarkirkju laugardaginn 7. janúar kl. 14.00.

**Þorbergur Sveinsson**
**Ólafur Sveinsson**
**Guðrún Sveinsdóttir**
**Alda Ármanna Sveinsdóttir**
**Ingólfur Steinarr Sveinsson**
**Auður Sveinsdóttir**
**Ingunn Sveinsdóttir**



†

*Ástkær eiginkona mín, systir og mágkona,*

**Shahzady Selma Abasy**
Clanrycarde Gardens 28, London W2,

lést 2. janúar í Hafnarfirði.

**Viðar Sigurjónsson**
**Waris Abasy** **Cecilia Amaya**
**Sveinn Sigurjónsson**
**Ómar Sigurjónsson**
**Edda Sigurjónsdóttir**
**og börn.**

## ANDLÁT

**Daníel D. Bergmann,** fyrrverandi bankaútibússtjóri, Langagerði 82, andaðist laugardaginn 31. desember.

**Kristinn Sólberg Jónsson,** Laugavegi 144, Reykjavík, er látinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

## JARÐARFARIR

13.00 **Álfheiður Lára Þórðardóttir,** Skólagerði 14, Kópavogi, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju.

13.00 **Bjarnfríður H. Guðjónsdóttir (Fríða),** Orrahólum 7, Reykjavík, verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju.

13.00 **Guðmundur Stefán Björnsson,** Krosseyrarvegi 8, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Kapellunni, Hafnarfjarðarkirkjugarði.

13.00 **Pétur Sigurðsson** frá Grundarfirði verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

13.30 **Friðfinnur Pálsson,** Þríhyrningi, Hörgárdal, verður jarðsunginn frá Möðruvallakirkju í Hörgárdal.

14.00 **Ástdís Stefánsdóttir,** áður Smiðsgerði, Skagafirði, verður jarðsungin frá Sauðárkrókskirkju.

14.00 **Droplaug Pálsdóttir** frá Grænavatni, Espigerði 10, Reykjavík, verður jarðsungin frá Skútustaðakirkju.

15.00 **Hulda Finnbogadóttir** verður jarðsungin frá Kópavogskirkju.

15.00 **Þórnýr Heiðar Þórðarson,** Hátúni 12, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

# Ljónaveisla

## Stökktu strax á ljónið á einstöku tilboði

**Komdu strax. Takmarkað framboð**




www.peugeot.is

Frábært innlegg í sparnaðarmarkmið ársins: Þú getur sparað stórlega ef þú ert snar í snúningum NÚNA og nærð í þinn útvalda Peugeot á stórlækkuðu verði. Veldu frumlegasta, skemmtilegasta eða flottasta ljónið á veginum eða þá eiginleika sem þér þykja bestir. Peugeot hefur þá alla; glæsilegan stíl, hugvitsamlega hönnun, fjölbreytta tækni og frábæra aksturseiginleika. Ótrúlega mikið fyrir ótrúlega lítið. Þú kemur og setur saman þinn pakka í þinn útvalda Peugeot og við semjum um verðið. Betra boð gerist varla.

PEUGEOT

BERNHARD

**BERNHARD** ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

**Umboðsaðilar:**
Reykjanesbær, **Bílavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

Ekkert blað í morgun?

Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn


## STUÐ MILLI STRÍÐA Deja vú mánuður ársins

**KRISTÍN EVA** ÞÓRHALLSDÓTTIR ÞRÆÐIR SPÍRAL TÍMANS.



Ég átti eitt sinn spjall við góðan félaga um að allir dagar ættu að vera eins. Hann hélt því fram að helgin ætti ekkert að vera öðruvísi og kvartaði yfir þessum föstudagstitringi sem kemur í fólk og lætur allt lífið snúast um komandi helgi. Að vissu leyti get ég verið sammála honum, dagurinn er bara dagur og þeir eru í sjálfu sér alltaf eins. Hversdagsleikinn er líka traustur lífsförunautur sem kemur manni sjaldan á óvart og veitir manni skjól. Á hinn bóginn tel ég það okkur lífsnauðsnlegt að finna fyrir tímanum, að hann líði. Tilfinning okkar fyrir tímanum felst að miklu leyti í því að eitthvað breytist, það sé hreyfing á dögunum, sjálfum okkur og umhverfinu. Þannig er helgin að vissu leyti eins og viti að nýrri höfn á siglingu tímans. Sumum þykir þó tíminn fara í hringi því hlutirnir virðast endurtaka sig. Persónulega held ég að tíminn líði bæði áfram og í hringi, hann sé eins og nokkurs konar spírall sem við þræðum okkur eftir. Höldum þannig áfram en snúumst alltaf í hring, sem verður til þess að á vegi okkar verða sömu andlitin, tilfinningar og oft nákvæmlega sömu aðstæður. Nú þegar enn einn janúarmánuðurinn hefur runnið upp get ég með sanni sagt að ég hef upplifað hann áður og mætti eiginlega segja að janúar sé deja vú mánuður ársins. Deyfðin yfir öllu þegar maður ekur í myrkrinu í vinnuna, umkomulausa jólaskrautið sem hálf lafir meðfram húsum og götum, og flatneskjan í huganum. Þetta skellur á manni á hverju ári. Það er helst ég sem hef breyst, því ég þoli þetta betur og betur með hverju árinu. Kannski dagarnir sem leiddu að þessu ári hafi fleytt mér eitthvað áfram á meðan jörðin snerist einn hring í kringum sólina. ■






## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 3 | 9 | 4 | 8 | 2 | 5 | 1 |
| 1 | 2 | 4 | 6 | 3 | 5 | 8 | 9 | 7 |
| 8 | 9 | 5 | 7 | 1 | 2 | 6 | 4 | 3 |
| 3 | 8 | 9 | 1 | 6 | 7 | 4 | 2 | 5 |
| 2 | 5 | 6 | 3 | 8 | 4 | 1 | 7 | 9 |
| 4 | 1 | 7 | 5 | 2 | 9 | 3 | 8 | 6 |
| 9 | 3 | 8 | 4 | 7 | 6 | 5 | 1 | 2 |
| 5 | 4 | 1 | 2 | 9 | 3 | 7 | 6 | 8 |
| 6 | 7 | 2 | 8 | 5 | 1 | 9 | 3 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | 2 | | 7 | 8 | | |
| | 8 | 1 | | | | 2 | 4 | |
| | | | 8 | | 5 | | | |
| 6 | | | | | | | | 3 |
| | 2 | 7 | | | | 4 | 9 | |
| 1 | | | | | | | | 2 |
| | | | 3 | | 8 | | | |
| | 9 | 4 | | | | 3 | 7 | |
| | | 3 | 4 | | 2 | 9 | | |

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ SECURITAS

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Överli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Pú og Pa

Eftir SÖB




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# Mikill aðdáandi Oasis

Dave Grohl, forsprakki hljómsveitarinnar Foo Fighters, segist vera mikill aðdáandi bresku ólátabelganna í Oasis.

Foo Fighters steig á svið með Oasis á tónleikum á Þúsaldarvellinum í Cardiff þann 10. desember og var Grohl hæstánægður með samstarfið. „Ég dýrka Oasis. Það er ekki hægt að komast hjá því að dýrka þá því þeir semja svo ótrúlega góða tónlist,“ sagði Grohl í spjalli við NME. „Það eru í raun fáar hljómsveitir sem er ekki hægt að komast hjá því að dýrka með því bara að vera svona rosalega góðar. Ég veit að þeir virka óheflaðir í viðtölum en ef þú sest með þeim á bar og færð þér í glas með þeim þá muntu skemmta þér frábærlega,“ sagði Grohl. „Tónlistin þeirra er ótrúlega góð og lögin eru virkilega grípandi. Ég ber mikla virðingu fyrir þeim.“ ■



Fyrrverandi trommari Nirvana ber mikla virðingu fyrir Oasis. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Life of Brian besta gamanmyndin

Gamanmynd Monty Python-hópsins, Life of Brian, hefur verið valin besta gamanmynd allra tíma af áhorfendum Channel 4 í Bretlandi. Um 22 þúsund manns greiddu atkvæði í skoðanakönnuninni sem var gerð nú rétt fyrir jólin.

Í Life of Brian er stólpagrín gert að biblíusögum og sögunni af krossfestingu Jesú Krists. Í öðru sæti á listanum er kvikmyndin Airplane með Leslie Nielsen í aðalhlutverki. Öllum að óvörum lenti kvikmyndin Shaun of the Dead í þriðja sæti listans. Monty Python-hópurinn á tvær myndir á topp tíu listanum þar sem kvikmyndin Monty Python and the Holy Grail lenti í sjötta sæti listans.

Listinn yfir tuttugu bestu gamanmyndir sögunnar er sem hér segir:



Landstjórinn og frændi hans, Biggus Dickus, ávarpa fjöldann í kvikmyndinni Life Of Brian.

1. Monty Python's Life of Brian
2. Airplane!
3. Shaun of the Dead
4. Austin Powers: International Man of Mystery
5. South Park: Bigger, Longer & Uncut
6. Monty Python and the Holy Grail
7. American Pie
8. Blazing Saddles
9. There's Something About Mary
10. This Is Spinal Tap
11. Annie Hall
12. The Blues Brothers
13. Groundhog Day
14. The Naked Gun: From the Files of Police Squad
15. Wayne's World
16. Some Like It Hot
17. Dumb and Dumber
18. Meet the Parents
19. Clerks
20. Young Frankenstein



**DAMIEN RICE** Írski trúbadorinn mætir með nýja hljómsveit á tónleikana í Höllinni.

# Uppselt á tónleikana

Uppselt er á tónleika sem verða haldnir í Laugardalshöll næstkomandi laugardag til stuðnings náttúruvernd á Íslandi.

Á meðal þeirra sem koma fram verða Damon Albarn, Björk, Sigur Rós og Damien Rice sem mætir með nýja hljómsveit í farteskinu. Orðrómur hefur verið uppi um að Nick Cave muni einnig koma fram á tónleikum en það hefur ekki fengist staðfest. ■



**STEVEN SPIELBERG** Leikstjórinn vinsæli virðist ekki vera á leiðinni að endurgera Mary Poppins.

# Engin endurgerð

Steven Spielberg ætlar víst ekki að endurgera söngvamyndina Mary Poppins þrátt fyrir orðróm þess efnis.

„Ég hef aldrei heyrt neitt um þetta og gæti ekki ímyndað mér að Steven vilji endurgera þessa klassísku mynd,“ sagði talsmaður leikstjórans. Ekki er langt síðan Sir Richard Eyre, leikstjóri leikhúsuppfærslunnar á Mary Poppins í London, sagðist hafa rætt við Spielberg um að endurgera myndina. ■




# LANDSINS M

# ACER 1692

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | 1.73GHz Pentium M Dothan740 Intel 915PM Express 533FSB-2MB |
| Minni | 1GB Dual DDR2 533MHz Einfalt að stækka minnið í 2GB |
| Harðdiskur | 100GB Ultra ATA harðdiskur Nóg pláss fyrir gögn og leiki |
| Skrifari | 8xDVD±RW Dual Layer skrifari Skrifar DVD diska og CD-RW |
| Skjár | 15,4" WXGA WideScreen skjár Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| Skjákort | 128MB ATI Radeon X700 Sjálfst.minni, PCI-Express 16x, TV-út |
| Hátalarar | Hljóðkerfi með 2 hátölurum Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| Netkort | Gigabit 10/100/1000 Einnig 56k mótald |
| Þráðlaust | 54Mbps þráðlaust netkort Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá |
| Stýrikerfi | Windows XP Home - SP2 Á íslensku eða ensku |
| Annað | 4 in 1 minnis kortalesari Innbyggður lesari fyrir flest kort |

## ACER 1692WLMi 1.73GHz Á ÓTRÚLEGU TILBOÐI

**INTEL DOTHAN 2MB**
Allra nýjasti örgjörvinn frá Intel með 533MHz FSB, Enhanced SpeedStep tækni og 2MB flýtiminni

**15,4" CRYSTALBRITE**
15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu

**8xDVD± SKRIFARI**
Vandaður 8xDVD Dual Layer Slot Load geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega CD

**128MB ATI X700**
Eitt öflugasta skjákortið í dag! Gengur á PCI-Express sem skilar meiri afkastagetu og flottari grafík

**TENGINGAR**
Hlaðin öllum helstu tengjum FireWire, 3xUSB2, Infrared, VGA, TV-út, PCMCIA, kortalesara ofl.

**ÞYNGD OG RAFHLAÐA**
Acer Aspire fartölvan er aðeins 2.95kg og með hágæða rafhlöðu sem endist í allt að 3.5 tímar



VL15
Samtals kr. 139622
8.993

# VERÐ 134.900



## ACER 1694LMiB

VL18
Samtals kr. 175.847
9.439

2.0GHz Intel Pentium M Dothan760 örgjörvi með 2MB flýtiminni 1GB DDR2 533MHz minni • 100GB 5400RPM harðdiskur 8xDVD±RW DL skrifari • 15.4" WideScreen WXGA CrystalBrite skjár • 256MB ATI Radeon X700 PCI-Express skjákort Gigabit netkort • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 169.900**



## ACER 3023WLMi

VL15
Samtals kr. 113747
7.327

1.8GHz Mobile AMD Sempron örgjörvi með Hyper Transport 512MB DDR minni • 80GB harðdiskur • 8xDVD±RW DL skrifari 15.4" WideScreen WXGA CrystalBrite skjár • 128MB ATI Radeon X700 PCI Express skjákort • Gigabit netkort • Þráðlaust netkort Kortalesari • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 109.900**

Birt með fyrirvara um breytingar, myndabrengl og innsláttarvillur

## SAMSONITE POKI



Rúmgóður 15" Samsonite City Lites New Jack bakpoki, það kemst allt í þennan, bæði ferðatölvan og fylgihlutir

**VERÐ 5.990**

## VEFMYNDAVÉL



Logitech QuickCam Fusion vefmyndavél með innbyggðum hljóðnema, hreyfiskynjara og Video Effects hugbúnaði

**VERÐ 12.900**

## NX20 MÚS



Logitech Notebook NX20 er flott og fyrirferðalítil fartölvumús, með þægilegum frágang á snúru

**VERÐ 2.990**

## TREND VÍRUSVÖRN



Trend Micro vírusvörnin er með fullkominni vírusleitarvél, eldvegg og kemur í veg fyrir upplýsingaþjófnað

**VERÐ 4.990**

Á tilboði með tölvu Office 2003 fyrir 3 vélar — **VERÐ 9.990**

4ra porta mini USB2 Star Hub frá MSI — **VERÐ 2.990**

Altec Lansing AH502i, lokuð heyrnatól með mic — **VERÐ 5.990**

Magnaður Canon iP4200 ljósmyndaprentari — **VERÐ 14.900**

256MB USB2 minnislykill með 10 ára ábyrgð — **VERÐ 3.990**

Fortron 120W straumbreytir fyrir fartölvur (19V) — **VERÐ 8.990**

Traxdata útvær 11-in-1 kortalesari fyrir flest kort — **VERÐ 1.990**

Acer USB docka passar fyrir flestar ferðatölvur — **VERÐ 4.990**

# TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR

# ...ESTA ÚRVAL

# SÚPERTURN 3




| | |
|---|---|
| **Örgjörvi** | 3000+ AMD Sempron - S754<br>1600FSB og Hyper Transport |
| **Minni** | 512MB DDR 400 Corsair<br>400MHz minni með lífstíðarábyrgð |
| **Harðdiskur** | 160GB 7200RPM - 8MB<br>Western Digital Special Edition |
| **Skjákort** | 128MB ATI Radeon X300<br>PCI Express x16 og TV-út tengi |
| **Hljóðkort** | Dolby Digital 5.1 - EAX2<br>6 rása Dolby Digital hljóðkerfi |
| **Annað** | Medium Tower Turn kassi<br>10/100 netkort, SATA, ATA, ofl. |

SúperTurn tölvurnar koma samsettar og harði diskurinn er forsniðinn og tilbúinn til notkunar. Það eina sem þarf að taka úr eldri vél og setja í nýju er: Geisladrif, diskettudrif og stýrikerfi. Svo notar þú að sjálfsögðu gamla skjáinn, lyklaborðið og músina.

**HYPER TRANSPORT**
AMD Sempron er kaldur og öruggur örgjörvi með HyperTransport tækni og hröðum gagnabrautum

**128MB ATI X300**
Radeon X300 skjákort sem nýtir 128MB af Dual DDR minni tölvunnar og er PCI Express x16

**HLAÐINN NÝJUNGUM**
FireWire, USB2, netkort, SATA og ATA harðdiskstýringar og Dolby Digital 5.1 EAX2 hljómur

VL 6
* Samtals kr. 41.302
6.650

## VERÐ 39.900

## SÚPERTILBOÐ 3



AMD 64 · CORSAIR · MSI

**3000+**

- 3000+AMD Sempron 64Bit HT
- Hljóðlát örgjörva kælivifta
- MSI RS482M móðurborð
- 512MB DDR Corsair minni
- 128Mb Radeon X300 PCI-Ex16
- Dolby Digital 5.1 hljóðkerfi
- 10/100 netkort, FireWire ofl.

**VERÐ 24.900**

## 19" ACER LCD SKJÁR




- 19" Acer Gamers LCD skjár með CrystalBrite tækni
- 8ms svartími skilar hröðustu leikjum óaðfinnanlega
- 700:1 í skerpu og 1280x1024 upplausn í 75Hz
- Stílhrein hönnun, svartur og silfraður með VGA og DVI tengjum
- CrystalBrite tæknin tryggir hámarks skerpu og litadýpt

**VERÐ 39.900**

## GEFORCE NX6600GT

MSI Geforce6 NX6600GT öflugt PCI-Express skjákort með hraðvirkt 128MB DDR3 1000MHz minni, með TV-út, VGA, DVI og HDTV

**VERÐ 17.900**

## DRAGON 250

Dragon250 · 250GB

Dragon250 utanáliggjandi USB2 hýsing með WesternDigital 250GB SE Fluid bearing harðdisk, forsniðnum og tilbúnum til notkunar

**VERÐ 16.900**

## 19" XEROX SKJÁR

Glæsilegur 19" Xerox XA-191 LCD skjár með glerhlíf, 8ms svartíma og 1000:1 í skerpu. XShield Anti-glare glerhlíf skilar ótrúlegri litadýpt og skerpu

**VERÐ 39.900**

## CREATIVE T7900

7.1 Dolby Digital, T7900 styður Dolby Digital EX, DTS ES og Microsoft DirectSound. 7 öflugir hátalarar og stórt bassabox. Fjarstýring fylgir.

**VERÐ 14.900**

IcyBox harðdiskahýsing 2.5" úr pússuðu stáli
**VERÐ 3.990**

Logitech QuickCam Messenger vefmyndavél
**VERÐ 4.990**

Nec 3550A 16x8x16 Dual Layer DVD RW skrifari
**VERÐ 5.990**

PCI þráðlaust netkort 54Mbps802.11g(PC54G2)
**VERÐ 2.990**

17" Acer AL1716S, TFT LCD skjár, 12ms, 500:1
**VERÐ 24.900**

MSI Geforce 6 NX6200 AX 128MB skjákort
**VERÐ 7.990**

DVD+R Tómir 4,7GB Traxdata diskar 8x hraða
**VERÐ 1.490**

512MB DDR400 CL2.5 minni m/lífstíðarábyrgð
**VERÐ 4.990**

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðalegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann

**TÖLVULISTINN**
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

1 REYKJAVÍK – Nóatúni 17 – Sími 562 6730
2 AKUREYRI – Glerárgötu 36 – Sími 464 7400
3 KEFLAVÍK – Hafnargötu 90 – Sími 534 7400

**Kl. 12.00**

*„Franskt og freistandi“ er yfirskrift hádegistónleika í Hafnarborg, Hafnarfirði, þar sem fram koma þær* ***Hlín Pétursdóttir*** *sópran og* ***Antonía Hevesi*** *píanóleikari.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Ný barnabók óskast

Verðlaunasjóður íslenskra barnabóka efnir nú enn á ný til verðlaunasamkeppni. Að þessu sinni er auglýst eftir tvenns konar handritum. Annars vegar handriti að skáldsögu fyrir börn og unglinga, hins vegar handriti að myndskreyttri bók fyrir börn.

Íslensku barnabókaverðlaunin hafa á undanförnum árum opnað mörgum nýjum höfundum leið út á rithöfundabrautina og orðið til þess að auka úrval góðra bókmennta fyrir börn og unglinga.

Stjórn verðlaunasjóðsins hvetur jafnt þekkta sem óþekkta höfunda til þess að taka þátt í samkeppninni um Íslensku barnabókaverðlaunin.

Dómnefnd velur besta handrit í báðum flokkum og verðlaunin nema 400.000 kr. fyrir hvora bók auk venjulegra höfundarlauna. Bækurnar koma út hjá Eddu útgáfu - Vöku-Helgafelli haustið 2006.

Útprentað handrit að skáldsögu skal vera að lágmarki 70 blaðsíður að lengd, en ekki er gert ráð fyrir því að verðlaunasagan verði myndskreytt. Fyrir myndskreyttu bókin skal aftur á móti skila handriti að texta, að minnsta kosti tveimur fullunnum myndum og skissum að öðrum opnum bókarinnar. Miða skal við að sagan sé sögð á tólf opnum, að frátöldum titilsíðum og saurblöðum. Skilafrestur er til 15. febrúar 2006.



## > Ekki missa af ...

... hinum árlegu Vínartónleikum **Sinfóníuhljómsveitar Íslands**, sem haldnir eru fjórum sinnum þessa vikuna. Fyrstu tónleikarnir voru í gærkvöld, en þeir síðustu verða á laugardaginn.

... hátíðardagskrá í Slippnum í Reykjavík á morgun þar sem **Músíkhvatur, Sigurbjörg Þrastardóttir** og **Gunnar Hersveinn** koma fram ásamt fleirum og varpa ljósi á leyndardóma svæðisins.

... öðruvísi Vínartónleikum sem haldnir verða í Íslensku óperunni á sunnudaginn. Þar flytur kammersveitin **Ísafold** ásamt **Ágústi Ólafssyni** söngvara tónlist úr smiðju Schönbergs, Weberns og annarra Vínarbúa.

# Ævi og örlög safngripa

**Söfn og safnarar eru viðfangsefnið á sýningu ungra nemenda Myndlistarskólans í Reykjavík, sem opnuð verður í Þjóðminjasafni Íslands í dag. Ólöf Gerður Sigfúsdóttir mannfræðingur segir safngripi vera framlengingu á safnaranum.**



Í ÞJÓÐMINJASAFNINU Börn hafa gaman af því að safna og una sér gjarnan vel á söfnum.

Síðan í haust hafa nemendur og kennarar Myndlistarskólans í Reykjavík mikið fjallað um söfnun og safngripi í tengslum við námið. Önnin hófst með því að Ólafur Engilbertsson var fenginn til að fjalla um sýningarnar Stefnumót við safnara I og II sem hann stóð fyrir í Gerðubergi 2004 og 2005. Kennarar skólans gripu hugleiðingar hans á lofti og spunnu áfram með nemendum sínum.

Tvær sýningar eru sprottnar upp úr þessu starfi í skólanum. Í Reykjavíkurakademíunni eru verk eftir fullorðna nemendur skólans, en í Þjóðminjasafninu verður í dag klukkan 17 opnuð sýning á verkum þrettán nemendahópa á aldrinum 6 til 12 ára, þar sem sýnd eru verk unnin út frá þessu viðfangsefni.

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir mannfræðingur hefur mikið velt þessu fyrirbæri, söfnuninni, fyrir sér. Hún ætlar að flytja fyrirlestur sem hún nefnir „Um söfn og safnara“ í beinu framhaldi af opnun sýningarinnar eða klukkan 17.30.

Þar fjallar hún um ýmsar hliðar á þessu fyrirbæri og bendir meðal annars á það hversu gífurlega fjölbreyttar myndir söfnunin getur tekið á sig.

„Margir safna án þess að vera endilega mjög meðvitaðir um það,“ segir hún. „En þetta er afskaplega algengt, og þá er fólk gjarnan að flokka hlutina, raða í kerfi eða jafnvel fela í skúffu eða öðrum leyndum hirslum.“

Ólöf segir gildi hlutanna breytast gjörsamlega þegar þeir verða hluti af safni.

„Hvers virði er til dæmis steinn sem ég er með úti í fjöru? En þegar ég er búin að setja hann í vasann minn og komin með hann heim, búin að raða honum upp og setja hann í safnið, þá verður hann heilagur.“

Hún ræðir einnig ævi og örlög safngripa, sem geta verið afskaplega margbreytileg.

„Ævi safngripa getur verið gífurlega löng, margar aldir jafnvel. Síðan fer fólk að kaupa þá jafnvel dýrum dómum og þá getur maður farið að ræða um verðgildi hlutanna, en það er svolítið annað mál.“

Sérstaklega ætlar hún þó að velta fyrir sér söfnuninni út frá sjónarhóli barnsins. „Hvert barn safnar einhverju, og um leið er það að búa sér til sinn eigin heim. Það býr sér til sjálfsmynd, því þessir hlutir verða eins konar framlenging á okkur sjálfum.“ ■


ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR

**ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR** á nýju ári - sunnudagskvöldið 8. janúar kl. 20
Kammersveitin Ísafold flytur Vínartónlist í útsetningum eftir Arnold Schönberg og Anton von Webern. Stjórnandi: Daníel Bjarnason, einsöngvari: Ágúst Ólafsson barítón
Tryggðu þér miða á óvenjulega og skemmtilega tónleika!

**ÖSKUBUSKA - La Cenerentola - eftir ROSSINI**
**Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20**
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga-föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

TÚSKILDINGSÓPERAN
6. sýn. í kvöld fim. 5/1 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 6/1 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 7/1 örfá sæti laus, 9. sýn. sun. 8/1 örfá sæti laus, 10. sýn. fim. 12/1 nokkur sæti laus, fös. 13/1 nokkur sæti laus, lau. 14/1 örfá sæti laus, fös. 20/1, lau. 21/1, fös. 27/1.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 15/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 22/1 kl. 14:00.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI
Fös. 6/1 örfá sæti laus, lau. 7/1 **kl. 17:00 örfá sæti laus,** sun. 8/1 nokkur sæti laus, fös. 13/1, lau. 14/1, fös. 20/1, lau. 21/1.

LEIKHÚSKJALLARINN
**Leikhúskjallarinn er opinn fyrir og eftir sýningar.**
Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði og borðapantanir í s. 585 1295.
Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.






Stóra svið

SALKA VALKA
Su 8/1 kl. 20 Su 22/1 kl. 20
Fi 26/1 kl. 20 SÝNINGUM FER FÆKKANDI

WOYZECK
Lau 7/1 kl. 20 Su 15/1 kl. 20
Lau 21/1 kl. 20 Su 29/1 kl. 20

KALLI Á ÞAKINU
Su 8/1 kl. 14 Su 15/1 kl. 14
Lau 21/1 kl. 14 Su 22/1 kl. 14

CARMEN
Fi 12/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr
Fö 13/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr
Lau 14/1 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Fi 19/1 kl. 20 Gul kort
Fö 20/1 kl. 20 Rauð kort
Fö 27/1 kl. 20 Græn Kort
Lau 28/1 kl. 20 Blá kort

Nýja svið/Litla svið

MANNTAFL
Su 8/1 kl. 20 Lau 14/1 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR!

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU Í FEBRÚAR!

BELGÍSKA KONGÓ
Lau 7/1 kl. 20 Su 15/1 kl. 20
Fö 20/1 kl. 20 Lau 28/1 kl. 20

GLÆPUR GEGN DISKÓINU
EFTIR GARY OWEN.
Í SAMSTARFI VIÐ STEYPIBAÐSFÉLAGIÐ STÚT
Fi 12/1 kl. 20 FRUMS. UPPS. Fö 13/1 kl. 20
Lau 21/1 kl. 20 Su 22/1 kl. 20

Naglinn
e. Jón Gnarr í samstarfi við 540 Gólf leikhús
Fö 20/1 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Lau 21 /1 kl. 20 Fö 27/1 kl. 20
Lau 28/1 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is






VALIN EIN BESTA LEIKSÝNING ÁRSINS 2005
í Bretlandi af gagnrýnanda Time Out.

VesturPort BORGARLEIKHÚSIÐ Miðasala í síma 568 8000 og á www.borgarleikhus.is

# Æfingar hafnar á Öskubusku



**SÖNGVARAR OG AÐRIR AÐSTANDENDUR ÖSKUBUSKU** Myndin var tekin á einni af fyrstu æfingum óperunnar Öskubusku eftir Rossini, sem frumsýnd verður í Íslensku óperunni 5. febrúar.

Óperan Öskubuska eftir Rossini verður aðalverkefni Íslensku óperunnar á vormisserinu. Æfingar eru nú hafnar á óperunni, sem verður frumsýnd 5. febrúar og sýnd alls tíu sinnum.

Öskubuska er reglulega á fjölum helstu óperuhúsa víðs vegar um heiminn, en þetta er í fyrsta skipti sem hún er sett upp hér á landi.

Með hlutverk Öskubusku fer Sesselja Kristjánsdóttir, en hún er ein af okkar fremstu mezzó-sópran söngkonum. Hlutverk prinsins, Ramiros, syngur Garðar Thór Cortes en hann hefur heldur betur slegið í gegn að undanförnu og var geisladiskur hans, Cortes, söluhæsti geisladiskurinn fyrir jólin.

Einar Th. Guðmundsson syngur hlutverk Alidoros, en Davíð Ólafsson, syngur hlutverk stjúpföðurins, Don Magnificos.

Hlín Pétursdóttir syngur hlutverk stjúpsysturinnar Clorindu, en Hlín hefur að mestu leyti starfað í Þýskalandi síðustu ár en er nú flutt heim og syngur nú aftur í óperunni eftir nokkura ára hlé. Anna Margrét Óskarsdóttir fer síðan með hlutverk stjúpsysturinnar Tisbe og hinn ástsæli söngvari Bergþór Pálsson syngur hlutverk Dandinis sem er þjónn prinsins.

Hljómsveitarstjóri er tónlistarstjóri óperunnar Kurt Kopecky, en leikstjórinn verður Paul Suter.






SKÁLDVERK - KILJUR

1. **BJARGIÐ OKKUR** HUGLEIKUR DAGSSON
2. **LITBRIGÐAMYGLA** KRISTIAN GUTTESEN
3. **SKUGGA BALDUR** SJÓN
4. **ALKEMISTINN** PAOLO COELHO
5. **NORNAVEIÐAR - ÍSFÓLKIÐ II** MARGIT SANDEMO
6. **GRAFARÞÖGN** ARNALDUR INDRIÐASON
7. **ÁLAGAFJÖTRAR - ÍSFÓLKIÐ I** MARGIT SANDEMO
8. **FORÐIST OKKUR** HUGLEIKUR DAGSSON
9. **LEVÍATAN - MORÐINGI UM BORÐ** BORIS AKÚNIN
10. **DA VINCI LYKILLINN** DAN BROWN
11. **KLEIFARVATN** ARNALDUR INDRIÐASON
12. **DAUÐARÓSIR** ARNALDUR INDRIÐASON
13. **TÁR GÍRAFFANS** ALEXANDER MCCALL SMITH
14. **DAUÐINN Í FENEYJUM** THOMAS MANN
15. **HÚS ÚR HÚSI** KRISTÍN MARJA BALDURSDÓTTIR



SKÁLDVERK - INNBUNDNAR BÆKUR

1. **DJÖFLATERTAN** MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR OG ÞÓRA SIGURÐARD.
2. **HÆTTIR OG MÖRK** ÞÓRARINN ELDJÁRN
3. **SKUGGI VINDSINS** CARLOS RUIZ ZAFÓN
4. **NÁUNGINN Í NÆSTU GRÖF** KATARINA MAZETTI
5. **BLÓMIN Í ÁNNI - SAGA FRÁ HÍRÓSÍMA** EDIT MORRIS
6. **VERÓNÍKA ÁKVEÐUR AÐ DEYJA** PAOLO COELHO
7. **ZORRO - SAGAN Á BAKVIÐ GOÐSÖGNINA** ISABEL ALLENDE
8. **ÓVANALEG GRIMMD** PATRICIA CORNWELL
9. **KERTIN BRENNA NIÐUR** SANDOR MARAI
10. **AFTURELDING** VIKTOR ARNAR INGÓLFSSON



*„I'm the Anti-Christ. You got me in a vendetta kind of mood. You tell the angels in heaven you never seen evil so singularly personified as you did in the face of the man who killed you. My name is Vincent Coccotti.“*



- Það gustaði af Christopher Walken í hlutverki mafíósans Vincents Coccotti í True Romance sem gerð var eftir handriti Quentins Tarantino.

# bíó

bio@frettabladid.is

## Öll mistökin fyrirgefin

Þeir gerast ekki öllu svalari en Christopher Walken. Ef einhver annar leikari hefði átt jafnmargar lélegar myndir á ferli sínum væri hann sennilega kominn með hlutverk í sápuóperu eða væri daglegur gestur á síðum slúðurblaðanna fyrir ólöglegt athæfi. En ekki Christopher Walken. Honum er fyrirgefið allt enda virðist óþrjótandi þörf fyrir leikarann.

Christopher Walken lærði ungur að dansa og sýndi þá list í myndbandinu Weapon of Choice sem Spike Jonze gerði við lag Fatboys Slim fyrir skömmu. Á sínum yngri árum tók hann þátt í fjölda söngleikja og náði fljótt frama á því sviði. Hann hefur reyndar alltaf haldið tryggð við leiksviðið og hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir framlag sitt á þeim vettvangi. Walken skaust síðan óvenju hratt upp á stjörnuhimini hvíta tjaldsins með frammistöðu sinni sem litli bróðir Annie Hall í samnefndri kvikmynd Woodys Allen. Hann tryggði sér sess meðal þeirra bestu í myndinni The Deer Hunter eftir Michael Cimino, en þar var Walken ógleymanlegur í hlutverki Nicks sem fær taugaáfall í kjölfar veru sinnar í fangabúðum Víetnama.



CHRISTOPHER WALKEN

Þótt næstu myndir hafi ekki verið í sama gæðaflokki og tvær fyrrnefndu hefur Walken alltaf tekist að minna á sig og ekki fallið í gleymskunnar dá. Með reglulegu millibili tekst honum að sýna hversu sterkur leikari hann er og nægir þar að nefna King of New York, Pulp Fiction, Catch Me If You Can og nú síðast Wedding Crashers.

Það er í nógu að snúast hjá Walken um þessar mundir, en hann leikur með Adam Sandler og Kate Beckinsale í kvikmynd eftir leikstjóra Wedding Singer, Frank Coraci. Þá er hann um þessar mundir viðstaddur upptökur á kvikmyndinni The Man of the Year sem Barry Levinson gerir. - fgg

### > Ekki missa af ...

**A Little Trip to Heaven**

Þessi nýjasta mynd Baltasars Kormáks hefur fengið prýðilegar viðtökur gagnrýnenda og áhorfenda en um 8.000 manns hafa þegar séð myndina sem var frumsýnd á öðrum degi jóla. Baltasar teflir hér fram öflugu leikaraliði með þau Forest Whitaker og Juliu Stiles í broddi fylkingar. Myndin var tekin á Íslandi og það fór ekki fram hjá neinum þegar stórstjörnurnar komu til landsins. Sem sagt áhugavert og spennandi af ýmsum ástæðum.



**FRUMSÝNDAR UM HELGINA**

DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM



**Hostel**

| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 6,5 / 10 |
| Metacritic.com | |
| Rottentomatoes.com | 89% / Fersk |



**Domino**

| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 5,6 / 10 |
| Metacritic.com | 5,0 / 10 |
| Rottentomatoes.com | 16% / Rotin |

# Fyrirsætan með blóðbragðið

**Leikstjórinn Tony Scott er einn besti hasarmyndaleikstjóri kvikmyndaborgarinnar og á að baki kvikmyndir eins og Top Gun og True Romance. Um helgina verður nýjasta afurð hans frumsýnd en það er kvikmyndin Domino sem byggð er á sannsögulegum atburðum. Úrvalslið leikara leggur Scott lið í þessari harðhausamynd sem hefur fengið misjafna dóma.**



**DOMINO OG FÉLAGAR** Leikarabarnið Domino Harvey kveður lífsstíl hinna frægu og ríku og gengur til liðs við harðsnúna hausaveiðara.

Domino Harvey var til en hún var dóttir leikarans Laurence Harvey og fyrirsætunnar Sophie Wynn. Að hætti Hollywood hefur sögunni hins vegar verið lítillega breytt í þágu listarinnar.

Þegar Domino var aðeins átta ára féll faðir hennar frá og móðir hennar reyndi að ala hana upp eftir bestu getu. Domino var andsnúin þeim lífsstíl sem henni var boðið upp á og kærði sig hvorki um glys né glaum fræga fólksins. Ævintýraþrá stúlkunnar var of mikil. Þegar Domino kemst svo í óformlegt inntökupróf fyrir verðandi hausaveiðara áttar hún sig á að þetta er það sem hún hefur verið að leita að. Stúlkan verður yfir sig hrifin af þessari vinnu, starfsfélögum sínum og harðneskjulegu umhverfi, móður sinni til mikils ama.

Domino verður hluti af einhverjubestahausaveiðaragengi Bandaríkjanna sem er skipað þeim Ed Mosbey, Choco og Alf. Saman elta þau uppi glæpamenn á flótta undan réttvísinni og hafa hendur í hári þeirra með heldur óhefðbundnum aðferðum. Hróður gengisins verður svo mikill að sjónvarpsstöð ákveður að gera um þau raunveruleikaþáttaröð og það er ekki síst hinni snoppufríðu Domino að þakka að vinsældir þáttanna verða gríðarlegar. Þegar þau standa á hátindi frægðar sinnar lendir yfirmaður þeirra í fjárhagskröggum og neyðist til að etja þeim út í hættulegri verkefni en áður. Ofan á þetta bætist að alríkislögreglan hefur sitthvað við starfsemi hópsins að athuga.

Tony Scott gerði fyrst vampírumyndina The Hunger snemma á níunda áratugnum en þar voru þau David Bowie og Susan Sarandon í aðalhlutverkum. Stjarna leikstjórans reis þó hratt á síðari hluta níunda áratugarins en þá leikstýrði hann stórsmellunum Top Gun og Beverly Hills Cop 2. Í kjölfarið fylgdu síðan misgáfulegar hasarmyndir en á fyrri hluta tíunda áratugarins gerði Scott sínar tvær bestu myndir: True Romance eftir handriti Quentins Tarantino og Crimson Tide með Denzel Washington og Gene Hackman.

Það eru engir smáleikarar sem birtast í misstórum hlutverkum í þessari mynd. Mickey Rourke og Keira Knightley leika aðalhlutverkin en þeim til halds og traust eru stjörnur á borð við Christopher Walken, Menu Suvari, Macy Gray og Lucy Liu. Þar að auki fer Delroy Lindo með stórt hlutverk í myndinni. - fgg






# Limlestir kynlífsfíklar

Hryllingsmyndin Hostel verður heimsfrumsýnd á Íslandi og í Bandaríkjunum á morgun. Nokkrir Íslendingar hafa þó þegar fengið forskot á sæluna því leikstjórinn, Eli Roth, og einn framleiðendanna, Quentin Tarantino, komu með myndina til landsins í nóvember og sýndu hana í lok kvikmyndahátíðarinnar IFF.

Hostel er sannkallaður „splatter“ þar sem pyntingar, limlestingar og morð renna saman við kynsvall, drykkju og eiturlyfjaneyslu aðalpersónanna.



**JAY HERNANDES, EYÞÓR GUÐJÓNSSON OG DEREK RICHARDSON** Ganga út í opinn dauðann þegar þeir láta kynhvötina draga sig í sukkferð til Slóvakíu.

Roth leggur ekki mikið upp úr því að bregða áhorfendum í Hostel, en gengur hins vegar reglulega fram af þeim með groddalegu ofbeldi og sem dæmi má nefna að hann notaði 570 lítra af gerviblóði við gerð myndarinnar og Tarantino lánaði honum útlimi sem brúðurin hjó af andstæðingum sínum í Kill Bill.

Eli Roth vakti verðskuldaða athygli með frumraun sinni Cabin Fever en sú hryllingsmynd gaf subbuleg fyrirheit um að með Roth væri kominn fram á sjónarsviðið leikstjóri sem myndi hrista verulega upp í hryllingsmyndaflórunni. Roth virðist hafa fullkominn skilning á helstu eðlisþáttum hrollvekjunnar og blandar ofbeldi, nekt og kynlífi, skemmtilega saman. Hann er svo algerlega í fluggírnum í Hostel og ber brjóst og rassar taka álíka mikið pláss á tjaldinu og blóðsullið. Það breytir því þó ekki að allt svínvirkar þetta og Hostel svíkur ekki þá sem kunna að meta þvottekta „splatter“.

Hostel fjallar um þrjá bakpokaferðalanga, tvo Bandaríkjamenn og íslenska stuðboltann Óla sem þvælast um Evrópu í allsherjar sukkferð. Þeir eru ekki síst á höttunum eftir kynlífi og telja sig heldur betur komna í feitt þegar þeir hitta vægast sagt vergjarnar píur í Slóvakíu. Gellurnar eru þó síður en svo allar þar sem þær eru séðar og áður en okkar menn vita af eru þeir komnir í klærnar á glæpahyski sem býður auðmönnum að pynta og drepa fólk gegn veglegri greiðslu.

Eyþór Guðjónsson leikur Íslendinginn Óla en Roth skrifaði hlutverkið sérstaklega með hann í huga. Það er langt síðan Íslendingur hefur fengið annað eins tækifæri í bíóbransanum og það hlýtur að kitla þjóðarstoltið að Eyþór muni á morgun birtast í yfir 3.000 kvikmyndahúsum í Bandaríkjunum í gulu 66°norður úlpunni sinni með íslenska fánann á öxlinni. ■


ÚTSALAN HAFIN
Aðeins í 11 daga (5.-15.janúar)
OPIÐ: Mánudaga-Föstudaga 10-19 • Laugardaga 10-18 • Sunnudaga 12-18
Kerrur frá 1.950,-
15-50% afsláttur af golfskóm (skór frá 3.700,-)
15-50% afsláttur af fatnaði
Járnasett frá 8.450,-
Big Bertha Titanium driver frá Callaway 9.685,-
Stök járn og trékylfur frá 1.450,-
Byrjendasett með pútter og poka frá 14.940,-
GOLFVERSLUN NEVADA BOB
GOLFVERSLUN NEVADA BOB
Húsgagnahöllinni
Bíldshöfða 20 • Sími: 577 2525
nevadabob.is
Ert þú skráður í netklúbbinn? 40 tilboð á ári – Stærsti golfklúbbur landsins!

# ÚTSALAN







Opið: Virka daga kl. 10 - 18, laugardaga kl. 11 - 16.

Grafíska smiðjan ehf. 12-05

# ER HAFIN



allt að
**50%**
afsláttur!





Öndvegi

HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 20 I sími 568 8799 I www.ondvegi.is I ondvegi@ondvegi.is



> **Ekki gleyma**
>
> *...ævintýramennskunni og prófaðu nýjar kryddtegundir á allar tegundir matar.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN **GUÐMUNDUR INGI ÞORVALDSSON LEIKARI**

## Á alltaf sultur í ísskápnum

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?** „Ég borða mjög mikið og mjög fjölbreytta fæðu þannig að það er erfitt að benda á eitthvert eitt. Kaffi, alveg örugglega og ég gæti líklega ekki verið án kjöts."

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** „Creme brulée finnst mér mjög vont ásamt litlum skömmtum af mikið skreyttum mat. Ef ég fæ mat sem ég á að horfa á þá verð ég mjög reiður."

**Fyrsta minningin um mat?** „Ég er úr sveit og það er mér í fersku minni þegar ég eignaðist rollu sem eignaðist síðan lömb. Það fannst mér merkilegt þegar ég áttaði mig á því að öll lömbin sem fæddust yrðu skotin að hausti og ég fengi peninginn. Þetta var mér mjög mikilvægur lærdómur um fæðukeðjuna að þegar lamb fæðist þá borðar þú það árið eftir."

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** „Ég ætla að segja innbakaður nautavöðvi um áramótin 1992 í Stykkishólmi."

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?** „Þú myndir finna besta hráefni sem völ er á í heiminum beint úr sveitinni frá foreldrum mínum. Það er til dæmis lamb, naut, silungur og lax svo eitthvað sé nefnt."



**Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur?** „Ég hugsa að það sé ísbúðin á Hagamel sem verði fyrir valinu. Þar fæ ég mér einn ís upp á gamla mátann, í brauðformi."

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?** „Sultur frá mömmu, bæði rabarbara- og bláberjasultur."

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér?** „Ég myndi taka með mér söl. Söl eru þang úr sjónum sem maður getur keypt í búðum og innihalda öll næringarefni sem þú þarft á að halda í réttum hlutföllum."

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** „það hlýtur að vera þjóðarréttur Litháa. Ég veit ekki einu sinni alveg hvað þetta var en þeir baka allt inn í kartöflur og fylla þær af alls konar sulli. Ég man ekki einu sinni nafnið á réttinum en hann var mjög skrítinn."

NEDERBURG:

## Fimm stjörnu vín lækkar í verði




Suður-afrísk vín hafa náð miklum vinsældum hérlendis undanfarin ár. Þau eru jafnan kraftmikil og bragðrík en meginástæðan fyrir vinsældunum er eflaust hagstætt verð. Þótt suður-afrísk vín séu tiltölulega ný hér á landi eru framleiðendur þarlendis engir nýgræðingar í víngerð. Nederburg er eitt stærsta vínhús landsins og á meira en 200 ára sögu. Nederburg hefur hlotið fleiri alþjóðleg verðlaun en nokkur önnur víngerð í landinu og verið í fararbroddi í nýjungum.

Nederburg Shiraz Pinotage hefur fengið góðar viðtökur á Norðurlöndunum og fengið góða dóma í blöðum í Danmörku. Má nefna að Vinavisen gaf því fimm stjörnur eða hæstu einkunn. Um áramótin lækkaði innflytjandi vínsins verðið á því um 100 kr. vegna hagstæðra samninga við framleiðandann.

**Tilboðsverð í vínbúðum 990 kr.**







# Rússar pilla rækjur í gufubaði

„Ég hef dvalið töluvert í Rússlandi um jól og áramót," segir fréttamaðurinn og ferðafrömuðurinn Haukur Hauksson sem færir okkur rússneska uppskrift í þessari viku. Beðinn um að lýsa jóla- og áramótastemningunni þar í landi segir Haukur að áramótin séu meiri almenn hátíð þar í landi. „Jólin eru meiri trúarhátíð í Rússlandi heldur en áramótin. Þau eru haldin 6. janúar þar sem rússneska rétttrúnaðarkirkjan er tveimur vikum eftir á í tímatali sínu. Þeir notast við júlíanska tímatalið á meðan við notum hið svokallaða gregoríanska tímatal." Að sögn Hauks eru Rússar mjög hrifnir af hlaðborðum yfir jólahátíðarnar. „Þar eru á boðstólnum síld, kjöt og pylsur. Þar er einnig mikil salatmenning og svo eru Rússarnir einnig miklir súpumenn. Þeim finnst pakkasúpur algjört bull og vitleysa og leggja mikið upp úr öflugum og matarmiklum súpum, sama hvort það eru fiskisúpur eða kjötsúpur. Þetta hefur maður lært og er kominn upp á lag með."

Haukur segist elda þó nokkuð sjálfur. „Ég hef alltaf haft gaman af því að elda góðan mat. Svo opnuðust nýjar víddir þegar ég kom þarna út í fyrsta sinn. Það er nefnilega svo margt sem þeir gera öðruvísi en við. Til dæmis eru Rússar mjög hrifnir af sjávarafurðum, reyndar eins og Íslendingar. Til dæmis elda þeir rækjuna í skelinni og svo er ákveðin íþrótt að hreinsa hana úr. Svo hefur löngum verið hefð hjá Rússunum að borða rækjur í gufubaði. Þá fer maður í gufubað með félögunum og keyptur er stór pottur af rækjum. Svo sitja menn við og eru að pilla þessa rækju og drekka bjór með. Svo er þess á milli farið í gufubaðið. Þegar menn eru orðnir alveg gegnsoðnir fara þeir í ískalda sundlaug. Þetta er stór þáttur í menningu Rússanna og það er ákaflega gaman að þessu."



**HAUKUR** Hefur dvalið í Rússlandi og tileinkað sér matarvenjur Rússa að nokkru leyti.

Spurður um hina miklu vodkadrykkju Rússa segir Haukur að hún sé ríkur þáttur í þeirra menningu. „Það er mjög mikið um það að vodki sé drukkinn með mat og á kvöldin. Karlmenn drekka aðallega vodka og bjór. Einnig drekka þeir töluvert af kampavíni enda eiga þeir margar góðar tegundir af því. Oft er það nú þannig að karlmenn drekka vodka og konur þá kampavín," segir Haukur sem gefur uppskrift af síldarréttinum „Shuba" (orðið þýðir reyndar pels en ekki er vitað hvernig rétturinn fékk það nafn).

1. Soðnar kartöflur eru skornar í teninga og settar neðst í stórt fat.
2. Best er að hafa saltsíld beint úr tunnunni sem viðkomandi flakar sjálfur og sker flökin í bita.
3. Laukur, smátt skorinn, er settur yfir síldina, gott er að hella smá sólblómaolíu yfir laukinn.
4. Harðsoðin egg skorin smátt og sett lag af þeim yfir.
5. Lag af majonesi sett yfir.
6. Rauðrófur soðnar og skornar mjög smátt, þær settar í þykku lagi yfir allt og setja má rifinn ost efst.

Þessi réttur er borinn fram á hlaðborði og nýtur ávallt mikilla vinsælda, ekki síst á jólunum þegar Rússar og aðrir meðlimir rétttrúnaðarkirkjunnar halda jólin að kvöldi 6. janúar. Þá lýkur föstunni sem staðið hefur í um einn mánuð en að lokinni föstu má borða kjöt, fisk, mjólkurafurðir og drekka vín. Á föstunni er bara leyfilegt að borða grænmeti og jurtafæðu.

BEAR CROSSING:

## Kóalabjörninn áfram á kynningarverði

Bear Crossing er heiti á vínlínu frá ástralska vínfyrirtækinu Angove´s. Flöskurnar bera merki Australian Koala Foundation, samtaka til verndar kóalabjörnum en þessi smávöxnu og vinalegu pokadýr eru í mikilli útrýmingarhættu. Hluti andvirðis af hverri seldri flösku rennur til sjóðsins og hefur þetta framtak vakið mikla athygli náttúruunnenda. Miðinn á flöskunni líkist varúðarskiltunum sem eru sett upp við þjóðvegi sem kóalabirnir eru gjarnir á að þramma yfir.




Angove´s Bear Crossing Cabernet/Merlot vínið hefur vakið athygli og þykir þessi þrúgnasamsetning mjög fersk. Má drekka með flestum kjötréttum, pitsu og ýmsum ostum, einnig mjög gott eitt og sér. Vínið var kynnt á sérstöku tilboðsverði fyrir jólin og verður svo áfram um sinn.

**Lækkað verð í vínbúðum 990 kr.**



# SLOTS: *Fríhafnarverð á bjór í vínbúðum*




Um áramótin lækkaði verð á danska bjórnum Slots í vínbúðum. Hann er nú langódýrasti bjórinn. Næstur í verði er frændi hans Thor sem kostar 99 kr. og vakti frétt í Ríkissjónvarpinu á dögunum um hann mikla athygli en þar var borið saman verð á honum og 33 cl kókdós sem fréttamaður fann í búð á sama verði.

Fyrirtækið HOB vín ehf. flytur inn þessar ódýru tegundir, en fyrirtækið var leiðandi í lækkun bjórverðs til neytenda fyrir þremur árum þegar það hóf að flytja inn Faxe. Sigurður Bernhöft, framkvæmdastjóri HOB, segist stefna að því að bjóða neytendum upp á verð sem liggi eins nálægt því verði sem bjóðist í nágrannalöndum okkar og mögulegt sé, að teknu tilliti til ofurgjaldanna sem séu lögð á áfenga drykki hérlendis. „Enda eru íslenskir neytendur að kikna undan okrinu og ég hef mjög gaman af því að benda á hversu há álagning á þessari matvöru hefur verið hér á landi. Sem dæmi þá er Slots Guld núna heilum 40 krónum ódýrari en sambærilegur bjór frá Víking, báðir eru þeir 5,6% að styrkleika. Slots er þó fluttur um langan veg frá Danmörku.

Annar sambærilegur danskur bjór, Prins Kristian, er einnig 40 krónum dýrari. Ég vil þó alls ekki leggja dóm á gæði þessara bjóra sem ég nefni í þessu samhengi, neytendur eru fullfærir um það," segir Sigurður sem einnig bendir á hátt verð á bjór í Fríhöfninni. „Þar er danskur bjór, 5,5% í 33 cl dósum á boðstólum á 99 krónur og renna þó engin gjöld af honum til samneyslunnar. Samanburðurinn verður ennþá óhagstæðari þegar kemur að Slots-pilsner en hann er núna ódýrari í vínbúðum en sambærilegur danskur bjór í Fríhöfninni. Með öðrum orðum geta neytendur keypt sér Slots-bjór á „duty free" -verði í vínbúðum þó að sjáfsögðu séu greidd af þeim öll gjöld og virðisaukaskattur sem rennur í sameiginlega sjóði landsmanna.

Slots-bjórinn er bruggaður samkvæmt dönskum brugghefðum, inniheldur maís og bygg. Bjórinn er frísklegur og bragðgóður í alla staði. Danir kaupa Slots í miklum mæli í Þýskalandi, en þar er danskur bjór ódýrari en í Danmörku. Danir hafa landfræðilegan og pólitískan kost á að gefa gjaldastefnu stjórnvalda langt nef, ólíkt Íslendingum sem eru í gíslingu af pólitískum og landfræðilegum orsökum og komast hvergi."

**Verð í vínbúðum: Slots-pilsner kostar 89 krónur og Slots Guld 119 krónur. Kassi af Slots-Pilsner kostar 2.136 kr.**



Hrámetið rennur ljúflega í gegn.

# Sushi á færibandi

Eins og Íslendingar vita, sem hafa ferðast mikið erlendis, og þá einkum til Austurlanda, hefur hrár fiskur löngum þótt sælkerafæða í þeim heimshluta. Þessi framreiðsla á fiskmeti hefur breiðst út á undanförnum áratugum og í dag er væntanlega ekki það land til í heiminum sem ekki býr svo vel að hafa veitingastað sem býður upp á sushi. Nú hefur nýr sushi staður opnað í miðbæ Reykjavíkur. Veitingastaðurinn Osushi var opnaður þann 2. desember síðastliðinn á annarri hæðinni í Iðu við Lækjargötu. Að því er framkvæmdastjórinn, Kristján Þorsteinsson, segir hafa viðtökurnar verið framar vonum. „Við ráðum í raun ekki við meira, það hefur verið allt fullt hjá okkur síðan við opnuðum og við höfum ekkert auglýst okkur þannig að það er góðs viti. Við tökum um 30 manns í sæti og staðurinn er þannig að þú kemur og sest við borðið. Síðan er færiband sem kemur með matinn til þín og þú tínir á diskinn það sem þú vilt."

Eigendur að þessum stað eru þeir sömu og eiga Humarhúsið hér í bænum. Kristján segir að matreiðslan á Osushi fari eftir mjög ströngum gæðakröfum. „Við gerum þetta alveg eins og á að gera þetta. Grjónin okkar fara aldrei í kæli eftir að búið er að elda þau. Maturinn á færibandinu hefur einungis fjögurra klukkustunda líftíma og eftir það er honum hent. Þannig er okkar matur alltaf eins ferskur og völ er á. Það er líka nauðsynlegt þar sem þetta er mjög vandmeðfarið hráefni." Kristján segir að staðurinn bjóði einnig upp á aðra möguleika fyrir þá sem vilja ekki hrámeti. „Það er eitt og annað sem við erum með líka. Þar má nefna andarsalat, nautasalat, krabbasalat og kjúklingasúpur og sjávarréttasúpur en allt er þetta með japönsku ívafi," segir Kristján að lokum.



fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Unglingastjarnan Lindsey Lohan varð lögð inn á sjúkrahús á dögunum eftir að hún fékk kröftugt astmakast. Lohan, sem hefur átt við ýmis veikindi að stríða undanfarna 18 mánuði, var stödd í Miami á Flórída til að halda upp á áramótin ásamt móður sinni þegar hún fékk kastið. Lohan verður á sjúkrahúsinu næstu daga til að jafna sig en hefur síðan störf við sína nýjustu mynd, Chapter 27. Kærastinn hennar Jared Leto leikur á móti henni í myndinni.



Útgáfa Jennifer Lopez á söngleiknum Carmen mun víst ekki líta dagsins ljós á næstunni. Ástæðan er sú að peningamenn í Hollywood vilja ekki að aðalsöguhetjan deyi í lok myndarinnar. „Það er mikill ótti í Hollywood því svo mörgum myndum hefur gengið illa. Við viljum búa til harða útgáfu af myndinni en Hollywood-iðnaðurinn heldur að bara 13 ára stúlkur vilji horfa á Jennifer Lopez," sagði leikstjórinn Taylor Hackford.



Viðskiptajöfurinn Donald Trump segist ekki ætla að bjóða sig fram sem ríkisstjóra New York á þessu ári fyrir hönd Repúblikanaflokksins. Hann segist vilja einbeita sér að öðrum verkefnum sem eigi hug hans allan um þessar mundir, þar á meðal þættinum vinsæla The Apprentice.





KREML Í MOSKVU



STYTTURNAR Á PÁSKAEYJUM



TAJ MAHAL



PÍRAMÍDARNIR Í EGYPTALANDI

# Sjö undur nútímans

Í kvikmyndinni um King Kong var apinn ofvaxni kynntur sem áttunda undur veraldar. Fjölbragðaglímukappinn André the Giant notaði einnig titilinn, og fyrir tveimur árum gerði American Idol-söngkonan lagið 8th World Wonder vinsælt. Ýmsar byggingar hafa einnig hlotið nafnið áttunda undur heims, svo sem óperuhúsið í Sydney, og var óperan Eighth Wonder samin um byggingu þess. En hver eru hin sjö undur veraldar?

„Hinn nýi sjöundra sjóður" (N7W) er að reyna að komast að endanlegri niðurstöðu. Hann var stofnaður af svissneska milljónamæringnum Bernard Weber árið 2001. Honum hefur síðan borist umtalsverður liðsauki frá öðrum áhugamönnum, og meðal verkefna sjóðsins er að endurbyggja Búddastytturnar í Afganistan, sem talíbanar sprengdu í loft upp fyrir aug-um heimsins, og fer um helmingur tekna sjóðsins í slík verkefni. En hinn helmingurinn mun fara í að velja hin sjö undur veraldar, og til að koma til álita þurfa þau að vera manna verk og gerð þeirra lokið í síðasta lagi árið 2000. Fyrst var almenningi um heim allan leyft að kjósa hver væru 77 mestu furðuverkin, og var hópur sérfræðinga svo fenginn til að velja úr þau 21 sem oftast voru nefnd. Val sérfræðinganna var tilkynnt annan janúar, en nú fær almenningur aftur að kjósa og verður endanleg niðurstaða tilkynnt 1. janúar 2007. Meðal þeirra undra sem komu til greina var Kínamúrinn, Hringleikahúsið í Róm og hin forna borg Petra í Jórdaníu, en einnig yngri mannanna verk eins og Eiffel-turninn, frelsisstyttan og svo óperuhúsið í Sydney.

Hin upprunalegu sjö undur veraldar voru valin af Antipater frá Sídon á annarri öld fyrir Krist, og ku listinn vera byggður á ferðamannabókmenntum þess tíma. Undrin voru nær öll staðsett við Miðjarðarhaf, enda þar miðpunktur heimsmyndar Forn-Grikkja á þeim tíma. Meðal undranna var vitinn í Alexandríu og risastyttan í Rhódos, sem var álíka stór og frelsisstyttan er. Því miður eru öll þessi mannvirki nú hrunin utan eitt, píramídarnir miklu í Giza, sem voru elsta undrið á listanum þá sem nú.



**JESÚS Í RÍÓ** Eitt af undrum veraldar.




# Erfiðasti dagur ársins yfirstaðinn

Nýja árið er varla hafið en samt hafa vestrænar velmegunarþjóðir upplifað „erfiðasta dag ársins". Ástæðan er einföld: Það er nánast óbærilegt að snúa aftur til vinnu eftir óhóf jólanna, það þarf að semja við bankana um jólainnkaupin, glíma við tóma buddu og heil eilífð virðist vera þar til sumarfríið verður tekið út.

Haft er eftir Daily Mail að í skoðanakönnun bresku ráðningarstofunnar Office Angels hafi þrír fjórðu hlutar hins stritandi almúga nefnt 3. janúar sem „dómsdag" í dagbókum sínum. Þar liggja að baki samverkandi þættir eins og fjárhagsáhyggjur, ofþreyta og útblásinn kroppur eftir ofát jólahátíðarinnar. Og eins og það sé ekki næg áþján er tilhugsun um margra mánaða vist í líkamsræktinni til að endurheimta fyrra líkamsform harla slæm, auk þess sem sumarleyfið virðist svo órafjarlægt í vetrarmyrkrinu.

Þessar staðreyndir má setja upp í eftirfarandi jöfnu: tóm budda x þrír mánuðir af sólarleysi x ofneysla áfengis + aukið mittismál = erfiðasti dagur ársins 2006.

En framkvæmdastjórinn Paul Jacobs segir ýmsar leiðir til að losna við vonleysi og depurð. Hann leggur til að fólk snúi sér af fullum krafti að nýjum verkefnum og skyldum, sem hjálpi fólki að dreifa huganum.

„Einblínið frekar á ferskt upphaf og það hvað þið viljið að hafi áunnist um næstu áramót," segir hann í Daily Mail.



**ERFIÐUR HVUNNDAGUR** Óhóf jólanna kemur okkur í koll þegar hátíðahöldunum linnir. Við getum þó andað léttar því strembnasti dagur ársins var 3. janúar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



# ÚTSALA

HEFST Á MORGUN

GK REYKJAVÍK

Laugavegur 66, 101 Reykjavík.











**AXL ROSE** Forsprakki Guns N' Roses hefur margoft frestað útgáfu nýrrar plötu með hljómsveitinni.

# Ný plata í mars?

Orðrómur er uppi um að langþráð plata hljómsveitarinnar Guns N´ Roses, Chinese Democracy, komi út í mars á þessu ári.

Engin yfirlýsing hefur verið gefin út opinberlega þess efnis. Axl Rose, söngvari sveitarinnar, hefur frestað plötunni hvað eftir annað þrátt fyrir ýmis loforð og því ber að taka þessum orðrómi með miklum fyrirvara. Síðasta plata Guns N´ Roses með frumsömdu efni kom út árið 1991. ■






# Hélt með norninni

**[ UMFJÖLLUN ]**
**KVIKMYNDIR**

Fyrsta bókin um Narníu: Ljónið, nornin og skápurinn er nú komin á hvíta tjaldið, þökk sé Andrew Adamsson sem komst á kvikmyndakortið með Skrekk 2. Eins og flestir ættu að vita er þetta ævintýrabók eftir rithöfundinn C.S. Lewis sem hafði brennandi áhuga á goðafræði, sérstaklega norrænni, var prófessor við Cambridge háskólann og auk þess besti vinur J.R.R. Tolkiens. Narníu-bækurnar sex voru eins konar epísk ferð höfundarins, andleg leit sem byggir mjög stíft á kristnum táknum og sögum. Þar sem ég eyddi æskuárunum í úthverfi Lundúna fékk ég Narníu-bækurnar í æð jafnt og Hobbitt og Hringadróttinssögu, og var mjög spennt að sjá hana öðlast líf á stóra tjaldinu. Ég varð síður en svo fyrir vonbrigðum með Tolkien-heim Peters Jackson og sýnishornin úr Narníu lofuðu svo sannarlega góðu. En um leið og ég sá börnin fjögur í útgáfu Adamssons fékk ég hroll. Þau voru einhvern veginn svo ótrúlega pirrandi við fyrstu kynni að ég var í vandræðum með að horfa á þau það sem eftir var myndarinnar. Elstu börnin, Pétur og Súsanna voru einstaklega afleit og voru stirðbusalega leikin. Játvarður, sá sem svíkur systkini sín - svona eins konar Júdas-karakter sögunnar og virkilega vondur í fyrstu bókinni - er bara fúll og leiðinlegur skólastrákur í þessu tilfelli. Sú skásta í hópnum er yngsta systirin Lucy, leikin af Georginu Henley, sem var krúttleg og sú eina sem sannfærði mig í hlutverki sínu.

Það er eitthvað mjög afkáralegt við byrjun myndarinnar, og það tekur Adamsson óratíma að koma börnunum inn í skápinn og yfir til Narníu. Þar fara þó hlutirnir að skána, og maður getur haft gaman af ægifögru umhverfi og fallegum myndatökum. Það var samt eitthvað sem ég kaupi ekki við talandi dýr í myndum. Einhvern veginn er ég ginnkeyptari fyrir álfum, dvergum og forynjum eins og í Hringadróttinssögu Peters Jackson heldur en fyrir afar raunverulegum ref, bjórum og úlfum sem láta gamminn geysa. Þetta er afspyrnu vel gert, en það gerir myndina strax eitthvað óskaplega Disney-lega og barnalega. Þetta er auðvitað atriði sem leikstjórinn getur lítið við ráðið ef hann vill vera bókinni trúr og bendir frekar á hversu undarleg saga Lewis er í raun og veru. Það verður eitthvað verulega ósannfærandi við sögu þar sem úir og grúir af svo ólíkum verum - allt frá kentári til jólasveins: en þessa ofgnótt af táknum gagnrýndi J.R.R. Tolkien einmitt á sínum tíma.

Það eina sem virkilega hreif mig í myndinni var túlkun Tildu Swinton á vondu norninni Jadis. Swinton er bæði frábær leikkona og einstaklega glæsileg, konungleg og í senn furðuleg í útliti og hentaði hlutverkinu fullkomlega. Það var hrein unun að sjá hana arka um í tignarlegum, frábærlega hönnuðum búningum og öskra á hinn leiðinlega Játvarð umkringd talandi og urrandi úlfum. Hún er hinn fullkomni holdgervingur hins vonda - sem táknar um leið nasistana sem hröktu börnin með sprengjuárásum sínum frá heimilinu í Lundúnum. Fyrsta sena Swinton, þar sem Hvíta Nornin platar Játvarð til að fyrir systkini sín í stað sætinda er sú besta í myndinni. Atriðin þar sem Aslan deyr og endurfæðist og lokabardaginn um Narníu eru vissulega falleg og ekkert hægt að setja út á framsetningu Adamssons sem hefur greinilega lært mikið af Hringadróttinssögu Peter Jacksons. Tæknibrellur eru allar mjög góðar og myndin er mikið fyrir augað. Mér fannst bara krakkarnir svo óþolandi að ég hélt með norninni. Og svo fór leikstjórinn alveg með mig í lok myndarinnar þegar börnin eru sýnd fullorðin á þeysireið um sléttur Narníu. Þau voru klædd í fáránlega miðaldabúninga og Pétur var kominn með sítt hár, fjöður og skegg. Þetta var eins og atriði úr Monty Python and the Holy Grail, nema það átti ekki að vera fyndið. Þetta var álíka vandræðalegt og söngur Aragorns (Viggo Mortensen) í síðustu Hringadróttinsmyndinni. En jæja. Ég get þó sagt með sanni að börnin mín nutu myndarinnar í alla staði, enda ekkert betra fyrir smáfólk en hressandi barátta milli góðs og ills. En fullorðnir C.S. Lewis aðdáendur: þið megið alveg sleppa þessari bíóferð.

**Anna Margrét Björnsson**


**NARNIA**
**LEIKSTJÓRI:** ANDREW ADAMSSON
**AÐALHLUTVERK:** GEORGIE HENLEY, SKANDAR KEYNES, WILLIAM MOSELEY
**NIÐURSTAÐA** Hressandi barátta milli góðs og ills fyrir börnin. Fullorðnir aðdáendur C.S. Lewis mega hins vegar alveg sleppa þessari bíóferð.

# Prinsessan fór inn um bakdyrnar

Alexandra prinsessa fékk ekki að ganga inn um aðaldyr Amalienborgarhallar þegar hún mætti í nýársboð dönsku konungshjónanna í fyrradag. Þess í stað fór hún inn um bakdyrnar ásamt öðrum gestum. Konungshjónin ásamt sonum sínum gengu hins vegar eftir rauðum dregli að aðalinnganginum. Hingað til hefur Alexandra fylgt þeim þá leið. Staða hennar innan fjölskyldunnar er hins vegar breytt eftir skilnaðinn við Jóakim prins.

Flestir æðstu embættismenn landsins voru mættir í boðið ásamt nokkrum góðborgurum á borð við skipakónginn Mærsk Mc-Kinney Møller.

Boðið var upp á fasanasúpu í forrétt og hörpuskel og dúfubringu með trufflu- og kastaníuhnetusósu í aðalrétt. Vínið kom frá vínekrum Hinriks prins í Frakklandi. Lífvarðasveit hirðarinnar sá um tónlistina í boðinu.

**- ks**


**ALEXANDRA** fyrrum danaprinsessa meðan allt lék í lyndi. Nú færi hún hinsvegar bara að ganga inn um bakdyrnar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Brad Pitt og kærasta hans Angelina Jolie, eru að hugleiða að kaupa sér villu í Frakklandi og flytjast alfarið þangað. Hafa þau nú þegar komið auga á fasteign sem myndi henta. Er það 127 ára gömul villa sem var eitt sinn í eigu tískuhönnuðarins Yves Saint-Laurent. Vill parið feta í fótspor Johnny Depp og konu hans Vanessu Paradis sem eru alfarið flutt á meginland Evrópu. Lúxusvillan sem þau eru að spá í að kaupa heitir Chateu Gabriel og státar af 9. svefnherbergjum.



Heróínhausinn Pete Doherty fór á stórkostlegt fyllerí um áramótin vegna þess að hann sá myndir af fyrrverandi kærustu sinni, Kate Moss, þar sem hún er að kyssa tvítugan dreng að nafni Jamie. Á Pete að hafa gengið gjörsamlega af göflunum og farið gjörsamlega yfir um á drykkjunni, jafnvel miðað við hans viðmið. Eins og alþjóð veit lét Kate Pete róa á dögunum eftir stormasamt samband sem einkenndist af dópi og drykkju.




**THE WHITE STRIPES** Annar helmingur rokkdúettsins The White Stripes er nýtt andlit Marc Jakobs.

# Meg White í tískubransann

Meg White, annar helmingur rokkdúettsins The White Stripes sem hélt eftirminnilega tónleika í Höllinni á síðasta ári, verður næsta andlit bandaríska tískuhönnuðarins Marc Jakobs.

Myndir fyrir auglýsingaherferð hönnuðarins vegna nýrrar fatalínu hafa þegar verið teknar. Jakobs hefur áður unnið með þekktum nöfnum úr tónlistarheiminum á borð við Sonic Youth og Stephen Malkmus, fyrrum forsprakka Pavement. ■

Gleðilegt ár!













### ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| RUMOR HAS IT | KL. 3.45-5.50-8-10.10 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 4-5-7-8-10 | |
| CRONICLES OF NARNIA VIP | KL. 4-7-10 | |
| KING KONG | KL. 6-8-10.10 | B.I. 12 |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 5 | B.I. 10 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4 | |

### KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 8 | |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 8 | |
| SAW 2 | KL. 10 | B.I. 16 |

### AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| RUMOR HAS IT | KL. 6-8-10.30 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5-8 | |
| KING KONG | KL. 10 | B.I. 12 |

### KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5-8-10.30 | |
| DOMINO | FORSÝNING KL. 8 | B.I. 16 |
| KING KONG | KL. 5.40-9 | B.I. 12 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 6 | |

SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI 587 8900 KRINGLAN 588 0800 AKUREYRI 461 4666 KEFLAVÍK 421 1170

### HÁSKÓLABÍÓ

| | | |
|---|---|---|
| RUMOR HAS IT | KL. 6-8-10.05 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5-8-10.45 | |
| KING KONG | KL. 5-9 | B.I. 12 |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 5-8-10.45 | B.I. 10 |

Háskólabíó


## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikarinn góðkunni **Matthew McConaughey** lenti í hremmingum fyrir nokkrum dögum þegar hann var staddur á Costa Rica í fríi með kærustu sinni, Penelope Cruz. Var hann á brimbretti sínu þegar hann missti jafnvægið og féll í sjóinn. Vildi ekki betur til en svo að leikarinn viðbeinsbrotnaði við



fallið. Það er þó erfitt að vorkenna kappanum þegar hann hefur Penelope Cruz til þess að hugga sig.

**Paris Hilton** er í verulega vondum málum. Ástæðan er sú að nú hefur komið í ljós að hún bjó til sögu um vinkonu fyrrverandi kærasta síns þar sem hún átti að hafa lent í slagsmálum við



Hilton á skemmtistað. Lak Hilton síðan sögunni í slúðurblöðin. Hefur vinkonan, fyrirsætan Zeta Graff, kært hótelerfingjann Hilton og krefst um 10 milljóna dollara í skaðabætur fyrir að Hilton hafi skaðað orðspor sitt varanlega. „Ungfrú Hilton mun nú læra verðmæta lexíu um hvað gerist þegar reynt er að flekka mannorð annarra að tilefnislausu," segir í tilkynningu frá lögfræðingum Graffs.

Leikkonurnar í þáttaröðinni um Aðþrengdar eiginkonur hafa verið valdar tískudrottningar ársins 2005 í nýrri sjónvarpskönnun sem gerð var í Bandaríkjunum. Þær Teri Hatcher, **Eva**



**Longoria**, Marcia Cross og Felicity Huffman höfðu betur en helstu keppinautar þeirra. Af öðrum á listanum má nefna Charlize Theron sem lenti í öðru sæti, Jessicu Simpson sem hreppti þriðja sæti og Angelinu Jolie sem lenti í því fjórða.


# Útsalan er hafin!

25% 30% 40% 50% 60%

## Allt að 70% afsláttur!

heimilistæki • hársnyrtitæki • ljósaseríur • pottar • pönnur
baðvogir • eldhúsvogir • rafmagnsverkfæri • handverkfæri
ljósaseríur • borðbúnaður • eldhúsáhöld • hitabrúsar
eldföst mót • vasar • ljósaseríur • gjafavara

**Vörur á útsölu í öllum deildum.**
**Rýmum fyrir nýjum vörum, seljum yfirlagera og útlitsgallaðar vörur.**

byggtogbúið
Smáralind 554 7760
Kringlunni 568 9400

**Útsölubúðin þín!**



## Meistaramörk eða tölt?

Mistök urðu við vinnslu á DVD-diski FH-inga, Meistaramörk 2005, en á nokkrum seldum diskum er þáttur um Ístölt. Vakti töltið víst litla hrifningu stuðningsmanna FH sem geta skilað töltspólunni og fengið mörkin í staðinn.

# sport

sport@frettabladid.is

GUÐJÓN SKÚLASON: LANDSLIÐSÞJÁLFARI KVENNA Í KÖRFUBOLTA

# *Guðjón kominn á ról á nýjan leik*



Gamla körfuknattleikskempan Guðjón Skúlason er byrjaður að leika með Keflavík á nýjan leik en hann hætti að spila körfubolta eftir síðasta leik í úrslitakeppninni vorið 2003. „Það vantar menn og mér finnst ég geta hjálpað til. Ég er í ágætu líkamlegu formi og meðan svo er statt fyrir mér þá finnst mér sjálfsagt að spila með.“

Guðjón hefur um árabil verið einn sigursælasti leikmaður íslensks körfubolta en hann hefur allan sinn feril leikið með Keflavík, fyrir utan eitt keppnistímabil þegar hann lék með Grindvíkingum. Guðjón mun áfram sinna stöðu sem aðstoðarþjálfari Sigurðar Ingimundarsonar. „Ég hef spriklað með allt tímabilið og smám saman komist í gott form. Það vantar leikmenn í hópinn hjá okkur og mér finnst eðlilegt að ég bjóði fram krafta mína fyrst ég hef heilsu til. Ég verð nú líklega ekki að skora 20 stig í leik en svo lengi sem ég hjálpa eitthvað til þá er ég til í að spila með.“

Gengi Keflvíkinga hefur verið frekar sveiflukennt í vetur en Guðjón reiknar með því að Keflavík rétti úr kútnum seinni parts móts. „Ég er þokkalega sáttur við hvernig okkur hefur gengið í vetur en ég er viss um að við munum ná fram okkar besta seinni part móts. Við höfum iðulega náð að toppa á réttum tíma og ég held að það muni gerast í vor. Það hefur truflað stundum fyrri part móts að vera í Evrópukeppninni en okkur hefur yfirleitt gengið vel seinni part móts. Við þurfum að slípa okkur aðeins betur saman þá hef ég fulla trú á því að vel muni ganga.“

## > Við finnum til með...

... handknattleiksmanninum Baldvini Þorsteinssyni sem neyddist til þess að draga sig út úr íslenska landsliðshópnum í handbolta vegna veikinda. Vonandi verður hann kominn á fulla ferð sem fyrst. Svo er spurning hvað verður með Jaliesky Garcia en hans ástand verður metið um helgina. Ef hann gengur úr skaftinu verður áhugavert að sjá hver kemur i staðinn.



# Gunnar Heiðar ætti að vera áfram hjá Halmstad

**Þjálfari Halmstad segir að best sé fyrir sóknarmanninn Gunnar Heiðar Þorvaldsson að spila áfram í Skandinavíu í 1-2 ár til viðbótar. Forseti félagsins segir allt benda til þess að Eyjamaðurinn sé ekki á förum frá félaginu.**

**FÓTBOLTI** Ian Andersson, þjálfari Halmstad í Svíþjóð, telur að best sé fyrir Gunnar Heiðar Þorvaldsson að leika áfram með félaginu í að minnsta kosti eitt ár til viðbótar. Andersson kveðst hafa mikla trú á að Gunnar Heiðar geti spjarað sig vel í sterkari deildum Evrópu en segir jafnframt að það sé skref sem hann megi ekki taka of fljótt.

„Hann hefur aðeins spilað á Íslandi og eitt ár í Svíþjóð og í atvinnumennsku verða leikmenn að fara varlega. Það gerist svo oft að leikmenn fara frá Norðurlöndunum til stærra félags þar sem þeir fá síðan ekki að spila neitt. Að því leyti tel ég að Gunnar Heiðar ætti að vera áfram í Svíþjóð og þá vonandi með Halmstad,“ sagði Andersson við Fréttablaðið í gær, en fullyrt hefur verið að meistaralið Djurgarden sé eitt af þeim fjölmörgu liðum sem líti hýru auga til Gunnars Heiðars sem annars koma frá Englandi, Frakklandi, Þýskalandi og Spáni.



JAN ANDERSSEN



**HEITUR** Gunnar Heiðar Þorvaldsson er sagður mjög eftirsóttur en hins vegar hefur forráðamönnum Halmstad aðeins borist eitt formlegt tilboð í hann enn sem komið er. Hér sést hann í landsleik Íslands og Króatíu í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Andersson segir hugsanlega sölu á Gunnari Heiðari ekki vera í sínum höndum en sem þjálfari vilji hann að sjálfsögðu ekki missa sinn helsta sóknarmann. „Ég vill ég ekki missa minn helsta markaskorara. Að sjálfsögðu ekki,“ segir Andersson. „En ég skil samt ef félagið telur sér hag í því að selja hann. Þetta eru náttúrulega bara viðskipti á endanum.“

Bengt Sjöholm, forseti Halmstad, sér um öll leikmannamál hjá félaginu og hann sagði við Fréttablaðið í gær að eins og staðan væri í dag væri Gunnar Heiðar líklega ekki á förum frá félaginu. „Við höfum aðeins fengið eitt formlegt tilboð í Gunnar Heiðar frá frönsku neðri deildar félagi sem var „hlægilegt“ og langt frá því að vera ásættanlegt,“ sagði Sjöholm. Sænska dagblaðið Aftonbladet segist í grein um Gunnar Heiðar, sem birtist í gær, hafa heimildir fyrir því að Halmstad vilji fá 80 milljónir fyrir sóknarmanninn. Sjöholm segir það ekki rétt en vill þó ekki segja hver verðmiðinn á Gunnari Heiðar sé.

„Hann er góður leikmaður og ef við viljum halda stalli okkar í sænsku úrvalsdeildinni verðum við að halda okkar bestu leikmönnum. Þetta snýst ekki bara um peninga. Ef við eigum að selja hann verður tilboðið að vera gott,“ segir Sjöhjolm.

„Halmstad er knattspyrnufélag og við spilum ekki knattspyrnu með peningum. Við þurfum á góðum leikmönnum að halda og þess vegna erum við ekkert æstir í að selja Gunnar Heiðar. Að því leyti tel ég líklegast að hann verði áfram hjá Halmstad.“

vignir@frettabladid.is



**JOSE MOURINHO** Mourinho vonast til þess að landar sínir standi sig vel gegn Liverpool. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Jose Mourinho:

## Benfica getur lagt Liverpool

**HANDBOLTI** Portúgalinn Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, hefur fulla trú á því að portúgalska liðið Benfica geti slegið Liverpool út úr Meistaradeild Evrópu en liðin mætast í sextán liða úrslitum keppninnar.

Mourinho var til skamms tíma knattspyrnustjóri Benfica en hann færði sig fljótlega til Porto þar sem hann náði frábærum árangri. „Benfica er með sterkan leikmannahóp og ég hef fulla trú á því að liðið nái góðum árangri í keppninni. Til þess að vinna Liverpool þarf að spila með höfðinu en ekki bara hjartanu. Vörn Liverpool er afar sterk og það þarf þolinmæði til þess að skora mörk á móti liðinu.“ - mh

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

2 3 4 **5** 6 7 8

**Fimmtudagur**

### LEIKIR

- 19.15 **Skallagrímur** og **Njarðvík** mætast í Iceland-Express deild karla í körfubolta í Borgarnesi.
- 19.15 **Haukar** og **Grindavík** mætast í Iceland-Express deild karla í körfubolta á Ásvöllum.
- 19.15 **Hamar/Selfoss** og **Snæfell** mætast í Iceland-Express deild karla í körfubolta í Iðu.
- 19.15 **Þór Ak.** og **Höttur** mætast í Iceland-Express deild karla í körfubolta á Akureyri.
- 19.15 **Keflavík** og **ÍR** mætast í Iceland-Express deild karla í körfubolta í Keflavík.
- 19.15 **KR** og **Fjölnir** mætast í Iceland-Express deild karla í körfubolta í Frostaskjóli.

### SJÓNVARP

- 18.00 **Íþróttaspjallið** á Sýn.
- 18.12 **Sportið** á Sýn.
- 20.00 **USA PGA Tour** á Sýn.
- 21.00 **NFL-tilþrif** á Sýn.

Undirbúningur íslenska landsliðsins í handknattleik karla fyrir EM í Sviss:

# Landsliðið kemur saman í dag

**HANDBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í handknattleik kemur saman í dag og hefst þá formlega undirbúningur liðsins fyrir Evrópukeppnina sem fram fer í Sviss.

Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari segist finna fyrir miklum spenningi og tilhlökkun fyrir mótinu. „Það kominn mikill spenningur í mannskapinn. Það virðist vera mikill áhugi fyrir mótinu erlendis. Ég mun fyrst og fremst leggja áherslu á að efla samæfingu liðsins og viðhalda líkamlegu formi leikmanna á þessum undirbúningstíma.“

Jalesky Garcia, leikmaður Göppingen í Þýskalandi, mun koma til landsins á laugardaginn og fara í læknisskoðun hjá læknum landsliðsins.



JAN ANDERSSEN

Viggó hefur mikla trú á liði sínu en telur Dani og Króata líklega til afreka í Sviss. „Króatar eru með virkilega sterkt lið og Danir einnig. En ég tel okkur vera með sterkt lið sem getur staðið sig vel gegn hvaða liði sem er. Dagsformið mun skipta miklu máli þegar á hólminn er komið og við ætlum okkur stóra hluti á mótinu,“ segir Viggó.

Landsliðið mun æfa í Hafnarfirði en fyrsta æfing liðsins er á Ásvöllum klukkan fjögur í dag. - mh



**TIGER WOODS** Er sagður vera búinn að ná toppnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Tiger Woods:

## Nær aldrei Nicklaus

**GOLF** Helsti golfspekingur breska ríkisútvarpsins, Peter Allis, hefur ekki mikla trú á því að Tiger Woods slái met Jack Nicklaus en hann vann átján stórmót á ferli sínum.

Woods hefur unnið tíu stórmót á ferli sínum, þrátt fyrir að vera aðeins þrítugur að aldri sem er tiltölulega lítið miðað við kylfing í fremstu röð. „Woods hefur gríðarlega mikla hæfileika en það eru margir góðir kylfingar sem hafa sýnt mikinn stöðugleika að undanförnu. Ég reikna ekki með því að Woods nái metinu hans Nicklaus. Nicklaus varð betri með aldrinum en ég held að Woods sé búinn að ná toppnum.“ - mh

Souness vill kaupa:

## Anelka vill til Englands á ný

**FÓTBOLTI** GRAEME SOUNESS, KNATTSPYRNUSTJÓRI NEWCASTLE, VONAST TIL ÞESS AÐ GETA BÆTT VIÐ SIG FRAMHERJA NÚNA Í JANÚAR EFTIR AÐ ENSKI LANDSLIÐSFRAMHERJINN MICHAEL OWEN MEIDDIST ILLA.

NICOLAS ANELKA HEFUR VERIÐ ORÐAÐUR VIÐ NEWCASTLE OG HEFUR SJÁLFUR MIKINN ÁHUGA Á ÞVÍ AÐ SNÚA AFTUR TIL ENGLANDS EN HANN LEIKUR NÚ MEÐ FENERBAHCE Í TYRKLANDI. „ÞAÐ HEILLAR MIG AÐ SNÚA AFTUR Í ENSKU KNATTSPYRNUNA. ÞAÐ VORU VONBRIGÐI AÐ KOMAST EKKI ÁFRAM Í MEISTARADEILDINNI MEÐ FENERBAHCE. VONANDI FER ÉG AFTUR TIL STÓRLIÐS Á ENGLANDI.“ - mh

Paulo Di Canio:

## Hættur með nasistakveðjur

**FÓTBOLTI** ÍTALSKI SÓKNARMAÐURINN PAULO DI CANIO HJÁ LAZIO HEFUR LOFAÐ AÐ HÆTTA NASISTAKVEÐJUNUM SEM HANN HEFUR VERIÐ SVO HARKALEGA GAGNRÝNDUR FYRIR Á UNDANFÖRNUM VIKUM. DI CANIO HEFUR HLOTIÐ LEIKBANN OG FJÁRSEKTIR FYRIR AÐ HEILSA STUÐNINGSMÖNNUM AÐ SIÐ NASISTA, MEÐ BEINA HENDI UPPRÉTTA.

„ÉG HEF NOTAÐ TÍMANN YFIR JÓLIN TIL AÐ HUGSA MINN GANG OG ÉG HEF ÁKVEÐIÐ AÐ TAKA HAGSMUNI LAZIO FRAM YFIR MÍNA EIGIN. ÉG MUN FORÐAST AÐ SÆRA BLYGÐUNARKENND FÓLKS Á OPINBERUM VETTVANGI,“ SAGÐI DI CANIO Í GÆR. - vig

# 100% ÖRYGGI

## EF HÚN ER EKKI INNI FÆRÐU HANA FRÍA*




*EF MYNDIN DEUCE BIGALOW EUROPEAN GIGOLO ER EKKI INNI ÞÁ FÆRÐU HANA FRÍA TIL ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING NÆST ÞEGAR ÞÚ KEMUR GEGN FRAMVÍSUN "100%" KORTS. GILDIR Í EINN MÁNUÐ FRÁ AUGLÝSINGU OG AÐEINS Á ÞEIM SÖLUSTAÐ ÞAR SEM MYNDIN VAR EKKI INNI.

VIDEOHÖLLIN
*Á þínu bandi*

BÓNUSVÍDEÓ
*Leigan í þínu hverfi*

# Fékk þriggja leikja bann

AJ Moye, leikmaður Keflavíkur, hefur verið dæmdur í þriggja leikja bann fyrir olnbogaskot í leik gegn Njarðvík. Aðstoðarþjálfaranum finnst dómurinn harður.

**KÖRFUBOLTI** AJ Moye, leikmaður Keflavíkur í Iceland Express-deild karla, var í gær dæmdur í þriggja leikjakeppnisbann fyrir olnbogaskot sem hann veitti Jeb Ivey, leikmanni Njarðvíkur, í leik liðanna þann 30. desember síðastliðinn.

Guðjón Skúlason, leikmaður og aðstoðarþjálfari Keflavíkur, telur dóm aganefndar verða harðan. „Ég er hissa á þessari niðurstöðu. Það er verið að gefa fordæmi með þessum dómi. Það er oft erfitt að meta það hvort um viljaverk er að ræða þegar svona á sér stað. Persónulega held ég að þetta hafi ekki verið viljaverk hjá Moye. Það eru margir pústrar í hverjum einasta leik sem þarf að meta og það er erfitt fyrir dómara að taka á atvikum eins og þeim sem komu upp gegn Njarðvík. Allir þeir sem spila körfubolta vita að óviljandi olnbogaskot eru afar algeng og ef það ætti að refsa fyrir þau öll með leikbönnum, þá væru leikmenn nú meira eða minna í leikbanni allt árið.“



**VERKNAÐURINN** AJ Moye veitir Jeb Ivey olnbogaskot í leik Keflavíkur og Njarðvíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Ágúst Jóhannesson, formaður aganefndar KKÍ, segir nefndina hafa kynnt sér málsatvik vel. „Við teljum þriggja leikja bann vera hæfilega refsingu. Við reynum ávallt að gæta samræmis í okkar dómum og að vel athuguðu máli fannst okkur eðlilegt að dæma leikmanninn í þriggja leikja bann. Það sem vó þungt í málinu er það að olnbogaskotið á sér stað þegar boltinn er ekki í leik. Við skoðum myndbandsupptökur af atvikinu, staðfestingu dómara leiksins að þeir hafa ekki séð atvikið og svo fengum við einnig nokkuð ítarlega greinargerð frá hinum kærða. Við tökum ekki afstöðu til þess hvort um viljaverk var að ræða, heldur fyrst og fremst ljótt brot sem okkur fannst eðlilegt að taka á með þeim hætti sem við gerðum.“

Moye mun missa af bikarleik gegn Tindastóli og tveimur deildarleikjum, gegn Hetti og Hamar/Selfoss. **magnush@frettabladid.is**



**HARALDUR FREYR GUÐMUNDSSON** Haraldur lék vel með Aalesund á síðasta tímabili.

Haraldur Guðmundsson:

## Verður líklega um kyrrt

**FÓTBOLTI** Haraldur Freyr Guðmundsson, landsliðsmaður í knattspyrnu, segist ekki vera á förum frá norska félaginu Aalesund en úkraínska félagið Shaktar Donetsk bauð 1,5 milljónir norskra króna í Harald fyrir skömmu en Aalesund hafnaði kauptilboðinu.

„Tilboðinu var hafnað strax. Ég hef ekkert verið að hugsa mér til hreyfings en ég hef þó heyrt af áhuga liða hér í Noregi. En undirbúningstímabilið er í fullum gangi núna þannig að ég er fyrst og fremst að einbeita mér að því þessa stundina. Það verður bara að koma í ljós hvort ég verð hér áfram eða ekki.“ **- mh**

Emmanuel Olisadebe:

## Farinn til Portsmouth

**FÓTBOLTI** Pólski landsliðsframherjinn Emmanuel Olisadebe hefur gengið í raðir Portsmouth frá gríska félaginu Panathinaikos.

Pólverjinn, sem er fæddur í Nígeríu, var hjá félaginu til reynslu á dögunum. Honum gekk ekki sérstaklega vel en fékk þrátt fyrir það samning.

Jose Mourinho um Maniche, nýjasta liðsmann Chelsea:

## Leikmaðurinn sem vantaði

**FÓTBOLTI** Portúgalski miðjumaðurinn Maniche er síðasta stykkið sem vantaði í púsluspil miðjunnar hjá Chelsea, að sögn Jose Mourinho stjóra liðsins en leikmaðurinn hefur náð samkomulagi við Chelsea og verður keyptur á fimm milljónir punda.

„Nú er ég með Makelele, Lampard, Essien, hinn unga Diarra og með fjölbreytileika Joe Cole og Eiðs Smára Guðjohnsen er Maniche síðasti leikmaðurinn sem ég þurfti til að ná stöðugleika á miðsvæðið,“ segir Mourinho.



**MANICHE** á leið til Chelsea.



**MARK** Leikmenn Spurs fagna hér marki Midos í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Enska úrvalsdeildin:

## Spurs sigraði Man. City

**FÓTBOLTI** Einn leikur fór fram í ensku úrvalsdeildinni í gær þegar Tottenham lagði Man. City, 2-0

Egyptinn Mido kom Spurs yfir eftir mistök í vörn City og Keane bætti við góðu marki í síðari hálfleik. Sigur Spurs var mjög sanngjarn enda liðið sterkara allan leikinn.

### ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Iceland Express-deild kvk:*

| | |
|---|---|
| KR-BREIÐABLIK | 57-64 |
| ÍS-KEFLAVÍK | 65-83 |

*Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| MAN.CITY-TOTTENHAM | 0-2 |

0-1 Mido (31.), 0-2 Robbie Keane (83.)

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **CHELSEA** | **21** | **19** | **1** | **1** | **46-10** | **58** |
| MAN. UNITED | 21 | 13 | 6 | 2 | 40-17 | 45 |
| **LIVERPOOL** | **19** | **12** | **5** | **2** | **28-11** | **41** |
| TOTTENHAM | 21 | 11 | 7 | 3 | 31-18 | 40 |
| **ARSENAL** | **20** | **10** | **4** | **6** | **27-15** | **34** |
| WIGAN | 21 | 11 | 1 | 9 | 25-26 | 34 |
| **BOLTON** | **19** | **9** | **5** | **5** | **25-20** | **32** |
| BLACKBURN | 20 | 9 | 3 | 8 | 26-25 | 30 |
| **MAN. CITY** | **21** | **8** | **4** | **9** | **27-24** | **28** |
| WEST HAM | 21 | 7 | 5 | 9 | 27-30 | 26 |
| **NEWCASTLE** | **20** | **7** | **5** | **8** | **20-23** | **26** |

Útsalan hefst í dag kl. 10
20-50% afsláttur
útsala
Eurosko Kringlan
568 6211
EURO SKO
*TILBOÐ GILDA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Landsliðið í handbolta verður fyrir enn einu áfallinu:

# Baldvin dregur sig út úr hópnum

**HANDBOLTI** Baldvin Þorsteinsson, hornamaðurinn knái úr Val, hefur neyðst til að draga sig úr íslenska landsliðshópnum sem fer á EM í Sviss vegna veikinda. Baldvin hefur greinst með einkirningssótt og þarf að taka sér frí frá æfingum í að minnsta kosti tvær til fjórar vikur.

Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari hefur þegar valið Fylkismanninn Heimi Örn Árnason í hópinn í stað Baldvins en hann hefur leikið mjög vel með Árbæjarliðinu í vetur og hefur verið einn besti leikmaður Íslandsmótsins.

„Baldvin hefur verið slappur í mjög langan tíma og við vissum það þegar hann var valinn upphaflega. Hann hélt að hann væri að hressast en svo kemur í ljós að hann er með þennan alvarlega vírus,“ segir Viggó.

Fjarvera Baldvins hefur það í för með sér að Guðjón Valur Sigurðsson er eini náttúrulegi vinstri hornamaðurinn í hópnum og fari svo að Jaliesky Garcia verði ekki orðinn leikfær fyrir mótið er fyrirhugað að Guðjón Valur muni spila nokkuð í skyttustöðunni. „Það er augljóst að það borgar sig ekki að vera valinn í vinstra hornið,“ sagði Viggó í léttum túr í gær. Sigurður Eggertsson, Arnór Atlason og jafnvel Snorri Steinn Guðjónsson eru allt leikmenn sem geta leyst stöðu vinstri hornamanns. „Hornið er ekki þeirra staða en þetta er viðunandi mannskapur og vel það. Viggó vill ekki útiloka þann möguleika að velja Loga Geirsson fari svo að Garcia verði ekki með en hann er á 24 manna lista sem HSÍ skilaði til mótstjórnar EM og kemur því til greina. „En hann má ekki byrja að æfa aftur fyrr en 16. janúar svo að það er hæpið.“ - vig



**HEIMIR ÖRN ÁRNASON** Er á leið á EM í Sviss.



**MILAN BAROS** Hefur spilað vel að undanförnu.

Milan Baros:

## Ég er að komast í gott form

**FÓTBOLTI** Milan Baros, tékkneski framherjinn sem fór til Aston Villa frá Liverpool í sumar, segist óðum vera að nálgast sitt besta form eftir erfiða byrjun á tímabilinu. Baros átti við ökklameiðsli að stríða í haust en hefur í síðustu leikjum náð vel saman við Juan Pablo Angel í framlínunni.

„Þetta var ekki auðvelt fyrir mig í upphafi því maður vill sanna sig hið fyrsta þegar komið er til nýs félags. Það gerði ég ekki og ég var ekki ánægður með formið sem ég var í. En nú líður mér vel og ég held að það sjáist í leikjum.“ - vig



**JERMAIN DEFOE** Defoe byrjaði leiktímabilið vel en hefur ekki fundið sig nógu vel að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Martin Jol:

## Defoe verður í landsliðinu

**FÓTBOLTI** Martin Jol, knattspyrnustjóri Tottenham, er viss um að framherji liðsins Jermain Defoe muni komast í enska landsliðshópinn fyrir heimsmeistaramótið í Þýskalandi en hann hefur að undanförnu þurft að sætta sig við að sitja á varamannabekknum hjá Tottenham.

Jol vonast til þess að Defoe sýni sitt rétt andlit í næstu leikjum. „Defoe er frábær leikmaður sem hefur verið í svolítilli lægð að undanförnu. Hann hefur hins vegar staðið sig vel á æfingum og á eflaust eftir að tryggja sér sæti í landsliðshópnum fyrir HM í Þýskalandi.“ - mh

Michael Essien:

## Fer ekki á Afríkumótið

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, segir að Michael Essien muni ekki fara á Afríkumót landsliða síðar í mánuðinum eins og til stóð vegna meiðslanna sem hann hlaut í leiknum gegn West Ham um helgina.

„Essien fer ekki. Hann þarf á meðferð að halda og fyrst svo er þá er betra fyrir hann að vera hjá okkur en ekki í Egyptalandi,“ segir Mourinho en Essien verður frá keppni í að minnsta kosti mánuð. - vig



## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Look, Chalmers, let's understand each other... I don't like you.“**

**Svar:** Bullitt úr kvikmyndinni Bullitt frá árinu 1968.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** TÓMAS ODDUR HRAFNSSON **HORFÐI Á FYRRI HLUTA LOKAÞÁTTAR CSI**

## *Tarantino er einfaldlega snillingur*



Á nokkurra áratuga fresti koma fram í sviðsljósið listamenn sem breyta því umhverfi sem þeir starfa í til hins betra um alla framtíð. Svona menn eru ekki auðfundnir. Hægt er að nefna örfáa einstaklinga á seinustu öld sem hafa breytt ásýnd sinnar listgreinar með verkum sínum. Hér má til dæmis nefna Pablo Picasso sem ögraði hinum viðteknu venjum í myndlist og John Lennon sem hafði víðtæk áhrif á tónlistarmenn um allan heim. Á undanförnum árum hefur það orðið æ greinilegra að Quentin Tarantino er einn af þessum listamönnum. Þetta eru menn sem ég vil öðru nafni kalla snillinga. Það kom snemma í ljós að drengurinn var efnilegur eftir að fyrsta mynd hans, Reservoir Dogs, kom út.

Hann hefur síðan haldið dampi öll þessi ár með myndum sem ég þarf ekki að nefna þar sem allir kannast við verk kappans. Ég sjálfur hef verið aðdáandi allt frá því að fyrsta mynd hans kom út og að mínu mati hefur hann bara farið batnandi með árunum. Það kætti mig því alveg óskaplega þegar ég komst að því að hann hefði tekið að sér að leikstýra og skrifa handritið að tveimur seinustu þáttunum af C.S.I. sem sýndir eru á Skjá Einum. Ég beið því í mikilli eftirvæntingu allan desembermánuð og á mánudaginn kom loks að því að þátturinn yrði sýndur. Ég get svo sannarlega sagt ykkur að ég varð ekki fyrir vonbrigðum. Það er alveg merkilegt hvernig Tarantino náði sífellt að halda manni í þvílíkri spennu út allan þáttinn. Þegar to be continued birtist síðan á skjánum undir lokin fannst mér eins og þátturinn hefði bara staðið í tíu mínútur, slík var spennan. Ég bíð svo sannarlega spenntur eftir seinni hlutanum, enda er það ekki á hverjum degi sem hreinræktaðir snillingar af guðs náð leikstýra sjónvarpsþáttum.



▶ 22.25 *Drama*

FÉLAGAR



▶ 22.15 *Spenna*

INSPECTOR LYNLEY MYSTERIES



▶ 22.15 *Heimildarmynd*

CAPTURING THE FRIEDMANS



▶ 22.50 *Lífsstíll*

SEX INSPECTORS



▶ 22.00 *Íþróttir*

RACE OF CHAMPIONS

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30 Latibær** Textað á síðu 888 í Textavarpi. e.
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.25 Nýgræðingar (91:93)** (Scrubs)
**20.50 Svona var það** (That 70's Show)
**21.15 Launráð** (Alias IV)
**22.00 Tíufréttir**
▶ **22.25 Félagar (1:3)** (The Rotters' Club) Breskur myndaflokkur um þrjá vini sem vaxa úr grasi í Birmingham á áttunda áratugnum. Leikstjóri er Tony Smith og meðal leikenda eru Geoff Breton, Kevin Doyle, Rebecca Front, Alice O'Connell, James Daffern og Nicholas Shaw. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20** Aðþrengdar eiginkonur (20:23) **0.05** Kastljós **0.55** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Alf **11.35** Whose Line is it Anyway **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.55** Í fínu formi 2005 **13.10** Two and a Half Men **13.35** New Homes from Hell **14.25** The Block 2 **15.10** David Blaine **16.00** Jimmy Neutron **16.25** Með afa **17.20** Barney **17.45** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons (15:22)**
**20.00 Meistarinn** Meistarinn er nýr íslenskur spurningaþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar sem reynir á þekkingu, kænsku og heppni keppenda.
**20.50 Detective** (Rannsóknarlögreglan) Framhaldsmynd mánaðarins er spány sakamálamynd í tveimur hlutum byggð á sögu eftir Arthur Hailey. Í Bönnuð börnum.
▶ **22.15 Inspector Lynley Mysteries (3:8)** (Lynley lögregluvarðstjóri) Breskir sakamálaþættir eins og þeir gerast bestir, í anda Morse og Taggart. Með hlutverk fara Nathaniel Parker og Sharon Smalls en þessir vinsælu sakamálaþættir eru upphaflega byggðir á glæpasögum eftir Elizabeth George. Bönnuð börnum.

**23.05** Six Feet Under **23.55** Rejseholdet (e) (Bönnuð börnum) **1.10** Rejseholdet (e) (Bönnuð börnum) **2.30** Webs (Bönnuð börnum) **3.55** Third Watch (e) **4.40** Inspector Lynley Mysteries **5.25** Fréttir og Ísland í dag **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**18.55 Fashion Television (10:34)**
**19.20 Ástarfleyið (11:11)**
**20.00 Friends 6 (2:24)** (Vinir)
**20.30 Sirkus RVK (10:30)** Sirkus Rvk er nýr þáttur í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar, þar sem hann tekur púlsinn á öllu því heitasta sem er að gerast.
**21.00 Smallville (4:22)** (Devoted)
**21.45 Girls Next Door (10:15)**
▶ **22.15 Capturing the Friedmans** Sláandi heimildarmynd um fjölskyldu sem virðist á yfirborðinu vera ofurvenjuleg en liðast í sundur þegar faðirinn er kærður ásamt yngsta syni sínum fyrir að hafa misnotað börn sem komu á heimili þeirra til að læra á tölvur.

**0.00** Friends 6 (2:24) (e) **0.25** The Newlyweds (24:30)

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers – 9. þáttaröð **18.20** Queer Eye for the Straight Guy (e)

**19.20 Fasteignasjónvarpið**
**19.30 Complete Savages (e)**
**20.00 Family Guy**
**20.30 Malcolm In the Middle**
**21.00 Will & Grace**
**21.30 The King of Queens**
**22.00 House** House og læknagengið hans reyna að finna út úr því hvað veldur heila- og nýrnaskaða hjá þunguðum konum.
▶ **22.50 Sex Inspectors** Kynlífssérfræðingarnir Tracey Cox og Michael Alveir greiða úr kynlífsvanda para í þáttunum The Sex Inspectors. Þau greina ástarlíf fólksins og reyna að einangra vandamálið.

**23.35** Jay Leno **0.20** Jamie Oliver's School Dinners (e) **1.10** Cheers – 9. þáttaröð (e) **1.35** Fasteignasjónvarpið (e) **1.45** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Stump the Schwab** (Veistu svarið?)
**19.00 X-Games 2005** (X-Games 2005 – þáttur 8)
**20.00 US PGA 2005 – Inside the PGA Tour**
**20.30 Preview Show 2006**
**21.00 NFL-tilþrif** .
**21.30 Fifth Gear**
▶ **22.00 Race of Champions – 2005 Highlights** Fremstu ökuþórar heims mættu hver öðrum í Race of Champions. Ökumennirnir eru þekktar stjörnur úr Formúlunni, ralli og NASCAR en á meðal keppenda voru David Coulthard, Sebastien Loeb, Colin McRace, Jeff Gordon og Marcus Grönholm.
**22.55 Bandaríska mótaröðin í golfi**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**8.00** Grease **10.00** Life or Something Like It **12.00** 50 First Dates **14.00** Frank McKlusky, C.I. **16.00** Grease **18.00** Life or Something Like It **20.00 50 First Dates** Aðalhlutverk: Drew Barrymore, Adam Sandler og Rob Schneider. **22.00 The Recruit** Aðalhlutverk: Al Pacino, Colin Farrell, Bridget Moynahan og Gabriel Macht. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Unfaithful (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** The Ring (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** The Recruit (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Celebrity Soup **14.00** High Price of Fame **15.00** High Price of Fame **16.00** What Hollywood Taught Us About Sex **18.00** Rich Kids: Cattle Drive **19.00** E! News **19.30** Girls of the Playboy Mansion **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Craziest TV Moments **22.00** Supermodels Gone Bad **22.30** Party @ the Palms **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** Fashion Police **1.00** Supermodels Gone Bad **1.30** Party @ the Palms **2.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Chelsea – Birmingham frá 31.12 **16.00** Charlton – West Ham frá 31.12 **18.00** Tottenham – Newcastle frá 31.12
**20.00 Að leikslokum** Snorri Már Skúlason fer með stækkunargler á leiki helgarinnar.
**21.00 Bolton – Liverpool frá 2.1** Leikur sem fram fór síðast liðinn mánudag.
**23.00** Man. City – Tottenham frá 4.1 **1.00** Fulham – Sunderland frá 2.1 **3.00** Dagskrárlok


Allir í dans...
kennsla hefst laugardaginn 14. janúar



Innritun í símum 565 4027
og 861 6522 kl. 13-22
Munið afsláttinn fyrir 10 ára og yngri.

Samkvæmisdansar
Barnadansar 5-6 ára
Jazzleikskólinn 3-4 ára
Hjónahópar (hópafsláttur fyrir 6 pör eða fleiri)
Freestyle-Dance 4 Fans
Break
Nýtt Nýtt!
Hjón og pör 6 vikna námskeið. Mæting 2x í viku.
Kennum ma. Salsa, Tjútt og Jive.
17 tíma námskeið. Grímuböll og nemendasýningar.

Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar Haukahrauni 1, Hafnarfirði • www.dih.is • dihdans@simnet.is
ALCAN

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

Meistarinn — Stöð 2 kl. 20.00

## *Sigurvegari í spurningakeppni framhaldsskólanna mætir framhaldskennara*


*Logi Bergmann er stjórnandi þáttarins*

Meistarinn er nýr alíslenskur spurningaþáttur sem hóf göngu sína annan í jólum og fór vel af stað. Þátturinn hefur þegar vakið mikið umtal í fjölmiðlum enda eiga eftir að etja þar kappi margir af helstu spurningahaukum þjóðarinnar og því verður skorið úr um hver sé í raun og veru Íslandsmeistari í spurningakeppnum, hinn eini og sanni meistari. Í fyrstu viðureigninni lagði Inga Þóra Ingvadóttir sagnfræðingur Þorvald Þorvaldsson smið. Í öðrum þættinum sem fram fer í kvöld, eigast við Erlingur Hansson framhaldsskólakennari og Steinþór H. Arnsteinsson, blaðamaður og fyrrverandi sigurvegari í Gettu betur með Borgarholtsskóla. Þá bendum við á að búið er að opna vefsíðu fyrir þáttinn: www.visir.is/meistarinn. Þar er hægt að nálgast allar upplýsingar um keppnina og keppendur, sem og frekari deili á þeim.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Glópagull og gisnir skógar **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag e.

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.30** Fréttayfirlit **9.05** Laufskálinn **9.50** Leikfimi **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit **12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir og augl. **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Fréttir **18.24** Augl. **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfr. og augl. **19.00** Vitinn **19.27** Vínartónleikar **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsleikhúsið: Einhver í dyrunum **23.10** Hlaupanótan

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **22.30**
*Fréttir*

HRAFNAÞING/MIKLABRAUT

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegi-fréttaviðtal **13.00** Íþróttir/lífsstíll **13.10** Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi

**18.00** Kvöldfréttir/Fréttayfirlit/Ítarlegar veðurfréttir/Íþróttafréttir/Kvöldfréttir NFS/Ísland í dag/Yfirlit frétta og verðurs.
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Fréttaljós**
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **60 Minutes** Framúrskarandi fréttaþáttur sem vitnað er í.
**22.00** **Fréttir**
▶ **22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Fréttayfirlit/Ítarlegar veðurfréttir/Íþróttafréttir/Kvöldfréttir NFS/Ísland í dag/Yfirlit frétta og verðurs. **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.30** Tennis: ATP Tournament Doha Qatar **14.15** Alpine Skiing: World Cup Zagreb Croatia **15.15** Biathlon: World Cup Oberhof Germany **16.15** Biathlon: World Cup Oberhof Germany **18.00** Ski Jumping: World Cup Bischofshofen **19.30** Alpine Skiing: World Cup Zagreb Croatia **20.00** Boxing: IBF World Title Leipzig **21.30** Rally: Rally Raid Dakar **22.00** Ski Jumping: World Cup Bischofshofen **23.30** Rally: Rally Raid Dakar **0.00** Olympic Games: Olympic Magazine

**BBC PRIME**

**12.00** Porridge **12.30** Butterflies **13.00** Monarch of the Glen **14.00** Balamory **14.20** Andy Pandy **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** S Club 7: Viva S Club **16.00** Cash in the Attic **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** As Time Goes By **19.30** 2 point 4 Children **20.00** Top of the Pops **20.35** Cutting It **21.30** Strictly Ice Dancing **22.30** The Office Specials **23.15** The Office Specials **0.05** Michael Palin's Hemingway Adventure **1.00** State of the Planet **2.00** Discovering Science

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Demolition Squad **12.30** Demolition Squad **13.00** Demolition Squad **13.30** Demolition Squad **14.00** Demolition Squad **14.30** Demolition Squad **15.00** Megastructures **16.00** Megastructures **17.00** Megastructures **18.00** Storm Stories **18.30** Storm Stories **19.00** Hunter Hunted **20.00** Megastructures **21.00** Eruption At Pinatubo **22.00** The Super Twisters **23.00** Seconds from Disaster **0.00** Eruption At Pinatubo **1.00** The Super Twisters

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** Wild Indonesia **15.00** Animal Precinct **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Weird Nature **19.30** Big Cat Diary **20.00** The Chimps **21.00** Animal Cops Detroit **22.00** Weird Nature **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** The Chimps **2.00** The Snake Buster

**CARTOON NETWORK**

**12.00** Cow and Chicken **12.30** Sheep in the Big City **13.00** Dexter's Laboratory **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Pet Alien **14.30** Ed, Edd n Eddy **15.00** Megas XLR **15.30** Battle B-Daman **16.00** Sabrina, The Animated Series **16.30** Atomic Betty **17.00** Codename: Kids Next Door **17.30** Foster's Home for Imaginary Friends **18.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **18.30** Charlie Brown Specials **19.00** What's New Scooby-Doo? **19.30** Tom and Jerry **20.00** The Flintstones **20.30** Looney Tunes **21.00** Dastardly & Muttley in Their Flying Machines **21.30** Scooby-Doo **22.00** Tom and Jerry **23.00** Dexter's Laboratory **23.30** The Powerpuff Girls **0.00** Johnny Bravo **0.30** Ed, Edd n Eddy **1.00** Skipper & Skeeto **2.00** Spaced Out


ÚTSALA
15-50% afsláttur
Allar vörur í verslun á útsölu
opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 sunnudaga 13-16







mira art
HÚSGÖGN

BÆJARLIND 6
201 KÓPAVOGI
SÍMI 554 6300



KORTER.IS



## HRÓSIÐ...

*...fær Ólafur Sigurðsson fréttamaður sem hefur sest í helgan stein eftir langan og farsælan feril hjá RÚV.*

## AÐ MÍNU SKAPI BRYNJA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR DAGSKRÁRGERÐARKONA Á SIRKUS

# *Mugison, New York og partílífið í 101*



**TÓNLIST** Ég er kannski voðalega eftir á, en ég er komin með algjört æði fyrir Mugison eftir að hafa séð nýju myndina hans Baltasars: „A Little Trip To Heaven“. Mér finnst þetta æðisleg tónlist sem hann býr til. Annars hlusta ég alltaf mikið á hiphop og R&B. Það sem flestir myndu flokka sem djammtónlist.

**BÓK** Ég var að ljúka við Djöflatertuna eftir þær Mörtu Maríu Jónasdóttur og Þóru Sigurðardóttir. Það þótti mér æðislega skemmtileg lesning. Svo er ég að byrja á Roklandi eftir Hallgrím Helgason og líst bara vel á, enn sem komið er.

**BORG** Sú borg sem stendur hjarta mínu alltaf næst er New York, en þegar mig langar til að líða vel er nóg fyrir mig að láta hugann reika til Manhattan. New York er besta borg í heimi og manni getur ómögulega leiðst þar. Ég fíla stemninguna, matinn, þá fjölþjóðlegu menningu sem ríkir í þessum alheims suðupotti og síðast en ekki síst er hægt að versla endalaust í New York.

**BÍÓMYND** Ég sá nýlega listaverk í Regnboganum, sem var himnaferð Baltasars Kormáks: A Little Trip To Heaven. Þessi bíómynd fannst mér snilldarvel útfærð, sagan er góð og lúkkið á myndinni flott. Held að allir geti verið sammála um að þetta sé besta mynd Baltasars til þessa.

**BÚÐ** Rokk og rósir er skemmtilegasta viðbótin í flóru tískuverslana í Reykjavík um þessar mundir. Þar er hægt að finna geðveik föt.

**VERKEFNI** Það sem er á döfinni er auðvitað að fylgja eftir nýja sjónvarpsþættinum mínum, „Party 101“, almennilega úr hlaði, en fyrsti þátturinn úr seríunni verður frumsýndur á sjónvarpsstöðinni Sirkus þann 18. janúar. Í þættinum verður að finna skemmtilega umfjöllun um einstakt skemmtanalífið í Reykjavík, og sem ég vona að falla muni landsmönnum vel í geð.



**LÁRÉTT**
**2** stórt spendýr **6** í röð **8** spíra **9** vandlega **11** skóli **12** teygjudýr **14** helgimyndir **16** utan **17** runa **18** hafði sæti **20** klukkan **21** þriggja manna hljómsveit.

**LÓÐRÉTT**
**1** hvetja **3** hætta **4** dagatöl **5** draup **7** námskeið **10** rúm ábreiða **13** al **15** tigna **16** kærleikur **19** golf áhald.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** hval, **6** rs, **8** ála, **9** vél, **11** mk, **12** amaba, **14** íkona, **16** án, **17** röð, **18** sat, **20** kl, **21** tríó. **LÓÐRÉTT: 1** örva, **3** vá, **4** almanök, **5** lak, **7** seminar, **10** lak, **13** bor, **15** aðla, **16** ást, **19** tí.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

1. Björk Vilhelmsdóttir.
2. Guðjón Valur Sigurðsson handb.
3. Vestur-Virginíu








MEÐ DÍSILVÉL OG TEKUR SEX FARÞEGA.

OG VODAFONE: KAUPIR BRESKAN LEIGUBÍL

# Lundúnataxar beygja betur

Ásamt hinum rauðu tveggja hæða strætóum er ekkert jafn einkennandi fyrir Lundúnaborg og hinir svörtu leigubílar, að minnsta kosti ekkert sem getur tekið farþega um borð. Tveir rauðir strætóar hafa verið fluttir hingað til lands og er annar þeirra notaður til að ferja túrista (líklega suma komna frá London) á sumrin, en hinn er í eigu símafyrirtækisins Og Vodafone. Nú hefur Vodafone bætt um betur og einnig flutt inn breskan leigubíl.

„Þetta var fyrst og fremst hugsað sem ágætis umhverfisauglýsing,“ segir Björn Víglundsson, framkvæmdastjóri markaðssviðs Og Vodafone. „Við eigum eina rútu sem við notum sem stórt auglýsingaskilti og færanlega verslun ef það er einhver uppákoma. Við könnuðum möguleikann á því að kaupa leigubíl, og komumst að því að það var hægt að fá einn með stýrið réttum megin, en bílarnir eru einnig í notkun í Norður-Ameríku og Þýskalandi. Rútan var 25 ára gömul þegar við keyptum hana og hafði verið notuð til farþegaflutninga í London, en bíllinn er beint úr kassanum.“

Fyrirtækið LTI (London Taxis International) rekur sögu sína aftur til ársins 1919, en árið 1948 hófst framleiðsla á sem brátt urðu þekktir um allan heim sem eitt af einkennum London, enda voru bílarnir í fyrstu notaðir í London þó að smám saman hafi þeir dreifst um allar Bretlandseyjar og víðar. Árið 2002 kom nýjasta gerðin af leigubílnum á markað, sem nefnist TXII, en það er einmitt þessi tegund sem nú hefur ratað til Íslands. En hver eru helstu einkenni bílsins?

„Hann er með dísilvél og hefur ótrúlega langan notkunartíma. Það er fátt í honum sem getur bilað nema ljósaperurnar. Hann getur tekið sex farþega, eða tveimur fleiri en aðrir leigubílar af venjulegri stærð. Bíllinn er mjög rúmgóður og farþeginn getur tekið allan sinn farangur með sér inn í bílinn án þess að þurfa að notast við skottið. Svo er rampur fyrir hjólastóla og sjálfvirk barnalæsing.“

Bíllinn er þó ekki ódýr.

„Hann er á verði lúxusjeppa. Hann kom til landsins milli jóla og nýárs, og mun fara í almennan rekstur í byrjun febrúar þegar leigubílstjóri mun leigja bílinn. Þetta verður þá eini leigubíllinn í bænum sem mun einnig selja frelsiskort, þannig að fólk getur fyllt á símann í leiðinni.“

Ætlunin með bifreiðakaupunum er einnig að kynna nýja þjónustu, enda hefur bíllinn númeraplöturnar Live.

„Þjónustan nefnist Vodafone live, og er það sem við köllum „virðisaukandi þjónustu“. Þú getur fengið mörkin niðurhlaðin beint í símann, eða fréttir frá NFS og Vísi, þú getur keypt hringitóna og leiki, fengið upplýsingar um hlutabréfin þín eða gengi gjaldmiðla. Nýju Og Vodafone Live símarnir eru þó ekkert dýrari en þeir gömlu, þar sem við getum nú keypt þá beint frá fyrirtækinu á afar hagstæðum kjörum,“ segir framkvæmdastjóri markaðssviðsins. ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Dómur Björns Inga Hrafnssonar um áramótaskaupið er í frekar „pólitískum“ anda. Hann segist ekki hafa verið sáttur með skaupið en geri sér grein fyrir því, líkt og í pólitíkinni, að einhverjir séu honum ósammála. „Mér fannst skaupið í heildina ekki nógu gott enda þótt í því hafi verið nokkur óborganleg atriði,“ skrifar frambjóðandinn á heimasíðu sinni. Hann lætur þess einnig getið að einhverjir stjórnmálamenn hafi ekki verið á sama máli en frambjóðandinn ætti nú að vera vanur því. Björn Ingi hefur þó ekki misst trúna á Áramótaskaupið heldur skrifar: „Ég verð samt fyrir framan skjáinn á næsta ári límdur við tækið ásamt fjölskyldunni og horfi í skaupið.“



Össur Skarphéðinsson fór á Bessastaði á nýársdag, eins og flestir alþingismenn, og lýsir á nokkuð skondinn hátt þegar hann hitti Guðna Ágústsson landbúnaðarráðherra en hann hafði fyrr um daginn verið sæmdur stórriddarakrossi. „Ég var ekki með gleraugun á nefinu en sá að það glitraði á eitthvað sem minnti á jólaskraut á bringunni á landbúnaðarráðherranum. Mér datt fyrst í hug að Guðni hefði að sveitasið faðmað frú Dorrit svo fast að einhvert djásnið hefði krækst í boðunginn á honum,“ skrifar Össur og heldur síðan áfram. „Ég fagnaði Guðna kollega vel en hann var þá eldrauður í framan og kom varla upp orði. Það hýrnaði yfir mér. Ég hélt að menn væru loksins farnir að veita sterkt í glösin á Bessó. En nýja árið byrjaði ekki svo vel.“ Össur lýsir því síðan þegar hann tekur eftir að það er stórriddarakrossinn sem hefur verið strengdur um hálsinn á Guðna. „Eins og band sem er reyrt yfir heypoka,“ skrifar Össur. „Hann hékk framan á honum niðurúr bláu reipi sem Ólafur Ragnar hafði - vonandi í ógáti - reyrt svo vandlega um háls ráðherrans í serimóníu fyrr um daginn að Guðni gat varla andað.“








# Óvíst um framtíð Drekktu betur

Óvíst er um framhald Spurningakeppni Grand Rokks, eða Drekktu betur eins og hún er stundum kölluð. Síðustu tvö og hálft ár hefur keppnin verið haldin á Grand Rokki á Smiðjustíg, en hinn 12. janúar skiptir staðurinn um eigendur og teflir það framtíð keppninnar í tvísýnu. „Við kennum spurningakeppnina við Grand Rokk og ég veit ekki hvað verður þegar staðurinn skiptir um eigendur,“ segir Kristinn Kristjánsson, kennari og einn skipuleggjenda keppninnar. „Margir áhugamenn um keppnina hafa komið að máli við mig vegna þessa og ég heyri að menn eru uggandi.“

Spurningakeppni Grand Rokks hefur verið haldin í rúm 130 skipti og notið vinsælda frá upphafi. Margir þátttakenda mæta á hverjum föstudegi og oft eru þjóðþekktir menn í hlutverki spyrils. Nú er svo komið að síðustu fjórar keppnir verða taldar niður næstu föstudaga. Auk Kristins hafa Davíð Þór Jónsson þýðandi, Jón Proppé heimspekingur og Freyr Eyjólfsson útvarpsmaður haft veg og vanda af umsjón keppninnar, en sá síðastnefndi setti hana á laggirnar á sínum tíma. „Við munum því sjá um þessar keppnir sem eftir eru,“ segir Kristinn. „Ég spyr á föstudaginn, þá Davíð, svo Jón og Freyr rekur lestina.“

Kristinn er hins vegar bjartsýnn á að Drekktu betur eigi sér framtíð. „Ég vona vitaskuld að keppnin muni halda áfram. Ef svo verður leiðir tíminn í ljós hvort það verði á sama stað eða í nýjum húsakynnum.“ - bs


KRISTINN KRISTJÁNSSON Segir framtíð keppninnar óvissa en er bjartsýnn á að hún geti haldið áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# 10 daga útsalan!

## 5.janúar til 15.janúar

**30%** afsl.

- af völdum vörum -

LLOYD ara PETER KAISER ecco Mary B ZINDA

STEINAR WAAGE

SKÓVERSLUN

KRINGLAN - SMÁRALIND



# 10 daga útsalan!

## 5.janúar til 15.janúar

**30%** afsl.

- af völdum vörum -

ecco

Kringlan - Laugavegi 38 - Smáralind

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



BAKÞANKAR
JÓNS GNARR

# Verndum bernskuna

Okkur sem erum foreldrar ber að vernda börnin okkar. Við þurfum að vernda þau fyrir öllu sem við óttumst að gæti skaðað þau. Að vernda krefst tíma og athygli.

**TÖLVULEIKIR,** bíómyndir og rokktónlist skaða ekki börn. Lélegt uppeldi gerir það. Sumt fólk nennir ekki að ala upp börnin sín og vonar að skólinn geri það eða félagar barnanna eða börnin sjálf. Foreldrar eru helstu fyrirmyndir barna sinna. Ef foreldrarnir hanga á börum allar helgar fara krakkarnir fljótt að gera eitthvað svipað.

**MARGIR** þora ekki að setja börnum sínum mörk. Of mikil eftirgjöf gerir börnin frek og stjórnlaus og býr til tæfur og tudda framtíðarinnar. Við sjáum það greinilega í þáttunum um Super Nanny. Hún hjálpar foreldrum að takast á við freka krakka. Og það fyrsta sem hún gerir er að byrja á að setja krökkunum mörk.

**FÓLK** er með móral og samviskubit út af alls konar hlutum; að hafa ekki alltaf gert rétt, að hafa ekki alltaf verið til staðar eða hafa gert eitthvað rangt. Fjölskylduráðgjafar reyna yfirleitt að einbeita sér að foreldrunum. Þeir vita sem er að ef foreldrarnir lagast, lagast börnin í kjölfarið.

**AÐ** vera uppalandi krefst þess að þurfa að taka óvinsælar ákvarðanir. Uppalandi þarf að banna. Hann þarf að geta verið strangur. Hann þarf að hafa vit fyrir. Og hann þarf að skammast. Og hann þarf að vera vakandi. Hann þarf að vera þessi „leiðinlegi“ sem bendir á það sem allir eru að reyna að horfa framhjá.

**TÍÐARANDINN** krefst þess að allt sé skemmtilegt. Allt sem er leiðinlegt er out. En það er ekki alltaf skemmtilegt að vera uppalandi. Eitthvað það leiðinlegasta sem ég sé er þegar athyglissjúkt fólk er að draga börnin sín í fjölmiðla til að vekja athygli á sjálfu sér. Mér finnst að það ætti að banna það. Mér finnst það siðlaust. Hvað ætli mörg börn hafi þjáðst fyrir athyglissýki og heimsku foreldra sinna og ábyrgðarleysi fjölmiðla?

**FORELDRAR** eiga að standa vörð um börnin sín en jafnframt að kenna þeim að axla ábyrgð þannig að þau geti vaxið og þroskast upp í að vera ábyrgir fullorðnir einstaklingar. Margt fullorðið fólk líður fyrir það að hafa ekki fengið uppeldi. Sannur kærleikur er ekki alltaf tóm gleði. ■

GSM HEIMASÍMI INTERNET SJÓNVARP



„Áður en við vissum af vorum við búin að spara 36.822 kr.“

**Verulegur sparnaður**
Frá því í apríl sl. hafa Valdimar og fjölskylda hans sparað **36.822 kr**. með því að vera í Og1, heildarþjónustu Og Vodafone. Með Og1 lækka þau símakostnað heimilisins umtalsvert og geta leyft sér að nota sparnaðinn í eitthvað skemmtilegt.

**Það er ekkert mál að skrá sig í Og1.**
Heimili sem eru með allt hjá Og Vodafone, GSM áskrift, Heimasíma og Internet, geta skráð sig í Og1.

**Hringdu í 1414 strax í dag, skráðu þig í Og1 og byrjaðu að spara með hverju símtali.**

Og1

**Í dag eru yfir 10.000 heimili skráð í Og1 og þeim fjölgar hratt.**

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

og vodafone
Heyrumst!



Opin íbúðalán

Láttu bankana ekki binda hendur þínar

**Njóttu frelsis í viðskiptum**
– kynntu þér opin íbúðalán SPRON á www.spron.is.

spron